# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

53. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 3. MARS 2017




Heilbrigðiseftirlitin á höfuðborgarsvæðinu lýsa áhyggjum af glæfraakstri innan vatnsverndarsvæðis. Jeppi valt ofan í læk þannig að olía lak í Elliðavatn. Sjá síðu 6 MYND/HEILBRIGÐISEFTIRLIT REYKJAVÍKUR.

## Keypti gjaldeyri fyrir milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn hefur að undanförnu reynt að stemma stigu við gengishækkunum og aukið gjaldeyriskaup sín. Þrátt fyrir að bankinn hafi keypt gjaldeyri fyrir 29,3 milljarða í febrúar styrktist gengi krónunnar gagnvart evru um 10 prósent í mánuðinum.

Til samanburðar keypti Seðlabankinn gjaldeyri fyrir aðeins um fimm milljarða í janúar. Upphæðin samsvarar því að bankinn hafi keypt gjaldeyri fyrir meira en 1,5 milljarða á dag að jafnaði í nýliðnum mánuði. Gengi Bandaríkjadals er nú komið niður fyrir 108 krónur og hefur krónan ekki verið sterkari gagnvart dal frá því í október 2008. Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði, segir að fyrir hinn almenna borgara sé þróun gjaldmiðilsins hið besta mál. – jhh / sjá síðu 4

» Seðlabankinn keypti gjaldeyri fyrir 29,3 milljarða í febrúar.

# Segja boðskap Útvarps Sögu og Omega hatur

**Nefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi segir efni Omega og Útvarps Sögu hatursorðræðu. Ummæli Íslendinga á netinu, þingmanns Sjálfstæðisflokks og borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina eru gagnrýnd í nýrri skýrslu.**

**SAMFÉLAG** Nefnd Evrópuráðsins gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi (ECRI) hefur áhyggjur af efni sjónvarpsstöðvarinnar Omega og útvarpsstöðvarinnar Útvarps Sögu. Þetta kemur fram í fimmtu skýrslu nefndarinnar um Ísland.

„ECRI tekur eftir því að einkarekna sjónvarpsstöðin Omega, sem nefnd er í fjórðu skýrslunni, heldur áfram að gefa sig að hatursorðræðu gegn múslimum,“ segir í skýrslunni. Þá segir einnig að ECRI sé kunnugt um Útvarp Sögu sem dreifi hatursorðræðu sem beint sé að innflytjendum, múslimum og hinsegin fólki.

Nefndin hefur einnig áhyggjur af orðræðu Íslendinga á netinu. Þá segir að internetið hafi verið notað til þess að tjá fjandsamlegt viðhorf til hinsegin fólks. „Má nefna sem dæmi viðbrögð við fréttatilkynningu Hafnarfjarðarbæjar í apríl 2015 um þá ákvörðun að hefja „hinsegin fræðslu“ í skólum bæjarins.“

ECRI segir enn fremur að sveitarstjórnarkosningarnar í júní 2014 hafi einkennst af æstri orðræðu gegn múslimum. Gagnrýnir nefndin þar lista Framsóknar og flugvallarvina sérstaklega. „Framsóknarflokkurinn gerði andstöðu við moskuna og múslima almennt að sínu helsta baráttumáli og fulltrúi flokksins í borgarstjóraembætti Reykjavíkur tilkynnti að hún myndi afturkalla ákvörðunina um að úthluta landi undir byggingu moskunnar,“ segir í skýrslunni.

Nefndin gagnrýnir Ásmund Friðriksson, þingmann Sjálfstæðisflokksins. „Í janúar 2015 spurði þingmaður Sjálfstæðisflokksins á Facebook-síðu sinni hvort Íslendingar væru óhultir fyrir hryðjuverkum og vildi láta gera bakgrunnsrannsókn á þeim 1.500 múslimum sem búa á Íslandi til þess að komast að því hvort þeir hefðu sótt æfingabúðir hryðjuverkamanna.“ Eru þessi ummæli kölluð umburðarlaus og fordómafull. – þea

## Fréttablaðið í dag





**SKOÐUN** Bergur Ebbi skrifar um Ananaskisma. 15

**SPORT** Aníta Hinriksdóttir keppir á EM í frjálsum innanhúss í Belgrad í dag. 20

**MENNING** Einar Falur Ingólfsson og Sigtryggur Bjarni Baldursson opna á morgun einkasýningar í Ketilhúsi á Akureyri. 28

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● FYRSTA HEIMILIÐ


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Veður breytist lítið og verður áfram bjart og fallegt í flestum landshlutum í dag. Norðausturhornið sker sig dálítið úr, því þar má reikna með éljum þótt almennt sé um þokkalegt veður að ræða á þeim slóðum. SJÁ SÍÐU 26




**François Fillon forsetaframbjóðandi.** NORDICPHOTOS/AFP

# Húsleit inni á heimili Fillon

**FRAKKLAND** Lögreglan í París gerði í gær rassíu inni á heimili François Fillon, forsetaframbjóðanda franskra Repúblikana. Frá þessu greindi Le Parisien og hafði eftir nafnlausum heimildarmönnum.

Húsleitin er liður í rannsókn lögreglu en Fillon er grunaður um að hafa greitt konu sinni og börnum laun úr ríkissjóði fyrir störf sem aldrei voru innt af hendi. Átti kona hans, Penelope, að hafa verið aðstoðarmaður og börnin lögfræðingar. Le Canard Enchainé hefur greint frá því að hún hafi þegið nærri hundrað milljónir króna yfir nokkurra ára tímabil.

Fillon hefur hins vegar neitað sök og ætlar að halda forsetaframboði sínu til streitu. Á miðvikudag sagðist frambjóðandinn fórnarlamb pólitískrar morðtilraunar.

Fylgi hans hefur dalað talsvert í kjölfar ásakananna. Mælist hann nú með 21 prósents fylgi. Emmanuel Macron mælist með 24 prósent og Marine Le Pen 25 prósent samkvæmt nýrri könnun PrésiTrack Opinionway og ORPI. **– þea**

# Bjarkarhlíð opnuð



**Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, var opnuð á Bústaðavegi í Reykjavík í gær. Hér taka Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra, Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, við bjarkarhríslum frá Rögnu Björgu Guðbrandsdóttur, verkefnastjóra Bjarkarhlíðar. Umhverfis húsið standa fjölmargar bjarkir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Lífsýni tengja manninn beint við Birnu

**LÖGREGLUMÁL** Lífsýni úr grænlenska skipverjanum sem hefur verið í gæsluvarðhaldi undanfarnar vikur vegna gruns um aðild að dauða Birnu Brjánsdóttur tengja hann beint við Birnu.

Þetta staðfesti Jón H. B. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, í samtali við fréttastofu í gær.

Maðurinn var úrskurðaður í áframhaldandi fjögurra vikna gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmuna sem þýðir að hann er nú undir sterkum grun um að hafa banað Birnu. Maðurinn neitar enn sök hvað það varðar en hefur nú játað aðild sína að vörslu á 23,4 kílóum af hassi sem fundust um borð í togaranum Polar Nanoq. **– gag**

# Erlendar vefsíður selja 66°Norður mjög ódýrt

**Íslenskir neytendur geta mátað úlpur frá útivistarmerkinu 66°Norður í verslunum hérlendis en keypt sömu vöru mun ódýrari af þýskri vefverslun. Formaður Neytendasamtakanna segir um óútskýrðan verðmun að ræða.**

**VIÐSKIPTI** Dæmi eru um að úlpur og annar útivistarfatnaður frá íslenska fatamerkinu 66°Norður fáist mörgum tugum prósenta ódýrari á erlendum netverslunum en í verslunum keðjunnar hér á landi. Íslenskir neytendur geta í einhverjum tilvikum leyft sér að máta fatnaðinn í verslunum hér á landi en farið á netið þegar heim er komið og sparað sér háar fjárhæðir.

Í Fréttablaðinu í gær var fjallað um að íslensk fataverslun væri eina smásöluverslunin sem ekki hefur náð vopnum sínum eftir hrun. Velta fataverslunar dróst saman um tólf prósent í janúar miðað við árið á undan. Þá var rætt við nemendur í Háskólanum í Reykjavík sem allir höfðu sömu sögu að segja. Of dýrt væri að versla hér á landi og þá borgaði sig að kaupa af erlendum vefverslunum eða kaupa mikið magn að utan.

Þýska vefverslunin Bike24 selur vandaðan útivistarfatnað, þar á meðal þó nokkrar flíkur frá 66°Norður. Þrátt fyrir að verslunin taki 15 evrur í sendingargjald, Íslandspóstur rukki 595 krónur við komuna til landsins og lagður sé 24 prósent virðisaukaskattur á vöruna við komuna til landsins, er mun hagstæðara að kaupa fatnaðinn af vefsíðunni.

Fréttablaðið gerði aðrar stikkprufur á íslenskum merkjum sem notið hafa velgengni erlendis en það sama var ekki uppi á teningnum með verðmun miðað við íslenskan markað. Dæmi um vörumerki sem voru skoðuð voru íslensku barnafatamerkin Igló+Indí og As We Grow.

Ólafur Arnarson, formaður Neytendasamtakanna, segir að verðmunurinn komi sér í opna skjöldu. „Þetta er ekki eðlilegur verðmunur. Maður gerir ráð fyrir að vörur séu eitthvað ódýrari þegar þær eru seldar á netinu. Það þarf ekki að vera með útstillingu með sama hætti og netverslun fylgir ekki sami húsnæðis- og launakostnaður. En það á ekki að muna þetta miklu. Þetta er það sem maður kallar óútskýrðan verðmun.“

### Samanburður á verði á Íslandi og í erlendum vefverslunum

■ Verð í verslun 66°Norður ■ Verð í vefverslun með öllum gjöldum

| HEKLA ÚLPA | ÖXI JAKKI | VATNAJÖKULL VESTI |
|---|---|---|
|  |  |  |
| 39.000 kr. / 29.212 kr. | 29.000 kr. / 21.615 kr. | 27.000 kr. / 13.079 kr. |
| 34% ↑ DÝRARI Á ÍSLANDI | 34% ↑ DÝRARI Á ÍSLANDI | 106% ↑ DÝRARI Á ÍSLANDI |
| Virðisaukaskattur er lagður á alla vöru sem pöntuð er að utan, við komuna til landsins, samtals **24% af virði vörunnar**. | Íslandspóstur rukkar **595 krónur** fyrir þjónustu sína ef óskað er eftir rafrænni tilkynningu. | Bike24 rukkar **15 evrur** í sendingarkostnað til Íslands, um **1.700 krónur**. |

Skjáskot tekin af síðu vefverslunar 66°Norður

» Þetta er rosalegt. Það er ekki verið að leyfa íslenskum neytendum að njóta styrkingar krónunnar.

Í Fréttablaðinu í gær sagði Andrés Magnússon, formaður Verslunar og þjónustu, að allar aðstæður séu uppi fyrir hagstæða verslun hér á landi. Hann gæti þó ekki svarað því hvort íslensk verslun sé einfaldlega með of háa álagningu.

„Þetta er rosalegt. Það er ekki verið að leyfa íslenskum neytendum að njóta styrkingar krónunnar. Ef neytendur telja að tilteknar vörur séu óeðlilega dýrar vegna þess að styrking krónunnar hefur ekki verið látin ná í gegn þá vita menn að þeir njóta fullrar styrkingar ef þeir versla við erlendar netverslanir,“ segir Ólafur. **snaeros@frettabladid.is**


# Aðalfundur BÍ 2017

**Fimmtudaginn 6. apríl kl. 20.00 í Síðumúla 23**

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands árið 2017 verður haldinn fimmtudaginn 6. apríl n.k. að Síðumúla 23 3. hæð, 108 Reykjavík þar sem félagið er til húsa og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20.00

**Dagskrá:**
*Venjuleg aðalfundarstörf*
*Skýrslur frá starfsnefndum*
*Kosningar**
*Lagabreytingar*
*Önnur mál*

**BÍ-félagar eru hvattir til að mæta**

*Framboð til formanns BÍ þarf að berast skrifstofu BÍ ekki síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund.

GILDIR 03.03.17 - 06.03.17

# TAX FREE




## AF ÖLLUM VÖRUM
## ALLA HELGINA Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 6 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI

# Yfirlið bætist við óútskýrðar blæðingar úr augum og eyrum

**SAMFÉLAG** Ástand fimmtán ára dalvískrar stúlku, sem glímir við að reglulega blæðir úr augum, nefi og eyrum, auk annarra kvilla, hefur ekki batnað síðustu tvo mánuði. Móðir stúlkunnar er langþreytt á ástandinu.

Sagt var frá máli Heklu Rúnar Árskóg í upphafi þessa árs. Auk blæðinganna fær Hekla tíð uppköst. Þá fylgja talsverðir verkir veikindunum. Lilja Bára Kristjánsdóttir, móðir stúlkunnar, er ráðþrota.

„Þetta hefur versnað ef eitthvað er. Auk blæðinganna líður nú yfir hana minnst annan hvern dag,“ segir Lilja Bára. Hún segir að það gangi hægt að fá aðstoð lækna. „Ég hef beðið nú eftir símtali frá lækni í um tvær vikur eftir að hafa beðið eftir símtali frá öðrum lækni í rúmar þrjár.“

> **Þetta hefur versnað ef eitthvað er. Auk blæðinganna líður nú yfir hana minnst annan hvern dag**
>
> Lilja Bára Kristjánsdóttir



Mál Heklu vakti talsverða athygli þegar sagt var frá því. Lilja segir að margir hafi haft samband við hana vegna málsins en enginn þeirra hafi verið heilbrigðisstarfsmaður. Hún segir að það komi til greina að skoða meðferðir erlendis.

Hún bætir við að hún muni að sjálfsögðu halda áfram að leita lifandi ljósi að lækningu handa dóttur sinni. – jóe



**Mæðgurnar eru ráðþrota yfir veikindum Heklu.**



**Google Assistant er sagt vera fullkomnara en Siri og Cortana.** NORDICPHOTOS/AFP

# Google Assistant í fleiri síma

**TÆKNI** Google Assistant, raddstýrður aðstoðarmaður úr smiðju Google, er nú fáanlegur á fleiri Android-símum. Hingað til hafði forritið eingöngu verið fáanlegt fyrir Pixel-síma Google. Frá þessu greindi Google á dögunum.

Google Assistant svipar til Siri, sem eigendur iPhone-síma þekkja, og Cortönu, sem notendur Windows 10 þekkja. Getur forritið tekið við raddskipunum eða einfaldlega spjallað við notendur ef sá gállinn er á þeim.

Samkvæmt umfjöllun TechCrunch um Google Assistant er forritið fullkomnara en Siri, Cortana og Alexa að því leyti að það á auðveldara með að halda áfram samtali við notandann án þess að ítreka þurfi sömu spurninguna. Samtalið sé sem sagt náttúrulegra og líkara raunverulegu samtali.

Þá getur Google Assistant, líkt og sambærileg forrit, minnt mann á viðburði, tekið myndir, þýtt texta, veitt leiðsögn, kíkt á veðrið og svo framvegis. Hundruð milljóna Android-notenda fá því aðgengi að aðstoðarmanninum nú þegar. Aðgengið er bundið við Marshmallow og Nougat útgáfur Android-stýrikerfisins. – þea

# Styrking krónunnar hið besta mál fyrir almenna borgara

**Krónan hefur ekki verið sterkari gagnvart Bandaríkjadal síðan í október 2008. Atvinnurekendur í ferðaþjónustu hafa áhyggjur en dósent í hagfræði segir ástæðulaust fyrir almenning að leggjast í þunglyndi yfir efnahagshorfum. Munur núna og í síðustu bólu sé að neysla er ekki fjármögnuð með lánum frá útlöndum.**

**EFNAHAGSMÁL** Gengi Bandaríkjadals er komið niður fyrir 108 krónur og hefur krónan ekki verið sterkari gagnvart dal frá því í október 2008. Gengi krónu gagnvart dal var sautján prósentum sterkara í gær en það var fyrir ári. Gengi krónu gagnvart evru er 20 prósentum sterkara en það var fyrir ári.

Aðilar í ferðaþjónustu hafa áhyggjur. „Miðað við þessar síðustu breytingar erum við ekki farin að fá viðbrögð frá viðskiptavinunum sjálfum en við fáum strax frá endursöluaðilum, sem eru ferðaskrifstofur úti um allan heim að selja ferðir til Íslands. Þetta hefur gríðarleg áhrif og er mikið áhyggjuefni,“ segir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forstjóri Grey Line á Íslandi.

Seðlabankinn hefur að undanförnu reynt að stemma stigu við þessari gengishækkun og aukið gjaldeyriskaup sín. En þrátt fyrir að bankinn hafi keypt gjaldeyri fyrir 29,3 milljarða í febrúar, eða um helminginn af heildarveltu á markaði, styrktist gengi krónunnar gagnvart evru um 10 prósent í mánuðinum. Til samanburðar keypti Seðlabankinn gjaldeyri fyrir aðeins um fimm milljarða í janúar.

Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði og fyrrverandi viðskiptaráðherra, segir að fyrir hinn almenna borgara, sem ekki er í útflutningi, sé þróun gjaldmiðilsins hið besta mál. „Þetta er nú ein helsta skýringin fyrir því að verðbólga hefur haldist mjög lág um nokkur misseri þrátt fyrir að innlendur kostnaður hafi hækkað, meðal annars vegna launahækkana. Það kemur fram í kaupmáttaraukningu sem ég reikna með að flestum launþegum þyki hið besta mál,“ segir hann. Gylfi hefur ekki áhyggjur af auknum innflutningi vegna sterkara gengis. „Sá grundvallarmunur er núna og í bólunni 2004-2006 að núna er afgangur á viðskiptajöfnuði og við erum ekki að fjármagna neyslu með lánum beint eða óbeint frá útlöndum þannig að að því leytinu til hringja ekki viðvörunarbjöllur jafn hátt núna og þá,“ segir Gylfi en samkvæmt nýbirtum tölum var afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum 148 milljarðar á síðasta ári á föstu gengi og hefur ekki áður mælst hærri hér á landi. Gylfi segir þó að það geti komið upp vandamál sem útflutningsgreinarnar myndu þá finna fyrst fyrir. Ferðaþjónustan hafi til dæmis átt afskaplega góð ár undanfarið.

Gylfi hefur ágæta tilfinningu fyrir stöðu efnahagsmála. „Það eru engar sérstakar ástæður til þess að leggjast í þunglyndi yfir efnahagshorfum. Við erum ágætlega stödd en hætturnar eru gamalkunnar. Ef við ofkeyrum okkur eitthvað.

Til dæmis ef fjárfestingin í því sem tengist ferðageiranum verði of mikil eða þá að við förum aftur að sjá viðskiptahalla. En ekkert af því virðist þannig að það stefni beinlínis í óefni.

jonhakon@frettabladid.is

## Þróun gjaldmiðla gagnvart krónu




> **Þetta hefur gríðarleg áhrif og er mikið áhyggjuefni.**
>
> Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forstjóri Grey Lina á Íslandi



> **Það kemur fram í kaupmáttaraukningu sem ég reikna með að flestum launþegum þyki hið besta mál.**
>
> Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði






# Dularfullir dauðdagar diplómata

**RÚSSLAND** Sex rússneskir diplómatar hafa látið lífið á skömmum tíma. Samsæriskenningar hafa farið á flug vegna dauðsfallanna en sumir telja ótrúlegt að um tilviljun sé að ræða.

Vitaly Churkin, fastafulltrúi Rússa hjá Sameinuðu þjónuðum, lést í síðustu viku eftir að hafa veikst skyndilega á leið til vinnu. Í upphafi var talið að hann hefði fengið hjartaáfall en krufning leiddi í ljós að dánarorsök var önnur.

Í janúar létust sendiherra Rússlands í Indlandi, konsúllinn í Aþenu og í nóvember lést annar rússneskur erindreki í New York. Allir létust snögglega eftir óvænt veikindi.

Dauðsföll síðustu tveggja erindrekanna voru öllu ofbeldisfyllri. Andrei Karlov, sendiherra Rússlands í Tyrklandi, var skotinn til bana á listasýningu í Ankara 19. desember síðastliðinn. Sama dag var Petr Polshikov, starfsmaður utanríkisþjónustunnar, myrtur í íbúð sinni í Moskvu.

Að lokum má nefna að fyrrverandi yfirmaður í leyniþjónustunni KGB, Oleg Erovinkin, fannst myrtur í skotti bíls síns annan dag jóla. – jóe



**Vitaly Churkin lést í lok febrúar, degi fyrir 65 ára afmælisdag sinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Samsæriskenningar hafa farið á flug vegna dauðsfallanna en sumir telja ótrúlegt að um tilviljun sé að ræða.**




VERÐ FRÁ:
**2.850.000** kr.
Eyðsla frá 3,2 l/100 | $CO_2$ losun frá 84 g/km

**BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU**

Gæði Peugeot 308 heilla þig strax enda var hann valinn bíll ársins í Evrópu. Nútímaleg hönnun hans og útlit fangar athygli þína og við nánari kynni fellur maður kylliflatur fyrir smáatriðunum og notagildinu. Stílhrein og djörf útlitseinkennin, skilvirku vélarnar og framúrskarandi tæknin gera hann að bíl sem uppfyllir allar kröfur þínar og væntingar. Upplifðu Peugeot og þú munt sannfærast um gæði hans.

PEUGEOT 308

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# MedEye inn á sjúkrahús

**NÝSKÖPUN** Mint Solutions og samstarfsaðilar íslensk-hollenska hátæknifyrirtækisins í Evrópu hafa náð samkomulagi um að veita liðlega þrjár milljónir evra, um 340 milljónir íslenskra króna, í innleiðingu lyfjaöryggiskerfisins MedEye á sjúkrahúsum í Bretlandi og hjúkrunar- og dvalarheimilum í Belgíu.

Samkvæmt tilkynningu fyrirtækisins er verkefnið styrkt af nýsköpunarsjóðnum EU Horizon 2020 Fast Track to Innovation og felst meðal annars í ítarlegum rannsóknum á áhrifum MedEye á lyfjaöryggi. Kerfið gerir hjúkrunarfræðingum kleift að skanna öll lyf, hvort sem um er að ræða töflur, sprautur, samsett lyf eða umpökkuð lyf, rétt áður en þau eru gefin sjúklingum og eykur þannig öryggi sjúklinga til muna. – hg

**340** milljónum er varið í innleiðingu lyfjaöryggiskerfisins í Bretlandi og í Belgíu.




VERKFÆRI
LAMPAR
LJÓSAPERUR
LJÓS

Komdu í Rafvörumarkaðinn og gerðu **betri kaup!**

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. **kl. 9–18**
Laugard. **kl. 10–16**
Sunnud. **kl. 12–16**

RAFVÖRUMARKAÐURINN
við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Fylgdu okkur á Facebook


## Kosið á Norður-Írlandi




Íbúi í Brookeborough á Norður-Írlandi gengur inn í grunnskóla bæjarins til þess að greiða atkvæði í þingkosningunum í gær. Úrslit kosninganna lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun. NORDICPHOTOS/AFP

# Ítrekuð óhöpp sem geta ógnað vatnsvernd

**Óhöpp á vatnsverndarsvæðinu í Heiðmörk eru tíð þegar mikill snjór og hálka er á svæðinu. Vanbúnir bílar og ofsaakstur eru meðal ástæðna. Hagsmunirnir sem eru undir eru gríðarlegir. Eftirlitsmaður Veitna taldi ummerki eftir 15 bíla.**

**UMHVERFISMÁL** Heilbrigðiseftirlitin á höfuðborgarsvæðinu fara þess eindregið á leit við fólk að aka ekki um vatnsverndarsvæðið í Heiðmörk í erfiðum vetrarskilyrðum eins og mynduðust eftir snjóaveðrið á sunnudag. Vegirnir eru mjög varasamir enda engin vetrarþjónusta. Ítrekuð óhöpp hafa orðið á þessu viðkvæma svæði en olíu- og efnamengun frá bílum er talin ein aðalógnin við öryggi vatnsbóla.

Á miðvikudag barust fjölmiðlum tilmæli frá framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæða á höfuðborgarsvæðinu sem mynda sameiginlega framkvæmdastjórn en þau eru Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis. Þar segir að gefnu tilefni þurfi að beina því til fólks að fara ekki akandi inn á vatnsverndarsvæðið í Heiðmörk í því erfiða færi sem ríkir um þessar mundir. Þar segir að þar sem engin vetrarþjónusta sé á vegum í Heiðmörk sé þar ófært. Svæðið sé útivistarsvæði fyrir gangandi vegfarendur og við núverandi aðstæður fyrir fólk á gönguskíðum.

„Hvers konar akstur innan svæðisins getur ógnað öryggi vatnsverndar. Jarðlög í Heiðmörk eru gljúp vegna hrauns, stutt er niður á grunnvatn og því er svæðið viðkvæmt með tilliti til þess að mengun berist í grunnvatnið og spilli neysluvatninu. Því er mikil vægt að allir umgangist svæðið af virðingu og fylgi þeim reglum sem um það gilda,“ segir þar.

Þegar spurt var um tilefni fréttatilkynningarinnar varð Svava S. Steinarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, til svara.

„Í gær [þriðjudag] varð bilvelta inni á vatnsverndarsvæðinu, á svæði Reykjavíkur. Jeppi lenti utan vegar og lenti á þakinu ofan í læk. Olía lak af vélinni niður í lækinn og barst út í Elliðavatn. Svona óhöpp hafa ítrekað gerst á vatnsverndarsvæðinu að vetri til þar sem fólk á vanbúnum bílum fer inn á svæðið eða aðilar eru jafnvel í einhverjum ofsaakstri,“ segir Svava.

Heiðmörk er mikilvægur hluti vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins en þar eru Gvendarbrunnar og önnur vatnstökusvæði Orkuveitu Reykjavíkur. Og það er ekkert smáræði sem er í húfi.

„Það sem er í húfi er neysluvatn allra borgarbúa sem ekki má spilla. Það hefði ansi víðtækar afleiðingar ef vatnsbólin okkar eyðileggjast en í dag þarf neysluvatnið okkar enga meðhöndlun, það er svo hreint,“ segir Svava.

svavar@frettabladid.is

### Utanvegaakstur á vatnsverndarsvæði

- Orkuveita Reykjavíkur hefur undanfarin ár haft verulegar áhyggjur af vaxandi umferð vélknúinna ökutækja í Heiðmörk en einnig af vaxandi útsýnisflugi yfir svæðinu.
- Starfsmaður hjá Veitum, dótturfyrirtæki OR, sér um eftirlit með vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Í gærmorgun fór hann í eftirlitsferð upp í Heiðmörk og kom að þar sem verið var að hreinsa upp olíu sem lekið hafði af bíl sem fór út af. Búið var að fjarlægja bílinn.
- Í kjölfarið taldi hann 14 staði þar sem bílar höfðu farið út fyrir veginn, lent í festu eða öðrum vandræðum.

**Svona óhöpp hafa ítrekað gerst á vatnsverndarsvæðinu að vetri til þar sem fólk á vanbúnum bílum fer inn á svæðið eða aðilar eru jafnvel í einhverjum ofsaakstri.**

Svava S. Steinarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur



# ILVA

## 3. - 6. MARS

# TAX FREE

## AF ÖLLUM VÖRUM*

Föstudag - mánudags

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði.




© ILVA Ísland 2017 Virðisaukaskatturinn er reiknaður af við kassann.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað ILVA

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró

shop online

# Mun víkja frá rannsóknum á Rússum

**Jeff Sessions er sagður hafa logið að öldungadeildarþingmönnum. Hann hitti sendiherra Rússa tvisvar á meðan kosningabarátta Trumps stóð yfir. Sessions neitar sök og segist aldrei hafa rætt við Rússa um kosningabaráttuna. Demókratar vilja að hann segi af sér.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



**BANDARÍKIN** Demókratar þrýsta á afsögn Jeffs Sessions, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna. Telja þeir að hann hafi sagt ósatt, eiðsvarinn, í yfirheyrslum áður en skipan hans í embætti var staðfest. Sessions var þá spurður hvað hann myndi gera ef upp kæmist að einhver tengdur forsetaframboði Donalds Trump hefði átt í sambandi við rússnesk stjórnvöld á meðan á kosningabaráttu stóð.

„Ég hef enga vitneskju um slík samskipti. Ég var kallaður staðgengill einu sinni eða tvisvar á meðan á framboðinu stóð og ég átti ekki í samskiptum við Rússa. Ég get því ekki tjáð mig um þetta,“ sagði Sessions í yfirheyrslunni. Sessions tók þátt í kosningabaráttu Trumps og lýsti snemma yfir stuðningi við frambjóðandann þáverandi.

Washington Post greindi hins vegar frá því í gær að Sessions hefði tvisvar rætt við sendiherra Rússa í Bandaríkjunum, Sergey Kislyak. Annar fundanna fór fram á skrifstofu Sessions í öldungadeild Bandaríkjaþings í september síðastliðnum.

Þegar Sessions átti í samskiptum við Kislyak, í júlí og september, sat hann í hermálanefnd öldungadeildarinnar. Talskona Sessions hefur sagt fundi Sessions og Kislyaks tengjast því starfi og að Sessions hafi alls fundað með 25 sendiherrum.

Vegna þessa þrýsta Repúblikanar, flokksbræður Sessions, einnig á að hann komi hvergi nærri yfirstandandi rannsókn alríkislögreglu Bandaríkjanna á mögulegum afskiptum Rússa af forsetakosningunum í nóvembermánuði.

Kevin McCarthy, þingflokksformaður Repúblikana í fulltrúadeild þingsins, segir að það væri fyrir bestu að Sessions kæmi ekki að rannsókninni. „Þú vilt vera viss um að allir treysti rannsakendum,“ sagði McCarthy við fjölmiðla í gær.

Á blaðamannafundi í gærkvöldi lýsti Sessions því yfir að hann myndi ekki koma nálægt rannsóknum er beindust að afskiptum Rússa.

Demókratar vilja hins vegar ganga skrefinu lengra og krefjast afsagnar Sessions. Þingflokksformaður þeirra í fulltrúadeild, Nancy Pelosi, sagði Sessions hafa sagt ósatt, eiðsvarinn, og að „ekkert annað en afsögn hans myndi duga“.

Í samtali við fréttastofu MSNBC í gær sagðist Sessions aldrei hafa hitt Rússa til þess að ræða kosningabaráttuna. „Þær sögusagnir þykja mér ótrúlegar og þær eru ósannar,“ sagði Sessions.

Þáverandi þjóðaröryggisráðgjafi Bandaríkjaforseta, Mike Flynn, var í febrúar beðinn um að segja af sér embætti eftir að upp komst um samtöl hans við sama sendiherra. Þá kom í ljós að Flynn hefði átt í sambandi við Kislyak áður en Flynn tók við embætti og sagt Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna, ósatt um samskiptin. Sá munur er þó á málum þessara tveggja samherja að Flynn var óbreyttur borgari þegar samtölin áttu sér stað en Sessions þingmaður í öldungadeild Bandaríkjaþings.



**Jeff Sessions dómsmálaráðherra er hann mætti í yfirheyrslu hjá einni af nefndum öldungadeildarinnar.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Ég hef enga vitneskju um slík samskipti. Ég var kallaður staðgengill einu sinni eða tvisvar á meðan framboðinu stóð og ég átti ekki í samskiptum við Rússa.**
>
> Jeff Sessions, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna


# AÐALFUNDUR FJARSKIPTA HF.

**Aðalfundur Fjarskipta hf. (Vodafone) verður haldinn fimmtudaginn 16. mars 2017 kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.**

## Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2016.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2017.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
9. Kosning endurskoðanda félagsins.
10. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins:
    **a)** Tillaga um heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins, sem breytir 4. gr. samþykktanna.
    **b)** Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, sem verður viðauki við samþykktirnar.
11. Önnur mál löglega upp borin.

## Aðrar upplýsingar:

Skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund er að finna á vefsíðu félagsins vodafone.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 13 a, 108 Reykjavík, virka daga milli kl. 09:00 – 16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð á eyðublaði sem unnt er að nálgast á vef félagsins.

Endanleg dagskrá og tillögur hafa verið birtar í Kauphöll og er unnt að nálgast á vef félagsins.

Sérstök tilnefningarnefnd hefur verið að störfum í samræmi við starfsreglur stjórnar og tilnefningarnefndar. Hluthafar og aðrir sem óskað hafa eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar að aðalfundi félagsins hafa átt þess kost að koma áhuga sínum og eftir atvikum framboði á framfæri við nefndina.

Með fyrirvara um að stjórn staðfesti lögmæti hlutaðeigandi framboða leggur tilnefningarnefnd til að þau Heiðar Guðjónsson, Anna Guðný Aradóttir, Hildur Dungal, Hjörleifur Pálsson og Yngvi Halldórsson verði kjörin til setu í stjórn sem aðalmenn.

Eftir sem áður er unnt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 eða fyrir kl. 16:00 laugardaginn 11. mars 2017. Framboð skulu berast á netfangið: stjorn2017@vodafone.is.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri á að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 16.00 laugardaginn 11. mars 2017 og ber að skila framboðum á netfangið: stjorn2017@vodafone.is.

Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á aðalfundardegi.

Stjórn Fjarskipta hf.

**Vodafone**
Við tengjum þig

# Sturtuveisla!




**Verðdæmi 70cm. 27.455**




**Laus svunta**




**Verðdæmi 80x80 cm. 35.900**




**Verðdæmi 70x70 cm. 30.500**




**Verðdæmi 80x80 cm. 30.500**




**Verðdæmi 70x70 cm 29.600**

**Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.**
**Rúnnaðir stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.**
**Kantaðir stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.**




**Verðdæmi 70 cm. 24.880**

# Gæði, úrval og gott verð!

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

## Verðlaun fyrir hvalaskoðun

**FERÐAÞJÓNUSTA** Hvalaskoðunarbræðurnir Árni og Hörður Sigurbjarnasynir voru í gær útnefndir brautryðjendur ársins hjá Nýsköpunarmiðstöð. Árni og Hörður eru stofnendur Norðursiglingar á Húsavík. Stofnuðu þeir fyrirtækið árið 1995 og fluttu 1.760 gesti fyrsta sumarið. Í dag er velta þjónustu sem tengd er hvalaskoðun á Íslandi talin í milljörðum.

Í tilkynningu frá Nýsköpunarmiðstöð kemur fram að atvinnugreinin sem þeir bræður lögðu út í hafi verið sögð ósmekkleg og hugmynd þeirra kölluð fáránleg á opinberum vettvangi. Hugmyndin var sögð sýna gífurlega vanþekkingu á íslenskum aðstæðum.

Verðlaunin voru í gær veitt í fjórða sinn. **– þea**

**450**

**þúsund manns hafa siglt með Norðursiglingu í um 10 þúsund ferðum.**

## Túristar taka ekki eftir Blönduvirkjun

**FERÐAÞJÓNUSTA** Nærri níu af hverjum tíu ferðamönnum sem fara um svæðið umhverfis Blönduvirkjun taka ekki eftir virkjuninni og tengdum mannvirkjum. Þá telja 92 prósent ferðamanna ósnortin víðerni hluta af aðdráttarafli svæðisins, þó þar megi sjá ýmis virkjunarmannvirki. Þá telja 89 prósent svæðið í kringum virkjunina náttúrulegt.

Þetta kemur fram í könnun sem Landsvirkjun lét gera meðal ferðamanna í nágrenni Blönduvirkjunar síðasta sumar.

„Mikilvægt er að nýjar byggingar og önnur mannvirki utan þéttbýlis hér á landi taki mið af verndun náttúru og falli vel að landslaginu á hverjum stað. Þetta er á meðal ályktana sem draga má af svörum ferðamanna sem birt eru í nýrri skýrslu Háskóla Íslands og unnin var fyrir Landsvirkjun,“ segir í fréttatilkynningu Landsvirkjunar. **– þea**

## Enn barist í Mósúl



**Ung írösk stelpa gægist út um hlið í borginni Mósúl. Herir Íraka og Kúrda hafa barist við hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við Íslamskt ríki í borginni frá því í október og náð um 5.700 ferkílómetrum aftur á sitt vald á undanförnum mánuðum. Rúmlega þúsund almennir borgarar hafa látið lífið í átökunum.** NORDICPHOTOS/AFP

## Þarf að fækka fé

**LANDBÚNAÐUR** Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssambands sauðfjárbænda, segir stöðuna í sauðfjárrækt mjög erfiða. Hann tekur í einu og öllu undir orð framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands um mikilvægi þess að fækka fé í landinu náist ekki að selja afurðir.

„Eins og staðan er núna þá eru skilyrði til sauðfjárræktar mjög erfið. Gengi krónunnar er það sterkt í dag að það hefur áhrif á allar útflutningsgreinar,“ segir Þórarinn Ingi.

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, sagði í viðtali við Fréttablaðið síðastliðinn mánudag að núverandi ástand gæti ekki staðið lengi án þess að fækka þyrfti fé. „Ég er í stuttu máli sammála hverju einasta orði framkvæmdastjórans. Ef við getum ekki selt afurðina sem við erum að framleiða þá hlýtur eitthvað að láta undan,“ bætir Þórarinn Ingi við.

Á Íslandi eru framleidd rúmlega tíu þúsund tonn af lambakjöti ár hvert. Um 6.500 tonn eru nýtt hér á innanlandsmarkaði og því eru það rúm 3.500 tonn sem flutt eru úr landi. Hins vegar er afurðaverð þannig að síðustu þrjá mánuði ársins greiddu afurðastöðvar um 200 milljónir króna með útflutningnum ef marka má orð Björns Víkings Björnssonar, forstjóra Fjallalambs.

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, segir reiknisdæmið einfalt þegar skoðaðar eru opinberar tölur um framleiðslu, neyslu innanlands og stöðu krónunnar. „Það er ekki langt síðan betra verð fékkst fyrir afurðir erlendis en hér heima þegar krónan var veik. Núna hins vegar er staðan grafalvarleg.“ Þórarinn Ingi spáir verðfalli ef sú staða kæmi upp. „Staðan er þung nú þegar. Yrði sú raunin í næstu sláturtíð yrði erfið staða grafalvarleg.“ **sveinn@frettabladid.is**

**Gengi krónunnar er það sterkt í dag að það hefur áhrif á allar útflutningsgreinar.**



Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssambands sauðfjárbænda

# Þjóðkirkjan bæti dúntöku prestanna

**Eigandi jarðarinnar Haga í Staðarsveit vill viðræður við þjóðkirkjuna um bætur vegna dúntekju presta á Staðastað. Hæstiréttur dæmdi kirkjunni í óvil í máli um hlunnindin. Kirkjuráð hafnar kröfu um bætur. Lögfræðingur vill að kirkjan fari með friði.**

**DÓMSMÁL** „Kári er eigandi að þessum réttindum og það ætlaði maður að kirkjan myndi virða. En það hefur ekki verið,“ segir Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður, sem rekur mál fyrir eiganda nágrannajarðar prestsetursins Staðastaðar.

Kári H. Jónsson, sem er uppalinn í Haga, eignaðist jörðina að fullu 2007. Hagi liggur að Staðastað. Nokkrum árum síðar lét Kári skrá dúntekjuna í Gamlahólma í Hagavatni á Hagajörðina í fasteignaskrá.

Kirkjan höfðaði þá mál og í fyrrahaust gekk dómur þar sem viðurkennt var að dúntekja á Snæfellsnesi tilheyrði ekki prestssetrinu Staðastað eins og kirkjan hefur talið vera.

Kristján kveðst eftir hæstaréttardóminn hafa sent kirkjunni bréf fyrir hönd Kára. Viðbrögðin hafi ekki verið góð. „Ég fékk svar við því bréfi sem mér fannst nú ekki sæma.“

Kristján segir ekki gerða kröfu um ákveðna upphæð heldur sé óskað eftir viðræðum um bætur. „Eftir að Kári setti fram kröfu þess efnis að hann eigi þessar nytjar árið 2010 og þær eru skráðar á hann hefur kirkjan nytjað hlunnindin gegn kröfum eiganda,“ segir lögmaðurinn og rifjar upp atvik þegar sóknarpresturinn sem nú situr Staðastað, séra Páll Ágúst Ólafsson, og Kári hittust úti í Gamlahólma.

„Þeir gengu svo langt að þeir tóku af honum dúnpoka,“ segir Kristján sem nefnir ekki hvaða menn var þar um að ræða. „Þeir töldu að hann væri að taka það sem ekki ætti undir hann. Kári sagði að þeir hefðu tekið af honum magn sem samsvaraði fjórum kílóum af hreinum dúni.“

Að sögn Kristjáns fást fjögur til sex kíló úr hólmanum á ári. Kílóið kosti um tvö hundruð þúsund krónur. „Þannig að þetta hleypur á milljónum á þessu tímabili,“ segir hann.

**Okkar lögmaður segir kröfurnar óljósar og hafnaði þeim.**



Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs



**Um tvö hundruð þúsund krónur fást fyrir kíló af hreinum dún.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Páll Ágúst kveðst hafa verið við annan mann í hólmanum.

„Þegar ég kem á staðinn þá sé ég að hann er búinn að taka þarna dún og ég hringi strax í lögregluna og tilkynni henni að ég telji að þarna sé maður að taka dún sem sé honum ekki ætlaður,“ segir presturinn sem aftekur með öllu að hafa tekið pokann. „En hann kærði mig fyrir að hafa tekið þarna dún sem ég svo sannarlega ekki gerði.“

Kirkjuráð tók síðasta bréf Kristjáns fyrir um miðjan febrúar. Þar var jafnframt lagt fram svar lögmanns fyrir hönd kirkjunnar

„Okkar lögmaður segir kröfurnar óljósar og hafnaði þeim,“ segir Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

Kristján, sem kveðst enn ekki hafa fengið þetta nýjasta svarbréf kirkjuráðs segir Kára hins vegar vilja að kirkjan viðurkenni að hafa tekið dúninn án þess að eiga rétt á honum og bjóði bætur „Kirkjan verður að hafa það að leiðarljósi að menn fari með friði.“ **gar@frettabladid.is**


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
POLO
RALPH LAUREN
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
collezione
bugatti
Stenströms
BELLINI
collezione
LLOYD
Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40-60%
afsláttur
af öllum vörum
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

# Einhugur um loftslagsmálin

**Þingmenn allra flokka tala einu máli um mikilvægi aðgerða í loftslagsmálum. Kallað er eftir aðgerða- og fjármálaáætlun. Höfum ekki nýtt tækifæri nægilega vel, segir Björt Ólafsdóttir.**


Á herðum Bjartar Ólafsdóttur ráðherra hvílir erfiðasta viðfangsefni samtímans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**LOFTSLAGSMÁL** Það þarf þverpólitískan vilja og fjármagn til að hrinda þeim verkum í framkvæmd sem eru nauðsynleg í loftslagsmálum hér á landi. Íslendingar hafa ekki nýtt tækifæri sín nægilega vel. Markmið og skuldbindingar alþjóðasamfélagsins varðandi losun gróðurhúsalofttegunda verða strangari í framtíðinni og það verður kostnaðarsamt fyrir íslenskt samfélag, í beinhörðum peningum, ef við uppfyllum ekki þær skuldbindingar sem stjórnvöld hafa gengist undir.

Þetta, meðal annars, kom fram í máli Bjartar Ólafsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, í sérstökum umræðum í gær um skýrslu hennar um stöðu Íslands í loftslagsmálum, sem var lögð fram á mánudag.

Þar er dregin upp dökk mynd: Án meiriháttar inngrips stendur Ísland ekki við skuldbindingar sínar í loftslagsmálum. Losun á hvern Íslending er þegar nærri þrefalt meiri en gerist á heimsvísu og rétt um helmingi meiri en að meðaltali í ríkjum Evrópusambandsins (ESB). Þegar allt er lagt að jöfnu er Ísland ekki í fararbroddi í loftslagsmálum heldur á hið gagnstæða við.

Björt sagði í ræðu sinni að allir þurfi að leggjast á árarnar; atvinnulífið, sveitarfélög, háskólar, félagasamtök og almenningur – og mátti skilja hana svo að hún kallaði eftir þjóðarátaki, þó það orð hafi ekki verið notað. Það sem lægi fyrir væri að hennar ráðuneyti getur ekki eitt og sér tryggt árangur. „Stjórntækin eru mörg og kannski flest í öðrum ráðuneytum en jafnvel ríkisvaldið allt megnar vart að breyta því sem þarf,“ sagði Björt. „Það er mikilvægt að standa við skuldbindingar Íslands til 2030 en það er ekki síður nauðsynlegt að móta okkur framtíðar- og langtímasýn. Ég sé fyrir mér að loftslagsráð, sem Alþingi ályktaði um á fyrra ári, geti haft leiðandi hlutverk við gerð slíks vegvísis.“

Að umræðunum loknum, þar sem þingmenn úr öllum flokkum tóku þátt, er augljóst að þingheimur er einhuga í málinu og sammála umhverfisráðherra um áherslurnar, en hnykkt var á ýmsu sem þarf að vera skýrara.

Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna, fagnaði skýrslunni en í hana vantaði „nokkuð á að fyrir liggi hvað eigi að gera, hverju það muni skila í minni útblæstri og hver kostnaðurinn við það verði. Kostnaðurinn er ekki síst mikilvægur. Það er nefnilega lítið mál að setja fram hástemmdar yfirlýsingar um það hvernig við ætlum að ná undraverðum árangri í umhverfismálum, en ef beinskeitt aðgerðaáætlun með eyrnamerktum kostnaði liggur ekki fyrir er ekki von á miklum aðgerðum,“ sagði Kolbeinn.

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, fagnaði skýrslunni og bauð ríkisstjórninni samstarf – enda mikilvægi málsins gríðarlegt. Logi Einarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, hnykkti á ýmsu en tiltók það sem er ekki í skýrslunni, eða skipulag þéttbýlis – það sé nefnilega „ekki nóg að drífa einkabílinn áfram á vistvænum orkugjöfum, við þurfum að minnka notkun hans vegna þess að hann hvetur til ósjálfbærrar þróunar byggðar.“

Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra, eins og fleiri, ítrekaði mikilvægi málsins og þá vá sem er fyrir dyrum ef ekki tekst að snúa vörn í sókn. Hann sagði ríkisstjórnina taka það alvarlega og hún vildi sýna mikinn metnað í málaflokknum. svavar@frettabladid.is

> Það eru nokkrar alheimsvár sem steðja að okkur í heiminum og er mikilvægt að þjóðir heims takist á við þær sameiginlega. Loftslagsmálin eru þar augljóslega sýnu stærst ...


Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins

> Við erum með eitt stærsta vistspor heims, hér á Íslandi, og það er ekki létt verk að vinda ofan af því.


Ari Trausti Guðmundsson, þingmaður VG

> Mér er því miður til efs að allir ráðherrar hennar gangi í sama takt og hæstvirtur umhverfisráðherra þegar kemur að áherslum á raunhæfar aðgerðir til að sporna gegn loftslagsbreytingum.


Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingmaður VG

> Við verðum að sýna meiri metnað og erum óttalegir orkusóðar, ef svo má segja. Einmitt kannski vegna þess hvað við eigum ódýra og hreina orku, að þá förum við ákaflega illa með hana.


Þorsteinn Víglundsson, félagsmálaráðherra



# Þvottadagar

## AEG ÞVOTTAVÉLAR & ÞURRKARAR

NÝ MÓDEL

ÁRGERÐ 2017




20%

**AEG** 914550043

### ÞVOTTAVÉL

*L7FBE840E*

Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

**Verð áður: 119.900,-** **Verð nú: 95.920,-**

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

3 ÁRA ÁBYRGÐ

10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

**AEG** 914550046

### ÞVOTTAVÉL

*L7FBM826E*

Tekur 8 kg af þvotti. 1600 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor.

**Verð áður: 139.900,-** **Verð nú: 111.920,-**

## ÞVOTTAVÉLAR




**AEG** 914913404

### ÞVOTTAVÉL

*L6FBE720I*

Tekur 7 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

**Verð áður: 89.900,-**

**Verð nú : 71.920,-**

20%

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

3 ÁRA ÁBYRGÐ

20%

**AEG** 914913410

### ÞVOTTAVÉL

*L6FBE840I*

Tekur 8 kg af þvotti. 1400 sn. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

**Verð áður: 99.900,-**

**Verð nú: 79.920,-**

## ÞURRKARAR



20%

**AEG** 916097949

### ÞURRKARI

*T6DBM720G*

Tekur 7 kg af þvotti.

**Áður: 99.900,-**

**Nú: 79.920,-**



20%

**AEG** 916097952

### ÞURRKARI

*T6DEL821G*

Tekur 8 kg af þvotti.

**Áður: 109.900,-**

**Nú: 87.920,-**



20%

**AEG** 916097905

### ÞURRKARI

*T7DEP831E*

Með varmadælu. Tekur 8 kg af þvotti.

**Áður: 129.900,-**

**Nú: 103.920,-**

NÝR VEFUR

Netverslun

ORMSSON.IS

**Opnunartímar:**

**Virka daga kl. 10-18**

**Laugardaga kl. 11-15.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON

**Greiðslukjör**

Vaxtalaust

í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# Forgangsröðun



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Ein helsta forsenda þess að hægt var að hefja almenna haftalosun á Íslendinga í byrjun árs voru aðgerðir sem gripið var til gagnvart eigendum aflandskróna. Þeir stóðu frammi fyrir skýrum valkostum. Að taka þátt í gjaldeyrisútboði Seðlabankans, þar sem þeim bauðst að selja eignir sínar fyrir gjaldeyri á genginu 190 krónur fyrir hverja evru, ella þurfa að sæta því að sitja fastir með fé sitt á læstum vaxtalausum reikningum um ófyrirséðan tíma. Þeir bandarísku fjárfestingarsjóðir sem áttu meginþorra þessara krónueigna kusu síðari kostinn og fóru því aftast í röðina. Þessar aðgerðir voru nauðsynlegar til að girða fyrir þann möguleika að aflandskrónueignir gætu valdið óstöðugleika samtímis því að opnað yrði fyrir fjármagnsviðskipti Íslendinga.

Þessir sömu sjóðir, sem eiga samanlagt um 150 milljarða í aflandskrónum, freista þess nú að fá stjórnvöld til að breyta leikreglunum. Greint var frá því í Markaðnum í vikunni að íslenskir embættismenn hefðu fundað með fulltrúum sjóðanna í New York til að kanna grundvöll að samkomulagi sem myndi gera þeim kleift að flytja eignir úr landi í skiptum fyrir gjaldeyri. Ljóst þykir að slíkt samkomulag myndi þýða umtalsvert hagstæðara útboðsgengi fyrir sjóðina en þeim stóð til boða í fyrra.

Það hefur legið fyrir frá upphafi að forsvarsmönnum bandarísku sjóðanna hugnaðist ekki þessi staða – og hafa þeir beitt ýmsum úrræðum til að reyna að grafa undan aðgerðum íslenskra stjórnvalda. Óþarfi er hins vegar að efast um lögmæti þeirra enda er aðferðafræðin gerð í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og í fullu samræmi við íslensk lög og alþjóðlegar skuldbindingar. Stóru lánshæfismatsfyrirtækin hafa lagt blessun sína yfir aðgerðirnar og hækkað lánshæfiseinkunn ríkissjóðs. Þá gerði Eftirlitsstofnun EFTA undir lok síðasta árs ekkert með kvartanir bandarísku sjóðanna.

Það skýtur þess vegna skökku við ef stjórnvöld hafa í hyggju að hverfa frá fyrri stefnu á þessum tímapunkti og hleypa sjóðunum úr landi á mun hagstæðara gengi en öðrum aflandskrónueigendum bauðst í fyrra – áður en búið er að afnema höftin á Íslendinga. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra neitaði því aðspurður á Alþingi í gær að um stefnubreytingu væri að ræða í þessum efnum. „Það kemur ekki til greina að skapa einhverja lausn fyrir aflandskrónueigendur sem ekki felur það um leið í sér að hægt verði að fara í fullt afnám hafta.“

Ekki er ástæða til að efast um þau orð forsætisráðherra. Þótt efnahagsstaða Íslands hafi líklega aldrei verið betri þá þýðir það ekki að eigendur aflandskróna eigi sjálfkrafa að njóta þeirrar bættu stöðu. Þeir hafa nú þegar fengið sérmeðferð enda áttu aflandskrónueigendur þess einir kost um árabil að losna út fyrir höft í tengslum við fjárfestingaleið Seðlabankans. Allar aðstæður eru núna fyrir hendi til að stíga skrefið til fulls og opna sem fyrst alfarið á erlendar fjárfestingar íslenskra lífeyrissjóða, fyrirtækja og heimila. Stefna stjórnvalda við að framfylgja áætlun um afnám hafta hlýtur að vera áfram sú að forgangsraða í þágu íslensks almennings – en ekki bandarískra vogunarsjóða.

**Þeir hafa nú þegar fengið sérmeðferð enda áttu aflandskrónueigendur þess einir kost um árabil að losna út fyrir höft.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Þungt hljóð**

**Það var heldur þungt í hljóðið í henni Tinnu Brynjólfsdóttur, sem er eiginkona bankamanns sem situr í fangelsi. Tinna skrifaði Guðna forseta bréf og bað um áheyrn hans en fékk ekki. Viðbrögðin urðu þau að skrifa grein á Vísi þar sem hún segir synjun Guðna lýsa gerð hans. „Það sem hann blessaður hefur tekið sér fyrir hendur hingað til er nú ekki beint allt mjög skynsamlegt eða að skila miklu,“ sagði frúin og virtist ekki par sátt við hlutskipti sitt.**

**Ákvörðun forsetans**

**Embætti forseta Íslands er ungt embætti og mótast með hverjum þeim einstaklingi sem gegnir því hverju sinni. Við minnumst Vigdísar sem fyrsta kvenforseta heimsins og vegna áherslu hennar á tungumál og umhverfisvernd. Við minnumst Ólafs Ragnars fyrst vegna áherslu hans á að greiða leið viðskiptamanna erlendis en síðan vegna baráttu hans fyrir því að almenningur en ekki bara stjórnmálamenn tækju ákvörðun um lyktir Icesave-málsins. Of snemmt er að sjá fyrir hvað Guðna verður minnst. En allir eiga forsetarnir það sameiginlegt að þeim er í sjálfsvald sett hverja þeir hitta og hvenær.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Efnahagsnefnd kemur að borðinu



Lilja Alfreðsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Fjármálakerfið á að styðja við hagsmuni heimila og fyrirtækja í landinu, en ekki vera eingöngu til fyrir sjálft sig. Stjórnvöld eru í einstakri stöðu til að búa svo um hnútana að fjármálakerfið tryggi hagsæld í landinu. Ekki aðeins getur ríkisvaldið mótað lagaumgjörð fjármálafyrirtækja, heldur geta stjórnvöld gripið til beinna aðgerða í ljósi umfangsmikils eignarhalds á stærstu fjármálafyrirtækjum landsins.

Fjármála- og efnahagsráðherra birti nýverið drög að eigendastefnu fyrir fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins. Í henni er aðallega fjallað um vilja hins opinbera til að selja hlut sinn, en engin framtíðarsýn er sett fram fyrir fjármálakerfið í heild. Ríkissjóður ráðgerir að eiga 34-40% eignarhlut í Landsbankanum hf. til langframa, en selja allan eignarhlut sinn í Íslandsbanka og Arion banka þegar aðstæður leyfa.

Hér þarf að staldra við, því áður en kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki verða seld þurfum við að meta hvernig fjármálakerfi hentar best íslenskum aðstæðum. Við eigum að; 1) skoða heildarstærð bankakerfisins, hvort hægt sé að hagræða og þá lækka þjónustugjöld og vaxtakostnað, 2) meta hversu stór eignarhlutur ríkissjóðs á að vera í fjármálafyrirtækjum til skemmri og lengri tíma litið, 3) meta hvort og þá með hvaða hætti eigi að skilja að viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi, 4) meta hvort dreift eignarhald eða samþjappað þjóni hagkerfinu best til lengri tíma litið og 5) skoða hvernig bankakerfið geti miðlað erlendri lánsfjármögnun í samkeppni við erlenda banka. Í þessari mikilvægu vinnu er brýnt að líta til alþjóðlegrar þróunar og taka mið af reynslu annarra þjóða.

Í umræðum á Alþingi í upphafi vikunnar lagði ég áherslu á mikilvægi þess að ráðast í heildarendurskoðun á fjármálakerfinu áður en sala ríkiseigna hefst. Víðtæk sátt virðist vera um slíka endurskoðun, innan efnahags- og viðskiptanefndar er samstaða um að taka málið að sér og vinna vegvísi að framtíðarskipan íslensks fjármálamarkaðar. Það er fagnaðarefni að löggjafinn hafi tekið að sér það mikilvæga hlutverk á fyrstu stigum málsins. Fólkið í landinu á skilið að vandað verði til verka.

**Engin framtíðarsýn er sett þar fram fyrir utan það að selja skuli ákveðna eignarhluta í bönkunum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ananaskismi

**Í DAG**



Bergur Ebbi

> **Er eitthvað sameiginlegt með furðufréttum af „ananas-banni“ Guðna Th. Jóhannessonar og falsfréttum um hryðjuverk sem enginn kannast við? Já.**

Af hverju vill forseti Íslands banna ananas?“ var spurning sem kanadískur félagi minn spurði mig um á dögunum. Samskipti okkar fóru fram á netinu þannig að ég sá ekki framan í hann þegar hann spurði. Ég tel líklegt að hann hafi skilið fáránleika málsins en ég get ekki verið alveg viss. Með spurningunni fylgdi hlekkur á frétt á ensku um ummæli Guðna Th. Jóhannesson forseta Íslands, um að hann myndi vilja banna ananas sem pizza-álegg – sem allir Íslendingar vita að var hreint grín.

En hvers vegna tel ég þá einhverjar líkur á því að kanadískur vinur minn skilji ekki augljósan fáránleikann? Kannski vegna þess að hann las ekki greinina heldur bara fyrirsögnina. Kannski vegna þess að um málið var fjallað með nokkur ítarlegum greinum í The Guardian, CNN, New York Times, Fox News, kanadíska ríkisútvarpinu CBC, Huffington Post, Time, The Washington Post, Foreign Policy, Buzzfeed, Toronto Star, Boston Globe og Evening Standard, bara til að nefna nokkra heimsfjölmiðla, en í fyrirsögn síðastnefnda miðilsins kemur reyndar fram að um spaug sé að ræða. Hinir fjölmiðlarnir eru í hefðbundnum smelludólga-hugleiðingum. Og eflaust fengu þeir marga smelli því ananas-málið er skemmtilegt, en það er samt ekki ástæða þess að ég rita um það nú, meira en viku síðar.

## Hinn stjórnlausi ananas

Ég vil fremur vekja athygli á því að furðufréttir eins og ananas-málið eru hluti af miklu stærra málefni, sem varðar okkur öll, og hefur reynst fjölmiðlum mjög erfitt að koma orðum að. Það er málefni sem snýr að miðlun sannleika í heimi þar sem boðleiðir upplýsinga eru breyttar frá því sem áður var. Er eitthvað sameiginlegt með furðufréttum af „ananas-banni“ Guðna Th. Jóhannessonar og falsfréttum um hryðjuverk sem enginn kannast við? Já. Á þessum málum er sameiginlegur flötur, þó að aðkoma og ásetningur sé ekki sá sami.

Daglega fáum við fréttir af ýmsum málefnum, og líklega eiga flest eitthvað erindi. En flokkun þeirra er mjög misjöfn eftir því hvaða miðill á í hlut. Sumir fjölmiðlar setja alltaf nýjustu fréttina efst, aðrir flokka þær eftir meintu mikilvægi fyrir lesandann, aðrir gera greinarmun á fréttum eftir því hvaðan í veröldinni þær berast og margir fjölmiðlar reyna að gera einhverskonar greinarmun á „dægurmálefnum“ og „alvöru“ fréttum. Þannig eru fjölmiðlar meðvitaðir um að frétt um rútuslys þar sem tugir látast hefur meira vægi heldur en frétt um hvað Eurovision-keppandi borðar í hádegismat. En það merkilega er, að jafnvel þessar sundurliðanir verða að engu þegar fréttirnar berast inn í vitund okkar því þar hafa fréttirnar hrærst saman við tilkynningar um að einhver hafi tékkað sig inn á matsölustaðinn Dirty Burger & Ribs eða sé nýlokinn við að hlaupa 12,6 kílómetra með aðstoð RunKeeper. Hér geri ég ráð fyrir að fólk fái fréttir mikið í gegnum samfélagsmiðla, sem virðist vera raunin – en jafnvel þó að fólk hlusti aðeins á hefðbundnar útvarpsfréttir þá breytir það ekki endilega svo miklu. Þar flýtur ananas-málið inn í vitundina á milli frétta um banaslys í umferðinni.

## Merkingin er sjálf miðlunin

En hefur þetta ekki alltaf verið þannig? Nei. Því frétt eins og „ananas-málið“ er beinlínis tilkomin vegna þess hvernig við innbyrðum fréttir. Í grunninn er ananas-málið engin frétt. Það er miklu fremur einskonar stúdía um hvernig hægt er að gera eitthvað úr engu, og að lokum verður það fréttnæmt í sjálfu sér hvernig tveir plús tveir verða fimm því að enginn getur neitað að það er áhugavert hvernig spjall forseta Íslands við nemendur Menntaskólans á Akureyri um pizzaálegg verður til þess að virtur fjölmiðill eins og Foreign Policy (sem upphaflega var stofnað til að veita krítíska sýn á utanríkisstefnu Bandaríkjanna á tímum Víetnam-stríðsins) skrifar grein um það. Í tilfelli þessa pistils þá er það einmitt það ferli sem er til umfjöllunar, en ekki ummælin sjálf, eða eins og Marshall McLuhan benti á fyrir meira en hálfri öld (þegar hann útskýrði hvernig ný tegund fjölmiðlunar væri að breyta heiminum) að það væri sjálf miðlunin sem innihéldi merkinguna.

En hvernig get ég sagt að ananas-fréttin og lygar Donalds Trump um að Svíþjóð sé ofsótt af hryðjuverkamönnum, tengist? Vegna þess að hér eru sömu kraftar að verki. Trump er löngu búinn að ganga á lagið með þá aðferðafræði að ef eitthvað er ekki frétt, þá verður umræðan um að það sé ekki frétt eða fáránleiki þess að halda því fram að það sé frétt eða staðreynd, að frétt út af fyrir sig. Og það er býsna erfitt að komast fyrir þetta. Munurinn er sem betur fer sá að Guðni Th. er ekki vísvitandi að nýta sér þetta í áróðursskyni og að sjá hann leika óvart á þetta hljóðfæri virkar fremur eins og ágætis vitundarvakning um hversu létt er að búa til narratív sem kemst í heimsfréttirnar.

## Flokka fréttir alveg upp á nýtt

Stærra samhengið snýst um hvernig upplýsingar berast. Þær berast óhindrað og í jafningjagrunni manna á milli. Það er ekki til siðs að predika. Það er ekki til siðs að segja að eitthvað sé lygi og annað sannleikur. Furðufréttir (og líka falsfréttir) eru fórnarkostnaður afstæðishyggjunnar, og það er allt í lagi að viðurkenna það. Auðvitað eru flestir fjölmiðlar að gera sitt allra besta við að meta sannleiksgildi frétta, en slíkt mat verður bara að sér-frétt sem stækkar málið enn frekar. Það verður ekki komist fyrir þetta nema fréttir verði flokkaðar alveg upp á nýtt og form og efni verði aðskilið. Þannig myndu fjölmiðlar hætta að flokka fréttir eftir því hvort þær væru „alvöru“ eða „dægurmál“ heldur frekar eftir því hversu mikil miðlun hefði skapað þær. Bæði ananas-frétt Guðna og fréttir af hryðjuverkum í Svíþjóð væru dæmi um eitthvað sem hefði mjög háan miðlunar-stuðul, það eru í raun fréttir sem fjalla bara um að einhver segir eitthvað sem aðrir segja eitthvað annað um. Grunn-atburðurinn er smár, en miðlunin sjálf býr til alla söguna. Og í slíku umhverfi er ekki skrítið þó enginn viti hvað sé grín, hvað sé alvara, hvað sé sannleikur og hvað sé lygi. Það er ástand ananaskismans.




# Eðlisbreyting á fjármögnun heilbrigðisþjónustu?



Ólafur Ólafsson
læknir

**Margt bendir til að vextir verði líkt og „Norðuráls vextir“ hér á landi.**

Ef beiðni Klíníkurinnar í Ármúla um opnun á fimm daga legudeild verður samþykkt, stefnir í eðlisbreytingu á fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar líkt og gerst hefur í Bretlandi. En þar hafa „almennir“ fjárfestar m.a. fjármagnað sjúkrahúsrekstur síðan 1991. Með þeirri breytingu jókst krafa um kostnaðaraðhald og hærri arðgreiðslur með þeim afleiðingum að gæðum heilbrigðisþjónustunnar í Bretlandi hrakaði svo um munaði. Því má spyrja hvort búast megi við að sömu kröfur komi fram meðal eigenda/fjárfesta Klíníkurinnar í Ármúla.

Gangi þessi þróun eftir er veruleg hætta á að einkasjúkrahús hér á landi verði fjármögnuð til að mynda með lánum frá erlendum aflandsfélögum. Margt bendir til að vextir verði líkt og „Norðuráls vextir“ hér á landi. Hagnaður fyrirtækja verði lítill vegna vaxta og greiðslna afborgana lána til móðurfyrirtækja sem eru oft aflandsfélög í lágvaxtalöndum. Skattgreiðslur verða því í lágmarki.

Væntingar um gróða eru athafnahvetjandi meðal margra, en brýnt er að gróðalöngun meðal trúnaðarmanna almennings stjórni ekki alfarið.

Undanfarna áratugi hafa hér á landi tíðkast svokallaðir „verktakasamningar“ við sérfræðilækna sem eru vel viðráðanlegir og ógna ekki skipulagi heilbrigðisþjónustunnar, ef ákveðnum skilyrðum er framfylgt eins og að þjónustusamningar eru gerðir við ríkið, eftirlitsaðilar upplýstir og lengra ekki gengið með frjálsan rekstur eins og gerðist í Bretlandi.

Það er engin þörf á að breyta núverandi fyrirkomulagi einkarekstrar í heilbrigðisþjónustu hér á landi. Það sama er ekki hægt að segja um þróun heilbrigðisþjónustu í Bretlandi í kjölfar einkavæðingarinnar sem hófst upp úr 1991.

# Frelsi til sölu



Stefán Máni
rithöfundur

**Og ef það er svona mikill glæpur að Ríkið eigi nokkrar sérverslanir, því ekki að einkavæða þær og selja áfengið bara áfram í sérverslunum? Snýst þetta kannski allt saman um frelsi stórkaupmannsins til að græða meiri peninga?**

Fyrst þetta: Frelsi er bara orð, hugmynd – eitthvað til að skreyta orðræðu með. Eina frelsið sem er raunverulegt er kannski að losna úr fangelsi. Að öðru leyti er frelsi í besta falla málamiðlun. Meira að segja málfrelsið er takmarkað – orð mega ekki meiða. Við búum í samfélagi sem er haldið saman af lögum og reglu. Við megum hvorki keyra eins hratt og okkur sýnist né undir áhrifum vímuefna, svo dæmi sé tekið. Megum í rauninni gera ansi fátt, nema þá innan ramma laga og hefða. Ef einkavæðing á áfengissölu er frelsi, þá er alveg eins hægt að segja að við sem þjóð séum frjáls að því að takmarka áfengissölu við sérverslanir í eigu Ríkisins. Þetta hlýtur að gilda í báðar áttir.

Svo þetta: Áfengi er ekki bara hver önnur vara. Ef áfengið hefði verið fundið upp í gær væri það örugglega bannað. Það vita allir. Ef ekki væri fyrir hefðina og útbreiðsluna – vinsældirnar – væri þessi vímugjafi ekki seldur í nokkurri verslun. Áfengi er ávanabindandi og veldur alls konar skaða, beinum og óbeinum. Það er hættulegt efni en við leyfum það samt. Við seljum það í sérverslunum í eigu Ríkisins, sama Ríkis og rekur heilbrigðiskerfið sem tekur meðal annars við því fólki sem á um sárt að binda, á líkama og sálu, vegna áfengisneyslu. Ríkið selur eitrið en ber líka ábyrgð á afleiðingum sölunnar, svona upp að ákveðnu marki.

Líka þetta: Það eru ekki margir kaupmenn á Íslandi. Raunverulegir kaupmenn, svona karlar og konur í bláum sloppum sem reka hverfisverslanir, eru varla til. Það er eiginlega bara einn „kaupmaður“ á Íslandi, samsteypa sem rekur margar stórverslanir. Ef sala áfengis verður gefin frjáls munu stórmarkaðir selja langmest af því, fyrir um það bil 15 milljarða á ári, er varlega áætlað – líklega verður talan hærri. Svo eru nokkrir stórir „kaupmenn“ til viðbótar sem allir munu líka selja áfengi. Það mun enginn velja það að selja ekki áfengi – það er eftir of miklu að slægjast. En kaupmennirnir, hverjir sem þeir eru, munu ekki taka ábyrgð á afleiðingum vörunnar sem þeir selja. Þeir reka ekki heilbrigðiskerfið og kemur það ekki við. Skatturinn af áfenginu fer í heilbrigðiskerfið, segir einhver. Jæja, er það? Fer bensínskatturinn í vegagerð, er það öruggt? Og duga svo þessir skattar til, einir og sér?

Að lokum þetta: Ég hef bæði drukkið áfengi og kosið að sleppa því. Ég þekki báða lífsstílana. En ég hef aldrei verið höfdrykkjumaður, og áfengisfrumvarpið er auðvitað lagt fram af höfdrykkjufólki fyrir höfdrykkjufólk, svo að þetta sama höfdrykkjufólk þurfi ekki að fara í sérverslanir í eigu okkar allra.

**Frelsi stórkaupmannsins?**

En segjum sem svo að ég sé hófdrykkjumaður. Hvað þýðir það? Ég drekk þá kannski eitt rauðvínsglas á dag, segjum eina flösku á viku. Það er líklega hóflegt. Eða einn bjór á dag, segjum kassa á mánuði. Það er kannski hóflegt en varla hollt. En jæja. Ég gæti þá farið í Ríkið einu sinni í mánuði og keypt annaðhvort fjórar rauðvínsflöskur eða einn kassa af bjór. Mér finnst þetta ekki beint hóflegt en höfum það þannig. Er þetta mikil fyrirhöfn? Nei, sérstaklega ekki þar sem hófdrykkjumaður eins og ég er einnig smekkmaður sem gerir kröfur.

Þegar mig langar í góða steik, stóran humar eða gæðaost, þá fer ég hvorki í Bónus né Hagkaup. Ég fer í kjötbúð, í fiskbúð og í ostabúð, því þar eru gæði fyrir mann eins og mig. Ég tel þetta ekki eftir mér, ekki frekar en mér finnst eitthvað stórmál að fara í apótek eða bakarí af og til. En ef það er svona lítið mál að vera hófdrykkjumaður, fyrir hvern er þá áfengisfrumvarpið? Og ef það er svona mikill glæpur að Ríkið eigi nokkrar sérverslanir, því ekki að einkavæða þær og selja áfengið bara áfram í sérverslunum? Snýst þetta kannski allt saman um frelsi stórkaupmannsins til að græða meiri peninga? Og frelsi auglýsenda til að fegra vímuefni, skapa glansmynd og slá ryki í augu neytenda frá blautu barnsbeini?

# Mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis í Reykjavík



Hjálmar Sveinsson
formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur

Ég skrapp um daginn upp í Bryggjuhverfi. Bygging 300 nýrra íbúða í skemmtilega litríkum húsum í hverfinu er langt komin og fólk flutt inn í nokkur húsanna. Drög að nýju deiliskipulagi þar fyrir vestan, á hluta af svæði Björgunar, gera ráð fyrir allt að 900 íbúðum. Ég gekk upp á heilmikla mön sem skilur íbúðarhverfið og athafnasvæði Björgunar að og virti fyrir mér lygnan Grafavoginn, gamla sjávarkletta, sandhrúgur og steypusíló. Mönin mun brátt hverfa og Bryggjuhverfið verður með tíð og tíma hluti af mikilli byggð við Elliðaárósa og Ártúnshöfða. Á þessu svæði í heild sinni gætu risið um 4.500 íbúðir. Hinum megin við Elliðaárnar er svokölluð Vogabyggð. Þar verða á næstu árum byggðar um 1.000 íbúðir. Stærsti áfangi Vogaskipulagsins hlaut um daginn skipulagsverðlaun ársins 2016. Framkvæmdir eru í þann veginn að hefjast þar.

**5.000 íbúðir**

Það er mikið að gerast í Reykjavík þessa dagana og misserin. Nú liggur fyrir samþykkt og lögbundið deiliskipulag fyrir rúmlega 5.000 íbúðir á byggingarsvæðum í borginni. Framkvæmdir eru hafnar á byggingarsvæðum með 2.577 íbúðum. Eitt mesta uppbyggingarskeið í sögu Reykjavíkur er hafið. Deiliskipulagsvinnan tryggir að uppbyggingin verður í takt við vandað aðalskipulag borgarinnar og skýra stefnu um þétta og vistvæna borg.

Þeir sem eru á ferð um borgina sjá þetta með eigin augum á hverjum einasta degi. Akkúrat núna í marsbyrjun 2017 er húsnæðissamvinnufélagið Búseti að klára rúmlega 200 íbúðir við Smiðjuholt, Félagsstofnun stúdenta vígði 103 stúdentaíbúðir við Brautarholt rétt fyrir jól og um 80 íbúðir eru í byggingu á Höfðatorgi. Byrjað er að byggja 200 íbúðir við Hverfisgötu og um 70 íbúðir við svokallað Hafnartorg. Á gamla Lýsisreitnum vestur í bæ eru 130 íbúðir að klárast og bygging 176 íbúða í Vesturbugt mun hefjast á þessu ári. Hafin er uppbygging á stórri lóð Ríkisútvarpsins. Þar verða byggðar um 360 íbúðir. Og það blasir við öllum sem fara um Bústaðaveg og Hringbraut að stórfelld uppbygging er hafin við Hlíðarenda. Þar er gert ráð fyrir að minnsta kosti 600 íbúðum. Að öllum líkindum hefst uppbygging á 300 íbúðum á Kirkjusandsreit á þessu ári. Sama má segja um byggingu 220 stúdentaíbúða á Vísindagarðareit við Háskóla Íslands. Auk þess liggja fyrir drög að skipulagi sem gerir ráð fyrir að um 500 nýjar íbúðir verði til á næstu árum í Úlfarsárdalnum.

**Fyrirheit um öryggi og skjól**

Borgaryfirvöld hafa lagt ríka áherslu á að íbúðir í uppbyggingu verði fjölbreytilegar að stærð svo þær henti sem flestum. Á stórum byggingarsvæðum hefur borgin náð fram þeim samningsmarkmiðum sínum að 25% íbúðanna verði leiguíbúðir til að tryggja enn betur fjölbreytni á húsnæðismarkaðnum. Einnig hefur verið lögð áhersla á samstarf við byggingarfélög sem eru ekki hagnaðardrifin, svo sem Búseta, Félagsstofnun stúdenta, Byggingarfélag námsmanna og Samtök aldraðra. Þá hefur verið skrifað undir viljayfirlýsingu um uppbygginu 1000 íbúða á vegum Alþýðusambands Íslands í Reykjavík. Í orðinu húsnæði felst fyrirheit um öryggi og skjól. Húsnæðismálin eru eitt stærsta viðfangsefni Reykjavíkurborgar.

# Flökkusögur og rangfærslur um snertilaus greiðslukort



Bergsveinn Sampsted,
framkvæmdastjóri kortaútgáfusviðs Valitors

**Staðreyndin er sú að þrátt fyrir allar þessar flökkusögur hefur Valitor ekki fengið nein skjalfest dæmi, hvorki hér á landi né annars staðar, um að óprúttnir aðilar hafi svikið fé af greiðslukorti með snertilausri virkni á meðan kortið er í vörslu korthafa.**

Greiðslukort eru og hafa alltaf verið í stöðugri þróun þar sem leitast er við að gera notkun þeirra í senn öruggari, þægilegri og fljótlegri. Notkun greiðslukorta með snertilausri virkni hefur verið að ryðja sér til rúms hér á landi á síðustu mánuðum rétt eins og annars staðar í Evrópu. Tæknin byggir á að örgjörvi kortsins á þráðlaus samskipti við posa. Þannig er hægt að greiða fyrir vöru og þjónustu þegar um lágar upphæðir er að ræða með því að bera kortið upp að posa án snertingar og pin-númers. Hámark upphæðar á hverja snertilausa færslu er innbyggt í kerfið kr. 5.000 og samanlagt hámark einnig, kr. 10.500. Þegar öðru hvoru hámarkinu er náð verður að staðfesta næstu greiðslu með pinni til að hægt sé að nota snertilausa virkni á nýjan leik. Þetta er gert til að lágmarka tjón af sviksamlegum færslum ef korti er stolið. Eftir sem áður er það mjög mikilvægt að korthafi gæti vel að korti sínu og tilkynni það tafarlaust, glati hann kortinu eða því hafi verið stolið.

Í Danmörku hófst innleiðingin árið 2015 og eru Danir nú í hópi þeirra þjóða þar sem snertilausar greiðslur eru hvað tíðastar. Í lok síðasta árs var staðan orðin sú að tvær af hverjum þremur færslum er námu lægri upphæð en 200 dönskum krónum voru snertilausar. Svipaða sögu er að segja frá Bretlandi og má nefna að daglega eru hátt í tvær milljónir fargjalda greiddar með snertilausum hætti í almenningssamgöngukerfi Lundúna.

Þrátt fyrir að öryggi þessa greiðslumáta sé óumdeilt ganga um vefinn nokkrar alþjóðlegar flökkusögur sem byggja á rangfærslum.

**Kortaupplýsingar ekki í hættu**

Ein algengasta útgáfan af flökkusögunni um snertilaus kort er sú að glæpamenn gangi um með sérstaka skanna, sem notaðir eru til að ryksuga upp upplýsingar um greiðslukort frá nærstöddum og nýti til að búa til falsað kort eða svíkja út færslu af kortinu. Þessi flökkusaga stenst ekki skoðun.

Í fyrsta lagi þarf fjarlægðin milli korts og posa að vera innan við u.þ.b. þrjá sentimetra til að posi geti lesið kortið.

Í öðru lagi er einungis hægt að lesa úr örgjörvanum sömu upplýsingar og sjá má framan á kortinu, sem eru; nafn korthafa, kortnúmer og gildistími. Þær duga ekki í öruggum viðskiptum á netinu, eða til að framleiða falsað kort og eru því gagnslitlar einar og sér. Öryggisupplýsingar á borð við pinnið eða CVC-númerið eru dulkóðaðar og er ekki hægt að ná úr örgjörvanum. Ef söluaðili tekur við færslu án þessara öryggiskrafna er hann sjálfur ábyrgur fyrir öllum sviksamlegum færslum.

Í þriðja lagi þyrfti þjófurinn í flökkusögunni að vera með samning um færsluhirðingu, eins og hver annar kaupmaður, ef hann ætti fræðilega að geta tekið út af korti. Mjög strangar reglur og eftirlit er með aðilum sem teknir eru í færsluhirðingu og mjög ólíklegt að aðilar sem ætli sér að stunda sviksamlega starfsemi eins og að framan er lýst fái til þess heimild.

**Korthafar þurfa ekki sérstök snertilaus veski**

Það er líka útbreidd flökkusaga að nauðsynlegt sé að geyma snertilaus kort í sérstökum veskjum er eiga að koma í veg fyrir að hægt sé að lesa upplýsingar af kortunum. Því miður virðist þessi flökkusaga eins og aðrar fyrst og fremst hafa þann tilgang að hræða korthafa og vekja upp áhyggjur. Af þeim ástæðum sem hér að framan hafa verið raktar eru þær áhyggjur, rétt eins og sérstaka veskið algjörlega óþarfar.

**Engin dæmi um svik**

Staðreyndin er sú að þrátt fyrir allar þessar flökkusögur hefur Valitor ekki fengið nein skjalfest dæmi, hvorki hér á landi né annars staðar, um að óprúttnir aðilar hafi svikið fé af greiðslukorti með snertilausri virkni á meðan kortið er í vörslu korthafa. Margra ára reynsla er af notkun snertilausra korta í löndunum í kringum okkur og öryggi þeirra er óumdeilt. Kortanúmeraþjófurinn með skjalatöskuna sem gengur um og safnar upplýsingum til að afrita kort er ekki til.


Fimmtíu grá skuggar
Fifty Shades of Grey
EL James
Fimmtíu dekkri skuggar
Fifty Shades Darker
Fimmtíu skuggar frelsis
Fifty Shades Freed
990.- pakkinn
SÆLKERAFLAKK UM PROVENCE
88 uppskriftir að hamingjunni að hætti Provencebúa
CAFÉ-RESTAURA
SÆLKERAGÖNGUR UM PARÍS
SÆLKERAFERÐ UM FRAKKLAND
999.- hver bók
FJALLALAND
RAGNAR AXELSSON
CRYMOGEA
4950.-
OPIÐ
KL. 10 – 21
ÖLL KVÖLD
BÓKA
MARKAÐURINN
Laugardalsvelli
24. FEBRÚAR - 12 MARS
ÓTRÚLEGT ÚRVAL · ÞÚSUNDIR TITLA
BLÓÐ Í SNJÓNUM
JO NESBØ
990.-
DROTTNINGARFÓRNIN
HANNE-VIBEKE HOLST
990.-
„Rafmögnuð spenna."
LEE CHILD
EITT SKOT
990.-
Ómótstæðileg Ella
Ella Mills
3590.-
Sigurðar sögur dýralæknis
Gamansögur af prestum, stjórnmálamönnum, læknum sjúklingum og skepnum
1490.-
Hundurinn minn
985.-
TAKTU BETRI LJÓSMYNDIR
228 hugmyndir og ráð til að ná betri myndum
GEORGE LANGE ásamt SCOTT MOWBRAY
999.-
Vín
1990.-
Héraðsmannasögur
Gamansögur af Héraði
Jón Kristjánsson og Ragnar Ingi Aðalsteinsson
1490.-

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# SÚPER TILBOÐ Í MARS

## Jotun Lady veggmálng **20-30% afsláttur**



Ein vinsælasta málningin hjá okkur í dag

30% afsláttur

3 ltr

JOTUN

SÚPER TILBOÐ

**6.290 kr**

~~8.995 kr~~

Lady Pure Color 3 ltr.
Mött veggmálning
7122045-48



25% afsláttur

3 ltr

JOTUN

SÚPER TILBOÐ

**2.245 kr**

~~2995 kr~~

Jotun vegg- og loftamálning
3 ltr.
7119781-83



20% afsláttur

3 ltr

JOTUN

SÚPER TILBOÐ

**6.900 kr**

~~8.649 kr~~

Lady Vegg 10 veggmálning
Einstaklega slitsterk, fyrir stofuna, svefnherbergið og baðherbergið.
7122220-23

# ELDHÚS & BAÐ
# 25% afsláttur

af öllum blöndunartækjum, salernum, vöskum, handlaugum, handklæðaofnum, innréttingum, speglum, sturtuklefum og fleira.



25% afsláttur

KLUDI

KYNNINGARVERÐ

**9.475 kr**

~~12.640 kr~~

Handlaugartæki
Terico.
8005610



25% afsláttur

damixa

SÚPER TILBOÐ

**4.995 kr**

~~6.789 kr~~

Sturtusett
Fair jet Plus, 3 stillingar.
8000836



25% afsláttur

LAUFEN

SÚPER TILBOÐ

**14.895 kr**

~~19.880 kr~~

Vegghengt salerni
Kompas vegghengt salerni. Seta seld sér.
7920304



25% afsláttur

SÚPER TILBOÐ

**36.990 kr**

~~49.395 kr~~

Handlaug
Ofan á borð, hringlaga.
Stærð:42x12 cm.
7920130

Kartell by LAUFEN
SVISSNESK GÆÐI SÍÐAN 1892

Byggjum á betra verði



BLACK&DECKER

SÚPER TILBOÐ

33% afsláttur

# 9.995kr

~~14.995 kr~~

**Hleðsluborvél**
10,8V, tvær 1,5Ah Li-ion rafhlöður, hersla 70Nm.
5245565



BLACK&DECKER

SÚPER TILBOÐ

33% afsláttur

# 5.995kr

~~8.995 kr~~

**Höggborvél**
500W, 13 mm málmpatróna.
5245599



40% afsláttur

NEO TOOLS

SÚPER TILBOÐ

# 5.995kr

~~9.995 kr~~

**Verkfærakista**
Neo 710x495x360 mm á hjólum.
5024814




## Nýtt Húsasmiðjublað er komið út



SÚPER TILBOÐ

# 11.465kr

~~15.295 kr~~

**Eldhústæki**
Pine, með hári sveiflu.
8000032

25% afsláttur

damixa

# PARKET
## DÚNDUR TILBOÐ



KAINDL

26% afsláttur

SÚPER TILBOÐ

# 1.690kr/m²

~~2.290kr/m²~~

**Harðparket eik rústik**
Harðparket Eikarplanki fasaður, Kaindl Loc Krækja. Borðastærð: 1.380 x 193 x 8 mm
Slitþolsflokkur 32.
147050



TAKMARKAÐ MAGN

26% afsláttur

SÚPER TILBOÐ

# 1.690kr/m²

~~2.290kr/m²~~

**Harðparket eik Garrison**
EGGER Borðastærð: 1.292 x 192 x 7mm
Rustic áferð
Slitþolsflokkur 31
146934



TAKMARKAÐ MAGN

24% afsláttur

SÚPER TILBOÐ

# 1.590kr/m²

~~2.090kr/m²~~

**Harðparket eikarplanki ljós**
Eikarplanki 8 mm.
146978



KAINDL

- Harðparket
- Austurísk gæði
- Eikarplanki
- 8 mm

20% afsláttur

TAKMARKAÐ MAGN

SÚPER TILBOÐ

# 1.790kr/m²

~~2.290kr/m²~~

**Harðparket - Austurísk gæði**
Eikarplanki AC4 bandsagað, 8 mm.
147071

**Fáðu ráðgjöf**
Ingólfur Sigurðsson sölumaður í gólfefnadeild í Skútuvogi og starfsfólk okkar um land allt tekur vel á móti þér.



# VERSLAÐU Á HUSA.IS
## FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

# Aníta ætlar sér aftur í úrslit

**Evrópumótið í frjálsíþróttum innanhúss hefst í Belgrad í Serbíu í dag. Aníta Hinriksdóttir er skráð með þriðja besta tíma allra keppenda í 800 metra hlaupi og stefnir á að komast í úrslitin. Hún er nýbúin að slá Íslandsmet sitt.**



Aníta bætti Íslandsmet sitt í 800 metra hlaupi innanhúss á Reykjavíkurleikunum í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

**FRJÁLSÍÞRÓTTIR** Evrópumeistaramótið í frjálsíþróttum innanhúss fer fram í Belgrad í Serbíu um helgina og hefst í dag. Ísland á tvo keppendur á mótinu sem verða báðir í eldlínunni í dag – Aníta Hinriksdóttir keppir í 800 m hlaupi kvenna og Hlynur Andrésson í 3000 m hlaupi karla.

Aníta er með þriðja besta tíma ársins af skráðum keppendum í greininni en þó vantar marga af sterkustu hlaupurum Evrópu í mótið, til að mynda alla þrjá evrópska hlauparana sem komust í úrslit á Ólympíuleikunum í Ríó í sumar.

Aníta virðist í frábæru formi eftir að hafa dvalið í Hollandi stærstan hluta vetrarins þar sem hún hefur æft við nýjar aðstæður og undir leiðsögn nýs þjálfara, Hollendingsins Honore Hoedt. Aníta bætti til að mynda Íslandsmet sitt innanhúss á Reykjavíkurleikunum í janúar er hún hljóp á 2:01,56 mínútum.

Aníta á þó sjálfsagt meira inni enda bætti hún Íslandsmet sitt utanhúss í Ríó í sumar er hún hljóp á 2:00,14 mínútum.

„Það tók auðvitað tíma að koma sér fyrir og venjast nýjum aðstæðum en þannig væri það sjálfsagt alls staðar. Ég er mjög sátt,“ sagði Aníta í samtali við Fréttablaðið síðdegis í gær, er hún var að leggja lokahönd á undirbúning sinn fyrir mótið.

Aníta er í sterkum æfingahópi í Holland og æfði með honum í Portúgal áður en haldið var til Serbíu. „Það gekk vel og mér líður vel. Ferðalagið hingað var líka stutt,“ segir hún.

### Líklega áfram í Hollandi

Aníta útskrifaðist úr menntaskóla á síðasta ári og hafði lengi haft það í huga að prófa eitthvað nýtt, þó svo að henni hafi ávallt líkað vel að æfa heima.

„Það er stærra samfélag hlaupara úti og maður hefur því lært nýja hluti,“ segir hún. „Það eru líka ýmsir kostir þess að vera úti eins og að geta hlaupið á skógarstígum allan ársins hring. Þar er undirlagið mýkra og aðstæðurnar styrkjandi,“ segir Aníta.

Staðsetningin skiptir líka máli að sögn Anítu. „Það er auðveldara að komast í aðeins faglegri aðstæður ef þess þarf, maður kemst á sterkari mót og ferðalögin eru auðveldari.“

Hún reiknar frekar með því að vera áfram í Hollandi. „Mér líður vel og ég ætla að sjá til hvernig sumarið þróast. En ég hugsa að ég verði áfram enda vil ég gefa þessu tíma og leyfa prógramminu að virka,“ útskýrir hún.

### Bæting er bónus

Aníta segir erfitt að meta fyrirfram hvort aðstæður bjóði upp á metabætingu á mótinu um helgina.

„Það var mjög gaman að ná bætingu á RIG á heimavelli en maður veit aldrei hvernig meistaramót eins og þetta þróast. Maður verður í raun að vera tilbúinn fyrir hvað sem er. Keppnin verður fyrst og fremst við aðra keppendur um sæti en ef hlaupið verður hratt og möguleiki á að bæta sig þá er það bara bónus,“ útskýrir hún.

Aníta var í úrslitum á EM innanhúss í Prag fyrir tveimur árum og hafnaði þá í fimmta sæti. Selina Büchel frá Sviss bar sigur úr býtum þá og er mætt til Belgrad til að verja Evrópumeistaratitilinn.

„Það er góð breidd í keppendahópnum og það eru nokkuð margar sem eru jafnar að getu,“ segir Aníta sem vildi gjarnan komast aftur í lokaúrslitin, sem fara fram á sunnudag. „Það var gaman að vera í úrslitum síðast og markmiðið er að komast þangað aftur.“

> Maður verður í raun að vera tilbúinn fyrir hvað sem er. Keppnin verður fyrst og fremst við aðra keppendur um sæti en ef hlaupið verður hratt og möguleiki á að bæta sig þá er það bara bónus.
>
> Aníta Hinriksdóttir, 800 metra hlaupari

### Æft í Arizona

Innanhússtímabilinu lýkur hjá Anítu um helgina og áætlar hún að koma heim til Íslands í vikufrí til að hlaða batteríin.

„Svo hefjast grunnæfingar fyrir utanhússtímabilið og byrjum við á að fara í æfingaferð til Arizona í Bandaríkjunum þar sem æft er í þó nokkurri hæð,“ segir Aníta en stærstu mót sumarsins verða HM í frjálsum sem fara að þessu sinni fram í Lundúnum í ágúst og EM U-23 ára í Póllandi í júlí.

Keppni í grein Anítu hefst laust fyrir klukkan 10 í dag en undanúrslitin fara fram á morgun og úrslitin á sunnudag, sem fyrr segir. Hlynur keppir í undanrásum í 3000 m hlaupi síðdegis.

eirikur@frettabladid.is





**Waldorfskólinn Sólstafir Sóltúni 6 Reykjavík**

Innritun er hafin fyrir skólaárið 2017-2018.
Waldorfskólinn er sjálfstæður grunnskóli frá 1-10.bekk sem hefur skapandi skólastarf og mannrækt að leiðarljósi.
Opið hús í skólanum laugardaginn 4.mars frá 13-15

**www.waldorf.is**


## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**KR - Keflavík 82-80**
**Stigahæstir:** Brynjar Þór Björnsson 26, Philip Alawoya 20/12 fráköst/3 varin, Jón Arnór Stefánsson 16/5 frák./6 stoðs. - Amin Khalil Stevens 25/16 frák., Hörður Axel Vilhjálmsson 18/8 frák./10 stoðs., Magnús Már Traustason 14, Reggie Dupree 12.

**Grindavík - Stjarnan 77-96**
**Stigahæstir:** Ólafur Ólafsson 26, Lewis Clinch Jr. 19, Dagur Kár Jónsson 11, Ingvi Þór Guðmundsson 8 - Anthony Odunsi 21, Tómas Heiðar Tómasson 19, Eysteinn Bjarni Ævarsson 19, Hlynur Elías Bæringsson 18/11 frák./6 stoðs., Marvin Valdimarsson 12.

**Skallagrímur - Tindast. 81-88**
**Stigahæstir:** Flenard Whitfield 25, Sigtryggur Arnar Björnsson 21, Darrell Flake 15, Eyjólfur Ásberg Halldórsson 10 - Antonio Hester 28/12 frák, Pétur Rúnar Birgisson 26/6 frák./7 stoðs.r, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 9/7 stoðs..

**Þór Þorl. - ÍR 71-74**
**Stigahæstir:** Tobin Carberry 27/10 frák., Maciej Stanislav Baginski 12, Ólafur Helgi Jónsson 11/13 frák., Ragnar Örn Bragason 8 - Matthías Orri Sigurðarson 21, Danero Thomas 21, Sveinbjörn Claessen 14, Quincy Hankins-Cole 14/16 frák.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| KR | 32 | Keflavík | 20 |
| Tindastóll | 30 | Þór Ak. | 18 |
| Stjarnan | 30 | Njarðvík | 18 |
| Grindavík | 22 | Skallagrímur | 14 |
| ÍR | 20 | Haukar | 12 |
| Þór Þ. | 20 | Snæfell | 0 |

**Olís-deild karla**

**Akureyri - Afturelding 29-26**
**Markahæstir:** Bergvin Þór Gíslason 8, Igor Kopyshynskyi 5, Kristján Orri Jóhannsson 5/1, Mindaugas Dumcius 4 - Árni Bragi Eyjólfsson 7/4, Elvar Ásgeirsson 7, Kristinn Bjarkason 3, Mikk Pinnonen 3, Ernir Hrafn Arnarson 3 x.

**Haukar - Stjarnan 34-30**
**Markahæstir:** Ivan Ivkovic 8, Daníel Þór Ingason 6, Adam Haukur Baumruk 5, Heimir Óli Heimisson 5, Andri Heimir Friðriksson 4 - Gunnar Valdimar Johnsen 9, Garðar Benedikt Sigurjónsson 6, Ari Magnús Þorgeirsson 4, Andri Hjartar Grétarsson 4, Stefán Darri Þórsson 4.

**Selfoss - Fram 30-32**
**Markahæstir:** Teitur Örn Einarsson 7, Einar Sverrisson 6, Hergeir Grímsson 4, Elvar Örn Jónsson 4 - Þorgeir Bjarki Davíðsson 6, Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 6, Andri Þór Helgason 4, Arnar Birkir Hálfdánsson 4x.

**Valur - FH 23-26**
**Markahæstir:** Atli Már Báruson 6, Orri Freyr Gíslason 5, Josip Juric 5 - Ágúst Birgisson 7, Einar Rafn Eiðsson 6/1, Óðinn Þór Ríkharðsson 3

**ÍBV - Grótta 32-30**
**Markahæstir:** Sigurbergur Sveinsson 10, Theodór Sigurbjörnsson 8, Kári Kristján Kristjánsson 6, Róbert Aron Hostert 5 - Finnur Ingi Stefánsson 9/3, Leonharð Harðarson 7, Júlíus Þórir Stefánsson 5.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 28 | Selfoss | 17 |
| FH | 26 | Grótta | 15 |
| Afturelding | 25 | Fram | 15 |
| ÍBV | 23 | Stjarnan | 15 |
| Valur | 21 | Akureyri | 15 |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | WGC: Mexico | Golfstöðin |
| 19.25 | Augsburg - Leipzig | Sport 3 |
| 19.40 | Birmingham - Leeds | Sport 2 |
| 19.50 | Þór Ak. - Njarðvík | Sport |

**Domino's-deild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Haukar - Snæfell | Ásvellir |
| 20.00 | Þór Ak. - Njarðvík | Höllin |

# Mögulegt lokapróf stelpnanna í 3-5-2

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í fótbolta mæta Japan í öðrum leik liðsins á Algarve-mótinu í fótbolta klukkan 14.45 en leiknum verður lýst beint á Vísi. Ísland er með eitt stig í B-riðlinum eftir sterkt jafntefli við firnasterkt lið Noregs þar sem Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari gaf óreyndari leikmönnum tækifæri.

Japan er einnig ógnarsterkt en það spilaði til úrslita á HM 2015 í Kanada og varð heimsmeistari fjórum árum áður. Ísland og Japan hafa einu sinni mæst en það var einmitt á Algarvemótinu fyrir tveimur árum. Þá höfðu þær japönsku 2-0 sigur.

Stelpurnar okkar munu spila 3-5-2 leikkerfið í dag sem Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari prófaði fyrst á móti í Kína fyrir áramót.

„Þetta leikkerfi gekk vel þar að mörgu leyti á meðan við höfðum orku í það. Það var rakt loft í Kína og mér fannst liðið þreytt á þessum tíma. Það hélt vel á meðan við vorum með ferska fætur,“ sagði Freyr við íþróttadeild fyrir mótið. Landsliðsþjálfarinn vildi eiga aðra leikaðferð á lager til að geta til dæmis notað á Evrópumótinu í Hollandi í sumar. Það gæti ráðist í dag hvort þetta kerfi verði yfir höfuð notað til frambúðar eða ekki.

„Ég mun prófa það aftur og mun, eftir að hafa greint leikina, breyta tæknilegum útfærslum. Við munum prófa það á móti Japan þannig að það verður spennandi að sjá hvort við förum lengra með það eða látum staðar numið eftir Algarve,“ sagði Freyr.

Íslenska liðið þurfti að fá undanþágu hjá mótshöldurum til að gera breytingu á liðinu vegna meiðsla Söndru Maríu Jessen. Guðmunda Brynja Óladóttir hefur verið kölluð inn fyrir Akureyringinn sem meiddist illa gegn Noregi og verður ekki meira með á mótinu. **- tom**



**Sandra María Jessen verður ekki meira með.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Jóhann Berg í leik með Burnley.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Jóhann Berg enn úr leik

**FÓTBOLTI** Jóhann Berg Guðmundsson verður ekki í leikmannahópi Burnley fyrir leik liðsins gegn Gylfa Þór Sigurðssyni og félögum í Swansea um helgina. Jóhann Berg er að glíma við vöðvameiðsli í læri sem hann varð fyrir í bikarleik Burnley gegn Lincoln í síðasta mánuði. Hann hefur þó ekki spilað deildarleik síðan 2. janúar er Burnley tapaði fyrir Manchester City, 2-1.

Óvíst er hvort Jóhann Berg verður klár í slaginn þegar Ísland mætir Kósóvó í undankeppni HM 2018 þann 24. mars.

Leikur Burnley og Swansea fer fram á laugardaginn kl 15.00 og verður Gylfi Þór Sigurðsson á sínum stað í leikmannahópi síðarnefnda liðsins, sem er nú tveimur stigum frá fallsæti. Burnley er í ellefta sæti deildarinnar, sjö stigum á undan Swansea. **– esá**



**Hafdís Renötudóttir fagnar um síðustu helgi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Bikarhetjan í landsliðið

**HANDBOLTI** Hafdís Renötudóttir, markvörður Stjörnunnar, er eini nýliðinn í landsliðshópi Axels Stefánssonar sem hann valdi fyrir æfingaferð landsliðsins til Hollands. Ísland spilar þar tvo leiki, 17. og 18. mars, við geysisterkt lið Hollands. Hafdís sló í gegn á nýliðinni bikarhelgi í handbolta er hún átti stórleik í úrslitaleiknum gegn Fram.

Sunna Jónsdóttir gat ekki gefið kost á sér í verkefnið vegna meiðsla og þá mun Lovísa Thompson spila með U-19 landsliðinu í undankeppni EM á sama tíma. **– esá**


# Sölu-sýning

## Á morgun, laugardag, efnum við til sölusýningar í verslun okkar, Nóatúni 4.

Þar gefst tækifæri til að skoða allt það nýjasta sem við bjóðum.

Má þar nefna splunkunýjar uppþvottavélar frá Siemens og Bosch með til að mynda alveg einstakri Zeolith®-þurrkun, sem þurrkar allt eins og best verður á kosið, líka plastið. Síðan erum við alveg sérlega hrifin af nýja 60° C hraðkerfinu þar sem þvotturinn tekur aðeins 60 mínútur með þessum fína árangri.

Svo skuluð þið alveg endilega skoða bakstursofnana með brennslusjálfhreinsun sem fengu nýlega hæstu einkunn hjá sænska neytendablaðinu Testfakta. Nú fá burstinn og hreinsiklúturinn að hvíla sig því að sjálfhreinsunin sér um öll þrif. Siemens hefur framleitt ofna með brennslusjálfhreinsun í 47 ár eða síðan 1970. Er ekki kominn tími til að hætta að skrúbba ofninn?

**Fjöldi tilboða í tilefni dagsins. Veitum afslátt af öllum vörum sem ekki eru á Tækifærisverði.**

**Komið og njótið dagsins með okkur!**




Kíktu á nýja Tækifærisbæklinginn okkar!

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is








**Elvar er hér í búningi Barry þar sem hann hefur farið á kostum.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Ég ligg ekki bara í sólbaði

**Njarðvíkingurinn Elvar Már Friðriksson hefur farið á kostum með Barry-háskólanum í Miami. Hann var kjörinn besti leikmaður SSC-deildarinnar og er á leið í úrslitahelgi þar sem hann ætlar alla leið.**

**KÖRFUBOLTI** „Úrslitahelgin fer fram í Daytona og þetta verður mikil upplifun,“ segir Elvar Már Friðriksson en hann er búinn að leiða Barry-háskólann frá Miami í undanúrslit í Sunshine State-deildinni, SSC, í Bandaríkjunum.

Njarðvíkingurinn hefur farið á kostum í liði Barry með 16,5 stig og 7,8 stoðsendingar að meðaltali í leik. Barry vann deildina og Elvar Már var kosinn besti leikmaður deildarinnar. Hann átti stórleik er Barry lagði Florida Tech, 87-84, í átta liða úrslitum SSC. Þá skoraði hann 20 stig, gaf 11 stoðsendingar og tók 7 fráköst.

## Æfir alltaf aukalega

„Mér líkar mjög vel hérna. Ég er í góðu umhverfi og það finnst mér skipta máli. Það er aðalástæðan fyrir að mér gengur svona vel,“ segir Elvar hógvær en hann leggur mikið á sig.

„Ég æfi aukalega alla daga og er ekkert í sólbaði út í eitt. Það skemmir ekkert að hafa þetta veður hérna þó svo maður eyði mestum tíma innandyra. Mér finnst ég vera að bæta leik minn heilt yfir. Ég hef verið að leggja áherslu á að bæta hraða og styrk. Ég hef verið með lyftingaáætlun frá landsliðinu svo skýt ég mikið aukalega. Ég er því að bæta mig jafnt og þétt.“

Það er auðvitað mikill heiður fyrir Elvar Má að hafa verið valinn bestur í deildinni. Hann var valinn nýliði ársins í fyrra og er annar leikmaðurinn í sögu deildarinnar sem hlýtur báðar útnefningarnar.

## Skemmtileg viðurkenning

„Það var ágætis viðbót við að vinna deildina. Kjörið var á milli mín og eins liðsfélaga míns. Ég held ég hafi unnið hann með einu atkvæði. Ég var því heppinn að vinna og ég er mjög glaður með það. Þetta er skemmtileg viðurkenning,“ segir Njarðvíkingurinn en fyrsta árið í Bandaríkjunum var hann í LIU-háskólanum í New York. Hann sér ekki eftir að hafa skipt og segist hafa valið rétt. Verki Elvars og félaga er ekki lokið og þeir ætla sér alla leið um helgina.

> **Áður en ég kom út var markmiðið alltaf að komast í atvinnumennsku. Eftir tímann hér verð ég meira tilbúinn. Bæði sem leikmaðu og manneskja.**
>
> Elvar Már Friðriksson

„Við unnum deildina og ég held að við séum líklegastir. Þetta er samt útsláttarkeppni og þá veit maður aldrei hvað gerist. Það er svolítið spurning um dagsformið í þessum leikjum. Ég tel okkur líklega. Erum á góðu skriði og ég held að við eigum góða möguleika. Þetta verður mikil upplifun og mikil umgjörð í kringum helgina. Þetta verður mjög amerískt. Þeir kunna þetta hérna,“ segir Elvar léttur en hann er í krefjandi námi í viðskiptastjórnun. „Þetta er bara körfubolti og skóli hérna.“

Elvar Már klárar námið næsta vetur og tók aldrei annað í mál. „Menntunin er jafn mikilvæg og körfuboltinn,“ segir þessi hæfileikaríki leikmaður en hann hefur sett stefnuna á atvinnumennskuna eftir háskólanámið.

„Áður en ég kom út var markmiðið alltaf að komast í atvinnumennsku. Ég ætlaði að nota þetta sem stökkpall í atvinnumennskuna og eftir tímann hér verð ég meira tilbúinn í það. Bæði sem leikmaður og manneskja.“

## Ætlar að komast á EM

Hugur Elvars er aftur á móti ansi mikill á EM í körfubolta en þangað ætlar hann sér að komast.

„Það er mín aðalhvatning að komast á EM. Ég missti af því síðast þar sem ég var að skipta um skóla. Ég ætla ekki að missa af því aftur. Ég hef lagt hart að mér og ætla að komast í hópinn.“ **henry@frettabladid.is**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
3. MARS 2017 FÖSTUDAGUR

Lífsstíll

# SAKNAR KRAFTSINS Í ÍSLENSKU ÞJÓÐINNI

**Guðbjörg Jakobsdóttir** fatahönnuður flutti með fjölskylduna til Kanada eftir að hafa landað draumastarfinu með einum netsmelli. Hún hannar útivistarfatnað fyrir Arcteryx og segir íbúa Vancouver milda eins og veðurfarið. Hún sakni stundum hamagangsins í Íslendingum.





**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



» Ég sá auglýsingu á LinkedIn, ýtti á hnapp og nældi í starfið,“ segir Guðbjörg Jakobsdóttir, fatahönnuður hjá útivistarfyrirtækinu Arcteryx í Vancouver í Kanada. Hún segist hafa fundið draumastarfið sitt og hefur fjölskyldan verið búsett í Vancouver síðustu tvö árin.

Guðbjörg lærði fatahönnun við Listaháskóla Íslands en hafði þó ekki endilega séð fyrir sér að verða fatahönnuður.

### HISSA AÐ FATAHÖNNUN VÆRI STARF

„Ég byrjaði á hálfgerðum villigötum, hafði ekki dottið í hug að fatahönnun gæti verið eitthvað fyrir mig. Ég man meira að segja vel þegar ég kynntist fatahönnuði í fyrsta sinn,“ rifjar Guðbjörg upp en hún aðstoðaði Filippíu Elísdóttur fatahönnuð við búninga fyrir stuttmynd.

„Ég varð svakalega hissa á að það væri hreinlega hægt að vinna við slíkt á Íslandi. Einhvern veginn vissi ég ekki að föt væru framleidd annars staðar en á tískupöllunum í París og NY og fannst þetta vera í órafjarlægð frá mínum veruleika,“ segir Guðbjörg.

„Ég hafði unnið sem stuðningsfulltrúi á sambýlum, reyndi fyrir mér í kvikmyndagerð sem síðan opnaði fyrir mér þennan nýja heim hönnunar og framleiðslu. Þegar ég hóf námið í LHÍ fannst mér ég í fyrsta skipti tilheyra einhverjum hópi fólks. Ég hafði alltaf upplifað sjálfa mig svolítið á ská en þarna smellpassaði ég í hópinn,“ segir Guðbjörg.

Í æsku skipti hún oft um skóla og þegar í framhaldsskóla var komið var hún lengi að finna rétta hillu.

### RÓTLEYSIÐ ENDAÐI Í LHÍ

„Ég var í Kársnesskóla, Snælandsskóla, Grunnskóla Tálknafjarðar og svo aftur í Snælandsskóla. Þegar kom að framhaldsskóla var ég í MÍ í almennu bóknámi og skíðamennsku, Iðnskólanum í Reykjavík, þar sem ég ætlaði að læra gullsmíði en slasaðist á hendi og gat ekki klárað. Svo var það aftur MÍ og þá datt mér í hug að læra líffræði eða eitthvað slíkt. Það entist ekki lengi. Að lokum var fjölskyldan alveg komin með nóg af þessu rótleysi hjá mér og bókstaflega ýtti mér í fornám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þar loks fann ég eitthvað nær mínu sviði. Ég stefndi á myndlistarnám og reyndi alloft að komast inn í myndlistadeild LHÍ en þegar ég hafði loks vit á að sækja um í fatahönnun komst ég inn í fyrstu tilraun,“ segir Guðbjörg sposk.

Námið við LHÍ reyndist gæfuspor og starfaði Guðbjörg meðal annars við hönnun hjá útivistarfyrirtækinu Cintamani í fimm ár. Þaðan lá leiðin til Arcteryx sem hannar og framleiðir vörur fyrir útivistarfólk og segir Guðbjörg að þó að námið við LHÍ hafi verið afar góður undirbúningur hafi hún farið í gegnum mikinn skóla í nýju vinnunni.

### LEIÐANDI Í ÚTIVISTARFATNAÐI

„Ég starfa sem hönnuður hjá Arcteryx, bæði fyrir skíðafatnað og höfuðföt. Hjá Arcteryx er að finna gríðarlega tæknikunnáttu og handverksfólk í hæstu gæðum. Við vinnum eftir allt öðru ferli en önnur merki og erum stolt af því að hafa náð að fjöldaframleiða handverkið án málamiðlana. Fyrst haslaði Arcteryx sér á völl með því að gjörbylta gerð klifurbelta og ekki löngu seinna varð fyrirtækið leiðandi í framleiðslu útivistarfatnaðar. Fyrirtækið er kvartaldar gamalt og hefur vaxið samhliða Gore-Tex framleiðandanum og saman eru þessi fyrirtæki í fararbroddi nýjunga og gæða innan bransans.

Í dag er Arcteryx þekktast fyrir GoreTex útivistarfatnað. Það var gríðarlega mikið stökk að fara frá hefðbundnu hönnunarstarfi, þar sem hönnuðir teikna upp stíla og senda fyrirmæli til verksmiðju um prótótýpugerð og bíða svo eftir að fá prufur inn í hús.

Hönnuðir Arcteryx þurfa að leysa öll tæknileg vandamál og finna nýjar lausnir á framleiðslu áður en hönnunin er send út úr húsi og hér hef ég lært hvert einasta smáatriði sem snertir flíkina. Þetta væri sennilega sambærilegt við tískuhúsin í París þar sem vörurnar eru fullgerðar í húsi. Það var líka mikill skóli að læra regluverk GoreTex til að standast veðurpróf og fá viðurkenningarstimpilinn þeirra á vöruna.“

### STEFNDI Á SKÍÐAMENNSKU

Guðbjörg er Kópavogsbúi með sterkar rætur til Ísafjarðar. Hún stundaði skíðaíþróttina af kappi sem barn og stefndi á frækinn keppnisferil. Meiðsli bundu enda á þá drauma en hún nýtir þó hvert tækifæri til þess að heimsækja brekkurnar í Vancouver með fjögurra ára syni sínum.

„Ég er Kópavogsbúi og alin þar upp mestmegnis en það býr í mér dálítill Ísfirðingur. Ég á ættir þangað að rekja, föðurmegin, og bjó þar í þó nokkur ár eftir grunnskóla til tvítugs. Ég fór fyrst til Ísafjarðar til að geta einbeitt mér að skíðamennskunni en ég æfði skíði og keppti fyrir ÍR sem unglingur. Þar var boðið upp á framhaldsskólanám sem var sniðið að þörfum keppniskrakka og ég fór að æfa með ísfirsku krökkunum.

Í lok fyrsta vetrar féll snjóflóð á skíðasvæðið og þar með enduðu þau áform. Næsta vetur bjó ég í Reykjavík en þar gat ég heldur ekki æft og keppt því ég slasaðist lítils vegar um haustið og svo ætlaði ég aldeilis að taka á því um vorönnina. Ég datt hins vegar á fyrstu æfingunni og slasaðist frekar illa á baki. Þar var keppnisferillinn á enda,“ segir Guðbjörg. Útivistarmanneskjan blundar þó sterkt í henni.

„Ég er bókstaflega alin upp á skíðasvæðinu í Hamragili og fer núna með einkasoninn á skíði um helgar. Vancouver er algjör útivistarparadís og við eyðum frítímanum okkar mestmegnis úti, hvort sem það er á skíðum, í gönguferðum, heimsóknum á ströndinna eða kajakferðum og hjólreiðum.

Við erum þrjú búsett í Vancouver; ég, maðurinn minn og sonur okkar en á sumrin og um jól bætist við dóttir okkar sem býr hjá mömmu sinni á Íslandi yfir skólaárið. Þá er fjölskyldan fullkomnuð og við njótum þess að vera saman. Við erum fjölskyldumiðuð í flestu sem við gerum enda eru æskuár barnanna stutt og við viljum njóta þessa tíma með þeim eins mikið og hægt er,“ segir Guðbjörg.

Fjölskyldan kann afar vel við sig í Vancouver. Fólkið þar er vinalegt, svo vinalegt að hún saknar stundum hamagangsins sem getur einkennt Íslendinga.

### FÓLKIÐ MILT EINS OG VEÐRIÐ

„Vancouver er einstök borg í Kanada. Hún stingur svolítið í stúf en fólkið hér er ákaflega þægilegt og víðmótsljúft eins og Kanadabúar eru upp til hópa. Það er kannski ekki auðvelt að henda reiður á hvað það er sem gerir hana öðruvísi. Kannski það að borgin byggðist fyrst af innfæddum og Asíubúum og hefur vaxið gríðarlega hratt síðan um miðja síðustu öld. Hér er fólk alls staðar að en sérlega hátt hlutfall af fólki frá Kína og Kóreu. Í flestum borgum í Kanada er franska annað mál á skiltum og pappírum en í sumum hverfum hér er mandarín númer tvö.

Annars búum við í Norður-Vancouver þar sem stór hópur flóttafólks frá Íran settist að þegar klerkastéttin tók yfir og þetta er klárlega langbesta hverfið að búa í. Við getum keypt dásamlegan persneskan mat í hverfinu: baklava, hummus, sangak-brauð, döðlur og ferskar pistasíuhnetur eru algjör dásemd,“ segir Guðbjörg og ekki skemmi verðlagið fyrir.

„Vancouver er algjör gourmetborg þar sem hægt er að nálgast góðan mat frá öllum heimshornum, mun ódýrari en á Íslandi. Leigan þykir reyndar fáránlega dýr þótt hún sé á pari við Ísland en barnagæslan hér er ekki greidd niður svo að það er ekki á allra færi að borga leikskólagjöldin. Það var algjört sjokk fyrir okkur að borga um það bil hundrað þúsund krónum meira í leikskólakostnað. Veðurfarið hér er mjög milt, bærir varla vind og það rignir mikið á veturna. Fólkið hér er í stíl við veðurfarið, rólegt og afslappað.

Stundum sakna ég roksins og kraftsins í íslensku þjóðinni. Það eru alltaf meiri læti og kjarkur í okkur,“ segir Guðbjörg. „Annars sakna ég þess sérstaklega að rekast á kunningja á förnum vegi og þess að fara á tónleika.“



Guðbjörg kann afar vel við lífið í Vancouver, verðlagið sé þægilegt, maturinn góður og fólkið ljúft eins og veðurfarið.



Fölskyldan er duglega að nýta sér útivistarperlur Vancouver.



„Ég starfa sem hönnuður hjá Arcteryx, bæði fyrir skíðafatnað og höfuðföt. Hjá Arcteryx er að finna gríðarlega tæknikunnáttu og handverksfólk í hæstu gæðum,“ segir Guðbjörg. MYND/ARCTERYX



„Ég byrjaði á hálfgerðum villigötum, hafði ekki dottið í hug að fatahönnun gæti verið eitthvað fyrir mig. Ég man meira að segja vel þegar ég kynntist fatahönnuði í fyrsta sinn. Ég varð svakalega hissa á að það væri hreinlega hægt að vinna við slíkt á Íslandi.“







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Sigríður Inga Sigurðardóttir, *sis@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


FERMINGARGJÖFIN Í ÁR?
ARC-TIC RETRO
VERÐ FRÁ:
29.900,-
Sölustaðir:
Gilbert úrsmiður
Laugavegi 62
Gullbúðin
Bankastræti 6
Meba / Rhodium
Kringlunni og Smáralind
Kaupmaðurinn
Ísafirði
Georg Hannah
Keflavík
Guðmundur Hannah
Akranesi
Karl úrsmiður
Selfossi
Your Perfect Day verslun
Hilton Nordica, Natura og Marina Hótel
ARC·TIC
ICELAND
www.arc-tic.is
GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551 4100
www.arc-tic.is

# GENGIÐ Á MILLI HELGRA STAÐA

**Elínborg Sturludóttir** prestur hefur sérhæft sig í pílagrímsfræðum. Hún stendur að sex daga pílagrímagöngu milli Bæjar í Borgarfirði og Skálholts í sumar. Pílagrímslíf snýst um að vera almennilega manneskja, að sögn Elínborgar.

**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@365.is



Elínborg fékk ársleyfi frá störfum sem prestur í Stafholti í fyrra og vinnur nú að meistararitgerð um pílagrímaguðfræði og -ferðir.

„Pílagrímsgöngur hafa verið stundaðar í öllum trúarbrögðum frá örófi alda og var rík hefð í kristinni trú á miðöldum að ganga á helga staði. Í Evrópu var helst gengið til Rómar, Santiago De Compostela á Spáni og Niðaróss í Noregi,“ segir Elínborg en fólk hafði mismunandi ástæður fyrir því að leggja slíka göngu á sig. „Sumir voru í ævintýraleit, aðrir vildu efla sig í trúnni. Margir trúðu að helgir staðir byggju yfir lækningamætti og fóru þangað í von um að geta læknast af sjúkdómum. Síðan var farið í yfirbótargöngu en það voru oft menn sem höfðu brotið af sér og hétu að ganga á ákveðinn stað til þess að snúa við blaðinu.“

## SPEGILL AF LÍFINU SJÁLFU

Pílagrímsgöngur lögðust nær af en í kringum síðustu aldamót jókst áhugi á þeim og þá helst Jakobsveginum. „Það var eins og fólk hefði uppgötvað fjársjóð og sá hvað þetta er ótrúlega magnað. Pílagrímsganga er mjög heilandi og breytir jafnvel lífi fólks. Líkt og áður er fólk í ævintýraleit, aðrir að vinna úr sorg eða erfiðri lífsreynslu, sumir standa á krossgötum og vilja taka nýja stefnu í lífinu. Svo er fólk sem upplifir að það er komið í öngstræti og verður að finna nýja leið til að lifa.“



Á pílagrímsgöngu sér fólk hvað skiptir máli í lífinu, að sögn Elínborgar.



Upphafsstaður göngunnar að sumri til.



Leiðin frá Bæ í Borgarfirði að Skálholti er einkar fögur.

Flestir ganga frá Frakklandi yfir Pírenafjöllin og til Santiago De Compostela, rúma 800 kílómetra. Elínborg segir gönguna eins og spegilmynd af lífinu sjálfu, frá vöggu til grafar. „Fólk upplifir magnað, kærleiksríkt samfélag þar sem aðrir vilja hjálpa því að komast á leiðarenda og ég hef upplifað það sjálf. Í nútímalífi er mikil streita, margir brenna út, fólk er undir gríðarlegu álagi og stundataflan svo stíf að margir sjá ekki út úr augum. Á svona göngu sér fólk hvað skiptir raunverulegu máli í lífinu. Það gengur frá ákveðnum lífsstíl og finnur merkingu og tilgang,“ útskýrir Elínborg sem hefur gengið fyrstu tvo áfanga Jakobsvegarins. „Ég hef líka gengið gamla pílagrímsleið á Jótlandi sem heitir Hervejen, um Ólafsveginn í Noregi, hluta af gömlu pílagrímsleiðinni Via Francigena á Ítalíu sem liggur til Rómar. Evrópa er í raun sundurskorin af gömlum pílagrímsleiðum.“

## STIKUÐU LEIÐINA

Í sumar stendur Elínborg að pílagrímsgöngu á milli Bæjar í Borgarfirði og Skálholts í sjöunda sinn. „Ég fékk kollega mína hér í héraðinu þá sr. Geir Waage og sr. Flóka Kristinsson til að standa með mér fyrir gönguferðum á milli kirkna um allt héraðið fyrir nokkrum árum og er skemmst frá því að segja að þessar göngur urðu mjög vinsælar. Það tók nokkra sunnudaga. Svo varð úr að við gengum með hóp úr Borgarfirði alla leið í Skálholt og það höfum við gert undanfarin ár. Frá 2004 hefur verið farin pílagrímsganga frá Þingvöllum á Skálholtshátíð. Okkur hafði um skeið dreymt um að lengja göngurnar, en við höfðum þessa erlendu fyrirmynd. Við stofnuðum félagið Pílagrímar, ásamt Huldu Guðmundsdóttur, guðfræðingi og kirkjubónda á Fitjum, og félagsskapurinn hefur staðið fyrir fræðslu um pílagrímsferðir og ráðstefnu um pílagrímsguðfræði. Auk þess höfum við sett upp merkingar og stikað leiðina frá Bæ í Skálholt svo fólk geti gengið þessa leið á eigin vegum. Við höfum ekki verið ein í þessu, við höfum notið ýmissa styrkja og velvildar góðra manna.“



Elínborg hefur sérhæft sig í pílagrímaguðfræði.

Elínborg hefur einnig verið í samstarfi við Margréti Njarðvík hjá ferðaskrifstofunni Mundo og Ferðafélag Íslands. „Í vetur höfum við Margrét í Mundo verið að undirbúa pílagríma fyrir Jakobsveginn og gengið eina dagleið í senn á milli Bæjar og Skálholts. Í sumar mun Pílagrímafélagið í samstarfi við Ferðafélag Íslands ganga alla leiðina á sex dögum. Við blöndum saman útivist og hreyfingu, sem gerir öllum gott, og andlegri rækt.“

Elínborg segir það ákveðinn lífsstíl að vera pílagrímur í nútímanum. „Þetta snýst um að efla líkama og anda, einfalda líf sitt, vera nægjusamur og lifa hófstilltu lífi í sátt við náttúruna og umhverfið. Lifa góðu lífi og vera almennileg manneskja.“



# Fyrsta heimilið

3. mars 2017

**KYNNINGARBLAÐ** Búseti | Sjóvá | Birgisson | Jóhann Ólafsson | IKEA | Ísleifur Jónsson |



# Fyrsta heimilið – stórt skref

Það eru stór skref að flytja að heiman úr foreldrahúsum. Því fylgir aukið sjálfstæði og frelsi en einnig aukin ábyrgð og skyldur. Ísskápurinn hættir að fyllast sjálfkrafa og húsálfurinn hættir að koma og þrífa. Þetta er hins vegar mikilvægt og nauðsynlegt skref að taka.

Búseti er húsnæðissamvinnufélag sem á 34 ára farsæla sögu. Félagið er rekið án hagnaðarsjónarmiða en með sjálfbærni að leiðarljósi. Félagið fær ekki opinbera niðurgreiðslu, er opið öllum og er í eigu allra félagsmanna. Það kostar einungis 5.500 krónur á ári að vera félagsmaður. Með því opnar maður tækifæri til húsnæðis en það er hins vegar margra ára bið í elstu og ódýrustu eignirnar. Auðveldast er að fá nýjar eignir. Kannski eru margir sem ekki þekkja starfsemina.

Gísli Örn Bjarnhéðinsson er framkvæmdastjóri Búseta. Hann segir að fólk komi oft til að spá og spekúlera, reyni að átta sig á markaðnum og hvernig starfsemin virki. „Við reynum að útskýra og ráðleggja fólki og skilja mismunandi kosti og galla húsnæðisvalkosta," segir hann.

„Lífið er endalaust val, mismunandi leiðir, mismunandi kostir og gallar við hverja leið. Það sama gildi um húsnæði, plúsar og mínusar. Besta lausnin er því ekki endilega ein ákveðin leið fyrir alla. Hér á landi er fyrst og fremst um þrjá valkosti að ræða, leiguhúsnæði, búseturéttarhúsnæði og eigin kaup. Erlendis eru fleiri leiðir í boði þar sem húsnæðismarkaðir eru þroskaðri og stærri," útskýrir Gísli.

### Leiguíbúðir – langur biðlisti

Leiguíbúð er algeng sem fyrsta heimili. Kostir leiguíbúða eru litlar skyldur og þekktar mánaðargreiðslur en um leið fylgja þeim takmörkuð réttindi og öryggi. Leiga er yfirleitt dýrasta húsnæðisformið til lengri tíma litið enda greiðir leigjandi leigu miðað við 100% verðmæti íbúðarinnar sem hann nýtir auk kostnaðar. Skortur er á traustum leigusölum hér á landi sem hækka ekki stöðugt leiguna í hvert sinn sem fasteignaverð hækkar. Leigu fylgir hins vegar meira frelsi er snýr að óvæntum viðhaldsgreiðslum og óljósri framtíð vegna vinnu og sambúðar. Fyrir ungt fólk sem er að fara í sína fyrstu sambúð þá getur leiga hentað mjög vel og einnig þeim sem eru að horfa til skemmri tíma og hafa takmarkað eigið fé eða vilja ekki binda sig við fasteign – ævintýrin bíða og framtíðin er óljós þegar maður er ungur. Fasteign getur einnig verið flókið fyrirbæri að reka. Leigufélag Búseta er með um 200 leiguíbúðir en þar er biðlisti á annað ár.

### Fyrstu íbúðarkaup

Að kaupa fasteign er einnig valkostur en því fylgir meiri skuldbinding og krefst þess að kaupendur eigi 15-25% eigið fé og standist greiðslumat. Kaup á fasteign hefur bæði kosti og galla. Helsti kosturinn er auðvitað möguleikinn að fasteignin hækki mikið í verði. Þú ræður flestum málum sjálf/ur í samvinnu við húsfélagið. Það kostar þó meira að kaupa í upphafi og eigandi tekur áhættu vegna viðhalds og ástands íbúðar. Hann tekur einnig stór lán sem hann er í ábyrgð fyrir og losnar ekki frá nema að selja. Tímasetning kaupa skiptir miklu máli því fasteignamarkaðinum má líkja við rússíbana sem fer upp og niður. Það er ekki heldur alltaf auðvelt að selja. Þú getur bæði aukið við eigið fé þitt ef fasteignaverð hækkar hratt og umfram verðbólgu en einnig tapað ef verðið lækkar eða verðbólga er mikil. Þá er mikilvægt að gera ráð fyrir óvæntum útgjöldum og viðhaldi sem getur verið um




Gísli Örn Bjarnhéðinsson, framkvæmdastjóri Búseta, segir að fólk komi oft til að spá og spekúlera og reyni að átta sig á markaðnum. MYND/STEFÁN



Nýjar fallegar Búsetuíbúðir við Háteigsveg og Þverholt.

1-3% á ári að meðaltali af verðmæti fasteignarinnar, allt eftir aldri, húsgerð og viðhaldssögu. Með ákveðinni einföldun má segja að það er mikilvægt fyrir fólk sem ætlar að kaupa að horfa til lengri eignartíma en styttri og að hafa svigrúm til að takast á við áföll og viðhaldsskuldbindingar í greiðslubyrði sinni.

### Búseturéttur algengur erlendis

Búseturéttur er síðan þriðja húsnæðisformið, algengt erlendis en minna þekkt hér á landi. Fyrir fróðleiksfúsa er hægt að gúgla co-op housing fyrir þá sem vilja kynna sér ólík form og eðli þeirra. Með búseturéttinum er reynt að fara bil beggja, það er leigu og kaupa. Segja má að þú kaupir hluta og leigir hluta. Þú hefur meiri réttindi en leigjandi en einnig meiri skyldur og ábyrgð. Með kaupum á búseturétti ertu líkt og eigandi í þeim skilningi að það er ekki hægt að segja þér upp eða hækka mánaðargjaldið nema fyrir því liggi eðlilegar ástæður t.d. hækkun fasteignagjalda. Það er enginn fjárfestir að taka arðsemi af fasteigninni eins og í leigu – þú ert eigandinn að félaginu ásamt þúsundum annarra. Félagið safnar fyrir viðhaldi, því allir borga í viðhaldsjóð sem er samtrygging sem er þannig jafnað út yfir tíma. Hjá Búseta fær fólk því ekki milljón króna bakreikning vegna þakleka og það hefur gott aðgengi að þjónustu. Greiðslubyrðin er því alla jafna lægri og þekktari en með því að kaupa ef allt er reiknað og sambærilegar eignir eru bornar saman. Það kostar lítið að kaupa búseturétt og það kostar lítið að selja. Helsti ókostur búseturéttarformsins er sá að ef það verða miklar verðhækkanir á fasteign yfir langan tíma þá hækkar eigið fé þitt einungis í takt við vísitölu neysluverðs, þegar þú ákveður að selja búseturéttinn þinn. Mikilvægt er einnig að átta sig á að búseturétturinn sem þú kaupir er þitt eigið fé og í honum felst þín áhætta. Ávinningurinn er lægri mánaðarleg greiðslubyrði því peningurinn liggur ekki inni á bók hjá Búseta heldur fór til að greiða smíðnum fyrir húsið hjá þeim sem fyrst keypti og skiptir síðan um hendur þegar fólk flytur. Það er því skynsamlegt að halda áfram að spara og leggja til hliðar ef þess er kostur.

## Húsnæðiskostnaður - áætlun

Hvað kostar að reka íbúð sem ég kaupi á 30 m?
Dæmi um 30 milljón króna eign

| | |
|---|---|
| 20% **6.000.000** | Eigið fé |
| 80% **24.000.000** | Lán |
| **30.000.000** | Verðmæti íbúðar |
| **15.000** | Fasteignagjöld og tryggingar |
| **37.500** | Viðhald 1,5% af verðmæti |
| **17.000** | Hússjóður *hiti og þrif o.fl.* |
| **2.000** | Innbústrygging *bruni, vatn og innbrot* |
| **108.000** | Afborgun láns *24 m* |
| **179.500** | Samtals húsnæðiskostnaður á mánuði |

### Annað til að hafa í huga

| | |
|---|---|
| **15.000** | Sími, sjónvarp og internet |
| **20.000** | Vextir á eigið fé, 6 m 4% /12 á reikning sbr. við leigu |

*Hér er ekki reiknað hvað kostar að kaupa og selja*
*Viðhald reiknað sem nálgun að meðaltali*

### Góð ráð fyrir nýliða á fasteignamarkaði:

- Hafðu ávallt einhvern reyndari með þér að skoða, sérstaklega ef þú ert að spá í að kaupa. Ekki er allt gull sem glóir.
- Afborgun lána er ekki það sama og heildar húsnæðiskostnaður – gerðu áætlun
- Þegar þú berð saman eignir þarf að horfa til aldurs, ástands og standsetningar. Reikna má með að lagnir, gluggar og þak sé lélegt í eldri eignum. Er safnað í hússjóð í eigninni eða á næsti að borga?
- Hafðu allar greiðslur rekjanlegar með bankamillifærslum. Samkomulag rafrænt og skriflegt. Aldrei borga eða taka við pening yfir borðið.
- Forgangsraðaðu í greiðslum, leiga, lán, hiti og rafmagn fyrst, áfengi og út að borða síðast ef það er afgangur. Greiddu í sparnað ef þú getur, þó það sé lítið. Þvottavélin mun bila.
- Umgengni er mikilvæg – mundu að lofta vel út, þrífa reglulega og vera vakandi fyrir leka í baðherbergjum. Trassaskapur og óþrif kosta fjármuni. Vatn og raki skemmir.
- Fasteignir eru handverk og ekki gallalaus eins og nýr bíl af færibandi – gerðu ráð fyrir að þurfa dytta að hlutum og bæta. Þetta er ekki fullkominn heimur.
- Vertu góður nágranni, hjálpist að við garð og sameign, taktu upp rusl sem einhver hefur misst eða vindurinn blásið inn á lóðina. Bjóddu góðan daginn og brostu – þannig skapast betra samfélag í húsum.

### Nýjar, litlar íbúðir

Eitt af því sem er erfiðast fyrir ungt fólk í dag er að byrja og safna sér nægu eigin fé. Í dag er Búseti að bjóða upp á svokallaða A-leið. Þar gefst fyrstu kaupendum tækifæri til að kaupa búseturétt að andvirði 20% með aðeins um 5% greiðslu, eða að lágmarki tvær milljónir. Afganginn, hin 15 prósentin, eignast kaupandi smátt og smátt og eignast þannig um 20% eftir 15 ár eða styttri tíma því alltaf má greiða hraðar til að lækka greiðslubyrðina. Það má líkja þessu við að eignast hluta af leigunni sem er einsdæmi hér á landi.

Þetta er núna í boði fyrir nýjar eignir við Einholt/Þverholt. Um er að ræða stúdíó og tveggja herbergja með bílastæði í kjallara sem eru verðlagðar frá 30 milljónum króna. Það verður að teljast hagstætt verð því tveggja herbergja íbúð í úthverfi í 20-30 ára gömlu húsi án bílastæðis í kjallara kosta um 30 milljónir í dag. Búseturétturinn er því frá 6 til 7 milljónum króna og þannig er hægt að sleppa inn með aðeins tvær milljónir í glænýtt húsnæði miðsvæðis í borginni. Þegar aðstæður breytast eða fjölskyldan stækkar er hægt að færa sig í stærra eða kaupa fasteign þar sem eignin hefur aukist. Því miður eru þessar eignir allar uppseldar í bili en í lok árs má reikna með að boðnar verði til sölu um 80 búseturéttaríbúðir þar sem tæplega 50 eru stúdíó og tveggja herbergja sem verða afhentar á vordögum 2018.

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jón Ívar Vilhelmsson | jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

**BÚSETI™**

NÝTT

# GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR
# Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR

## SALA Á 2. ÁFANGA SMIÐJUHOLTS ER HAFIN

### VANDAÐAR OG FULLBÚNAR ÍBÚÐIR AF FJÖLBREYTTUM STÆRÐUM
### 3JA & 5 HERBERGJA





### HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR HVAÐ ER INNIFALIÐ Í MÁNAÐARLEGU BÚSETUGJALDI?

- Fjármagnskostnaður
- Fasteignagjöld
- Bruna- og húseigendatrygging
- Fráveitugjöld
- Hiti íbúðar
- Hiti og rafmagn sameignar
- Rekstur bílageymslu
- Rekstur á tæknikerfum og lyftu
- Þrif á sameign
- Garðumhirða
- Sorphirðugjöld
- Þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóði

### VANDAÐUR FRÁGANGUR

- Íbúðir afhendast fullbúnar með gólfefnum
- Vandaðar innréttingar frá GKS
- Spanhelluborð og blástursofn
- Myndavéladyrasími
- Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum
- Rafmagnstengi við öll sérbílastæði
- Aðstaða til hjólaviðgerða í kjallara
- Afnot af sal og „laundromat“ Smiðjuholts
- Glæsilegur innri garður með dvalarsvæðum
- Fyrirmyndar aðgengi og hljóðvist

### ÁVINNINGUR MEÐ BÚSETAÍBÚÐ

- Örugg búseta meðan þér hentar
- Þú festir minni fjármuni í fasteign
- Þú færð vaxtabætur líkt og eigandi
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um allt ytra viðhald á húsnæði
- Hátt þjónustustig

**Opið hús
í sýningaríbúð
í Einholti 10
miðvikudaginn
8. mars
kl. 16-17:30**

## HVAÐA KAUPLEIÐ HENTAR ÞÉR?

### LEIÐ A:
**FYRIR ÞÁ SEM ERU AÐ FÓTA SIG Á HÚSNÆÐISMARKAÐNUM**

- Einungis í boði við fyrstu kaup á búseturétti
- Í boði fyrir stúdíó og 2ja herbergja íbúðir (á ekki við um þakíbúðir)
- Þú greiðir út 5% búseturétt en að lágmarki 2,0 millj.
- Eignaraukning upp í 20% rétt á 15 árum
- Eftir það verður mánaðargreiðsla eins og í leið C

### LEIÐ B:
**FYRIR ÞÁ SEM VILJA BÚA Í HAGINN**

- Þú greiðir að lágmarki 10% búseturétt
- Eignaraukning upp í 20% rétt á 15 árum
- Eftir það verður mánaðargreiðsla eins og í leið C
- Í boði fyrir allar stærðir íbúða
- Hámarksfyrirgreiðsla 4,0 millj. eða 50% búseturéttar

### LEIÐ C OG C+:
**FYRIR ÞÁ SEM VILJA ÓBREYTTA EIGNARSTÖÐU OG LÆGRI GREIÐSLUBYRÐI**

- Þú greiðir út 20% eða 30% búseturétt
- Í boði fyrir allar stærðir íbúða
- Hægt að fá lán hjá viðskiptabanka Búseta upp að 3,0 milljónum til allt að 8 ára

Allar nánari upplýsingar á www.buseti.is og á skrifstofu Búseta í síma 520 5788

BÚSETI húsnæðissamvinnufélag • Síðumúli 10 • 108 Reykjavík
sími 520 5788 • www.buseti.is • buseti@buseti.is

B-01-03-17



„Tryggingar veita þér og þínum fjárhagslegt öryggi og hugarró sem felst í því að hafa öryggisnet þegar áföllin dynja á," segir Hafsteinn Esekíel Hafsteinsson, sölu- og þjónustustjóri hjá Sjóvá. MYND/VILHELM

# Huga þarf mjög vel að tryggingum

Réttar tryggingar skipta mjög miklu máli þegar fyrsta fasteign er keypt. Þær tryggingar snúa bæði að fasteigninni sjálfri en ekki síður að þeim sem hana kaupir. Sjóvá veitir persónulega og faglega þjónustu öllum þeim sem eru að íhuga kaup á sinni fyrstu fasteign.

Þegar fyrsta fasteign er keypt er mikilvægt að huga vel að tryggingamálum. Þar skiptir persónuleg og fagleg þjónusta mjög miklu máli. Hér svarar Hafsteinn Esekíel Hafsteinsson, sölu- og þjónustustjóri hjá Sjóvá, nokkrum algengum spurningum er snúa að fyrstu kaupum á fasteign.

**Tryggingar virka flóknar og margir vita ekki hvað er innifalið í hverri tryggingu. Getur þú sagt okkur í einföldu máli hvað er á bak við hverja tryggingu?**

Í einföldu máli má segja að sjúkdómatryggingar séu til þess fallnar að tryggja fjárhagslegt öryggi þitt ef þú veikist alvarlega eða slasast. Líftrygging er síðan bakland þinna nánustu ef þú skyldir falla frá á meðan Barnatrygging er til þess að vernda framtíðaröryggi barna þinna.

Fjölskyldutrygging tryggir innbúið sem þú átt og heimilisfólk fyrir tjóni á eigum og fyrir slysum í frítíma. Þegar við tölum um innbú er átt við þá muni sem þú tekur með þér þegar þú flytur.

Fyrir fasteignina bjóðum við brunatryggingu sem er skylda að kaupa samkvæmt lögum. Til viðbótar ættir þú að kaupa fasteignatryggingu sem bætir tjón á eigninni ef t.d. vatn flæðir úr leiðslum og skemmir gólfefni eða innréttingar.

**Nú tala margir um að þeir fái aldrei neitt úr tryggingum sínum. En hvað er fólk raunverulega að kaupa með tryggingum?**

Jú, það er rétt að mörgum finnst þeir ekki fá mikið fyrir peningana þegar þeir kaupa tryggingar. Tryggingar veita þér og þínum fjárhagslegt öryggi og hugarró sem felst í því að hafa öryggisnet þegar áföllin dynja á. Tryggingar eru þó í raun vara sem við viljum helst ekki nota. Ef þú þarft að leita til tryggingafélagsins er það oftast í kjölfar óhapps, slysa eða einhvers konar tjóns og hver vill upplifa það? En við gerum okkar besta til að taka vel á móti þér og við bætum fólki tjón sitt að fullu í meira en 90% tilfella. Við vitum hvað tryggingar skipta fólk miklu máli þegar á reynir og þess vegna er það okkur kappsmál að keppast við að fólk sé rétt tryggt.



Fasteignatrygging bætir ýmiss konar tjón sem íbúðareigandi getur orðið fyrir, t.d. ef vatn flæðir úr leiðslum og skemmir gólfefni eða innréttingar.



Fjölskyldutrygging tryggir m.a. innbúið þitt, sem eru þeir munir sem þú tekur þegar flutt er.

**Hvaða tryggingar þarf ég þegar ég hef keypt mína fyrstu íbúð?**

Fyrir utan tryggingarnar sem ég nefndi áður, þ.e. fjölskyldu- og fasteignatryggingar, er nauðsynlegt að huga að líf- og sjúkdómatryggingum. Sá sem kaupir sína fyrstu íbúð eða annars konar fasteign skuldbindur sig til fjölda ára. Viðkomandi þarf því að tryggja fjárhagslegt öryggi sitt ef eitthvað skyldi koma upp á.

**Fjárhagslegt öryggi – hvað ber að hafa í huga?**

Það er sjálfsagt að allir þekki sinn rétt. Ef þú ert launþegi, þ.e. vinnur hjá öðrum, skaltu kanna hjá stéttarfélaginu þínu og lífeyrissjóði hvaða réttindi þú átt ef þú veikist alvarlega eða slasast. Þau réttindi bæta sjaldnast tekjutap að fullu. Þar koma tryggingarfélögin inn og er því rétt að leita til þeirra og fá þar ráðgjöf um tryggingar sem þú getur keypt til viðbótar. Við mælum með að allir sem hafa fjárhagslegar skuldbindingar og sjá fyrir öðrum byrji á því að kaupa líf- og sjúkdómatryggingar.

Ef þú ert sjálfstæður atvinnurekandi þarft þú að huga sérstaklega að sjúkra- og slysatryggingum sem gilda bæði í vinnu og frítíma. Við getum hjálpað þér við að finna út hvaða tryggingar henta þér best.

**Fasteign, bruni og innbú**

Mikilvægt er, þegar íbúð er keypt í fjölbýli, að kanna hvort húsfélagið sé með sameiginlega fasteignatryggingu. Fasteignatrygging er valkvæð og greiðir bætur vegna tjóna á föstum innréttingum og gólfefnum sem skemmast, t.d af völdum vatns úr leiðslum og innbrots. Hún innifelur líka glertrygginguna og foktrygginguna svo eitthvað sé nefnt. Fjölskyldutrygging innifelur innbústrygginguna sem tryggir húsgögn og lausamuni sem skemmast t.d. í vatnstjóni eða innbroti. Þannig að ef við ættum að setja þetta upp í verkefnalista þá myndi hann líta svona út:

**Kaup á fasteign**

- Fasteignatrygging
- Líf- og sjúkdómatrygging fyrir fjölskyldumeðlimi sem eru 18 ára og eldri og barnatrygging fyrir börnin
- Fjölskyldutrygging sem tryggir innbúið og fjölskylduna
- Athuga eldvarnarbúnað og innbrotavarnir

Ég hvet því alla sem eru að fjárfesta eða að íhuga að fjárfesta í eign að fara vel yfir öll sín tryggingamál og ganga úr skugga um að ef komi eitthvað upp á, þá sé trygging til staðar svo tjónið bitni ekki á heimilinu.

**Allar nánari upplýsingar má finna á www.sjova.is.**

Nánar á: **sjova.is/lifogheilsa** 440 2000

# Hversu lengi gætir þú verið án launa?

Við ættum öll að vera vel tryggð fyrir alvarlegum veikindum.




**Gerum tryggingar betri**










# Harðparketið vinsælt hjá yngra fólki

Hentar nútímafjölskyldum með ung börn þar sem ekki þarf að óttast að leikföng rispi gólfið. Háir hælar vinna ekkert á því heldur.

**Áratuga þekking, sérhæfð þjónusta og glæsilegt úrval**

Egill Arnar Birgisson, framkvæmdastjóri Birgisson ehf., segir að ýmsu þurfi að huga að þegar innrétta á fyrstu íbúð. Mikilvægt sé að fá góðar leiðbeiningar um efnisval sem standist byggingareglugerðir.

Vel þjálfað starfsfólk Birgisson býr að áratuga reynslu og í versluninni er að finna gott úrval gólfefna og innihurða.

„Fólk þarf að fá réttar upplýsingar svo það geti tekið rétta ákvörðun. Við leggjum mikla áherslu á að sérþjálfa okkar starfsfólk svo það geti svarað öllum spurningum er varða gólfefni og undirlag og hvernig á að leggja á gólfið. Sölumennirnir okkar hafa margir verið hjá okkur í yfir tuttugu ár og búa yfir gríðarlegri reynslu. Við erum afar stoltir af okkar fólki,“ segir Egill.

**Mikilvægt að vanda undirbúning**

„Grundvallaratriði þegar endurnýja á gólf og annað í eldri húsum er góður undirbúningur. Val á gólfefnum setur grunninn fyrir allt annað í rýminu, hvers konar húsgögn fara við og fleira,“ segir Egill.

Á heimasíðu Birgisson er að finna vefslóðir sem gagnlegt er að skoða, meðal annars inn á Pinterest þar sem hægt er að fá hugmyndir og gera sér betur grein fyrir draumaíbúðinni.

„Fólk kemur svo til okkar með sínar hugmyndir og við aðstoðum og veitum ráðleggingar. Við lánum prufur heim til að máta og gerum svo tilboð. Einnig getum við haft milligöngu um tilboð frá iðnaðarmönnum ef þess er óskað. Allar vörur, parket og hurðir eru til á lager hjá okkur og afgreiðslutíminn stuttur. Við seljum einungis vörur frá þekktum og virtum framleiðendum, þ.e. innihurðir frá Ringo í Þýskalandi sem eru búnar að vera á markaði í 25 ár og hafa sannað ágæti sitt. Harðparketið okkar kemur frá KRONOTEX í Þýskalandi og KRONOSWISS í Swiss. Viðarparketið okkar er frá Kährs í Svíþjóð sem er einn virtasti viðarparketframleiðandi í Evrópu. Öll okkar vara er umhverfisvottuð.

**Rétt undirlag**

„Það er mjög mikilvægt að velja rétt parketundirlag sem stenst hljóðeinangrunarstaðla og uppfyllir byggingareglugerðir. Það vill enginn lenda í því að nágranninn banki upp á vegna hávaða,“ segir Egill.

„Þegar fólk er að kaupa eldra húsnæði þarf í fyrsta lagi að ganga úr skugga um að gólfin séu lárétt. Oft þarf að flota gólfin eða slípa. Ef lagt er ofan á hitalögn í gólfi þarf fyrst að leggja þolplast og ofan á það fer svo undirlagið. Það á einnig við um gólf á jarðhæð. Þá er ekki nóg að huga að hljóðdempun milli hæða, einnig þarf að huga að hljóðvist upp í rýmið. Undir harðparket þarf að velja besta undirlag sem völ er á með gott hljóðísog.“




**„Fólk þarf að fá réttar upplýsingar svo það geti tekið rétta ákvörðun. Við leggjum mikla áherslu á að sérþjálfa okkar starfsfólk svo það geti svarað öllum spurningum,“ segir Egill Arnar Birgisson, einn af eigendum Birgisson.** MYND/GVA

**Plankaparketið vinsælast**

Plankaparketið er vinsælast, það er bæði til sem harðparket og viðarparket.

„Í harðparketi er mikið úrval af litum og eru gráir og grábrúnir tónar vinsælir í dag. Harðparketið er gífurlega vinsælt hjá yngri kaupendum, bæði er það á góðu verði en einnig er harðparketið afar högg- og rispuþolið. Það hentar nútímafjölskyldum með ung börn þar sem ekki þarf að óttast að leikföng rispi gólfið eða að eitthvað hellist niður. Háir hælar vinna ekkert á því heldur. Íbúðin er fjölskylduvæn með harðparket sem gólfefni,“ segir Egill. Hlýlegheit fylgi þó viðargólfum og eru burstaðir og olíubornir plankar vinsælir. Einnig slípað og olíuborið, mattlakkað og silkimatt. „Það eru sömu litatónar vinsælir í parketinu eins og í harðparketinu, gráir tónar. Þá er hvíttuð, reykt eik vinsæl og einnig hvíttuð eik og askur en með því að hvítta viðinn gulnar hann ekki,“ heldur Egill áfram.

Vínilparket er nýjung, það er afar hljóðlátt og hentar til dæmis mjög vel þegar endurnýja þarf eldra gólf. Vínilparketið má einfaldlega líma yfir gamla parketið.



**„Allar vörur, parket og hurðir eru til á lager hjá okkur og afgreiðslutíminn stuttur. Við seljum einungis vörur frá þekktum og virtum framleiðendum og öll okkar vara er umhverfisvæn og merkt Bláa englinum.“**



**Plankaparket er vinsælast og í gráum og grábrúnum litatónum.**

**Stærri gólfflísar vinsælar**

„Gólfflísar eru að stækka og í dag eru 60x60 sm gólfflísar vinsælar og einnig 80x80 sm. Helstu litir eru gráir og grábrúnir tónar og „base“-litað. Við bjóðum upp á mikið úrval bæði frá Ítalíu og Þýskalandi. Helstu birgjar okkar eru Florim á Ítalíu og Agrob-Buchtal í Þýskalandi. Mikilvægt er að fá góðar upplýsingar með flísalögn á votrýmum, þar skiptir undirbúningurinn miklu máli,“ segir Egill.

**Gott úrval innihurða á góðu verði**

„Við eigum mikið úrval af innihurðum og þar er hvíti liturinn vinsælastur. Ef eldri íbúð er endurnýjuð gerir það mikið fyrir húsnæðið að setja nýjar hurðir. Það kostar minna en fólk heldur að skipta um innihurðir en með ísetningu getur það kostað á bilinu 50 til 60 þúsund krónur á hvert hurðargat. Þá vorum við að bæta mikið við úrvalið hjá okkur af hurðarhúnum, svörtum og gylltum og ýmiss konar fallegri hönnun. Svartir húnar fara til dæmis vel á hvítum hurðum og tóna við gráu tónana sem eru vinsælastir í harðparketinu,“ segir Egill.

**Glæsilegir sýningarsalir eru í verslun Birgisson að Ármúla 8. Nánari upplýsingar á www.birgisson.is**




**Í verslun Birgisson er mikið úrval hurðarhúna.**



kronotex
FLOORS FOR LIVING
HARÐ
PARKET
DAGAR
30% AFSLÁTTUR
AF FULLU VERÐI
Á HARÐPARKETI, UNDIRLAGI
OG LISTUM
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is



Grindarljósakrónur eru vinsælar, enda smart og nýtískulegar. MYNDIR/ANTON BRINK



Úrvalið í ljósadeild BYKO er mikið.



Hægt er að fá fjölmargar gerðir af ljósaperum hjá BYKO.

# Ljós skipta miklu máli á heimilum

**Ljósadeild BYKO er ein sú allra glæsilegasta á landinu. Þar má fá allt frá einföldum skermum og víraljósum upp í íburðarmiklar kristalsljósakrónur. Að auki býður ljósadeildin upp á breitt úrval af OSRAM-ljósaperum og lausnum fyrir heimilið og ber Lightify þar hæst.**

Ljósadeildin í BYKO er ævintýri líkust. Það blasa við glitrandi ljósakrónur, nýtísku víraljós, gamaldags loftljós, fallegir kúplar og allt þar á milli, að ógleymdum smart lömpum á borð eða gólf.

Bjarni Ólafur Bjarnason deildarstjóri og annað starfsfólk ljósadeildarinnar tekur vel á móti viðskiptavinum, enda er það hafsjór fróðleiks þegar kemur að lýsingu fyrir heimilið. „Við leggjum mikið upp úr að bjóða gott úrval af ljósum við allra hæfi, hvort sem fólk vantar ljós fyrir fyrsta heimilið eða vill breyta til eða endurnýja og skipta út eldri ljósum. Við þjónustum einnig verktaka og þá sem eru að setja upp ljós í blokkir eða heilu húsin,“ segir Bjarni en hann fylgist vel með nýjungum á þessu sviði.





Bjarni Ólafur Bjarnason leiðbeinir viðskiptavinum um val á ljósum og perum.

## LED-perur eru framtíðin

Inntur eftir tískusveiflum í ljósum segir hann allt vera í gangi en áberandi sé að yngra fólk velji víraljós eða grindarljós en þá sjást ljósaperurnar vel. „Nýja peran frá OSRAM kallast 1906 LED og hún er mjög vinsæl í slík ljós. Peran sjálf er falleg og stendur fyrir sínu ein og sér. Annars eru hefðbundnir kúplar alltaf vinsælir og hangandi ljós í öllum stærðum og gerðum.“

Lýsingin skiptir miklu máli á hverju heimili og því þarf að vanda valið vel. „Í dag er þróunin yfir í LED-ljós, sem er tvímælalaust framtíðin. Við erum með mesta úrvalið á landinu af perum frá OSRAM og þar eru LED-perurnar fremstar í flokki. LED-perurnar eru með lengri líftíma og eyða minna rafmagni. Þær gefa frá sér þetta hvíta ljós sem fólk sækist gjarnan eftir og ljósstyrkurinn er svipaður og var á gömlu glóperunum. Til lengri tíma litið ætti notkun á LED-perum að lækka rafmagnsreikninginn á heimilinu en þær eiga að endast í allt að fimmtán þúsund klukkutíma,“ útskýrir Bjarni.



Í ljósadeild BYKO er gríðarlegt úrval af OSRAM-perum.

## Umhverfisvænar perur

Stofnkostnaðurinn við að skipta yfir í LED-perur er dálítill í upphafi en það er fljótt að borga sig upp með lægri rafmagnsreikningi. Þær eru einnig umhverfisvænar, það kviknar strax á þeim og lítill hiti stafar frá ljósinu sjálfu. „LED-perur hafa mikið þol gegn hristingi og titringi og gefa ekki frá sér útfjólubláa eða innrauða geisla,“ segir Bjarni og bendir á að LED-perur séu umhverfisvænar og þeim eigi að skila til endurvinnslu. „Við hjá BYKO tökum á móti perum til förgunar.“

## Lightify gerir lífið litríkara

Helsta nýjungin í ljósadeild BYKO er nýtt ljósakerfi frá OSRAM sem kallast Lightify og er stórsnjallt. Lightify-kerfið er algjör bylting á þessu sviði en um er að ræða einfalda ljósastýringu sem hentar vel á öll heimili.

„Lightify er einfalt kerfi sem gerir fólki kleift að stjórna lýsingunni á heimilinu eins og því hentar, í símanum. Hægt er að stýra snjallperum, innanhúss sem utan, á einfaldan hátt með appi í símanum. Appið má nota til að kveikja og slökkva, auka eða minnka ljósmagn eða breyta um lit. Ljósunum er hægt að stjórna hvar sem er, og því er þetta ekki síst sniðugt ef fólk er á ferðinni því þá virka ljósin sem þjófavörn. Þetta er ótrúlega einföld lausn sem auðvelt er að setja upp,“ segir Bjarni.

## Virk vefverslun

BYKO þjónustar ekki aðeins höfuðborgarsvæðið heldur einnig landsbyggðina því rekin er öflug vefverslun á www.byko.is. „Það er alltaf nokkuð um að fólk kaupi ljós í gegnum netið og svo sendum við auðvitað hvert á land sem er.“







# EITT MESTA OSRAM ÚRVAL LANDSINS









Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.




**AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS**
**SENDUM ÚT UM ALLT LAND**

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Með því að nýta veggi undir hirslur og áhöld má koma heilu stóreldhúsi fyrir á bara nokkrum fermetrum.



Fatahengi sómir sér vel hvort sem er í anddyri eða svefnherbergi og plássið er fullnýtt með smáhirslum.



Litlu hlutirnir skipta miklu máli þegar kemur að því að skapa notalega stemningu á heimilinu.



Baðinnréttingar IKEA eru hannaðar fyrir jafnvel smæstu baðherbergi.

# Sérfræðingar í smærri vistarverum

Eins spennandi og það er að flytja að heiman, þá getur það líka virst risavaxið verkefni sem krefst bæði skipulagningar og fjárútláta. Ungt fólk á sínu fyrsta heimili þarf að vera útsjónarsamt, bæði hvað pláss og peninga varðar. Útkoman getur engu að síður orðið skemmtileg.

„Ungt fólk sem er að hefja búskap og sem hefur ekki úr miklu plássi að spila hefur sérstaklega mikið hingað að sækja,“ segir Birna Magnea Bogadóttir, sölustjóri IKEA. „IKEA hefur alltaf lagt áherslu á að bjóða upp á vel hannaðan gæðahúsbúnað sem hentar þessum hópi. Við leyfum okkur að kalla okkur sérfræðinga í smærri vistarverum þar sem þarf að nýta hvern blett sem best.“

Birna nefnir eldhúsið sem dæmi; þar sé oft ekki mikið pláss, en í IKEA fáist úrval af borðum og stólum sem hægt sé að fella saman og spara þannig pláss þegar þörf krefji. Eins fáist nettar baðinnréttingar sem taki lítið pláss en nýtast mjög vel. „Svo eru ýmis atriði sem er gott að hafa í huga á smærri heimilum, eins og að nota nett húsgögn, jafnvel samanbrjótanleg og nýta veggplássið vel. Það getur til dæmis munað heilmiklu að láta hillur og skápa ná alveg upp í loft eða koma hirslum fyrir undir rúmum og skápum,“ útskýrir Birna.

### Litlu hlutirnir leika stórt hlutverk

Birna segir ekki óalgengt að sjá fólk með málbandið í versluninni þegar verið er að finna stærri húsmuni sem þurfi að koma fyrir í litlu rými. „Svo þegar nauðsynlegustu húsgögnin eru komin, þá er gaman að leika sér svolítið; skreyta með lýsingu og veggskrauti og leyfa litum og vefnaðarvöru að setja punktinn yfir i-ið.“ IKEA hafi gert mikið af því undanfarin misseri að vinna með þekktum hönnuðum að nýjum línum sem fáist í takmarkaðan tíma. Þær séu oft svolítið djarfari en almennt gerist hjá fyrirtækinu og þeim hafi verið vel tekið af þeim hópi viðskiptavina sem hefur auga fyrir hönnun. „Snjallar smáhirslur hafa líka verið vinsælar. Nýja EKET línan er dæmi um það, enda á góðu verði og hillurnar fást í nokkrum stærðum og litum. Þeim má svo raða saman eftir smekk og aðstæðum.“

> **Svo eru ýmis atriði sem er gott að hafa í huga á smærri heimilum, eins og að nota nett húsgögn, jafnvel samanbrjótanleg og nýta veggplássið vel.**
>
> *Birna Magnea Bogadóttir*

### Ungt fólk meðvitaðra um umhverfisvernd

Úrvalið af smávöru virðist endalaust í IKEA; skreytingar, speglar, kassar og smáhirslur, vefnaðarvara og annað sem gerir heimilið notalegt og persónulegt.

„Í raun er hægt að ganga hér inn og fá nánast allt í einni ferð. Allt frá innréttingum og heimilistækjum til púða og pottablóma. Það er meira að segja hægt að kaupa í matinn á leiðinni út,“ segir Birna brosandi. „Þegar kemur að hópi yngri viðskiptavina, þá tökum við líka eftir því að hann hefur mikinn áhuga á að gera heimilið notalegt og er mjög meðvitaður. „Ungu fólki í dag er virkilega umhugað um samfélagsmál og hefur til dæmis mun sterkari skoðanir á umhverfisvernd en margir sem eldri eru. Það er góðs viti, og við getum stolt sinnt þessum hópi með öflugri samfélagsábyrgð og vörum sem teljast umhverfisvænar, bæði hvað framleiðslu og notagildi varðar.“ Í því samhengi megi nefna sjálfbærari bómull, sem framleidd er á umhverfisvænni hátt, LED perur sem spari orku og svo auðvitað flokkunarfötur og ílát sem einfaldi endurvinnslu á heimilinu. „Það er óhætt að segja að við leggjum okkur fram um að sinna ungu fólki vel í versluninni. Þar eru uppsett heimili sem gefa hugmyndir um hvernig hægt er að koma sér fyrir þar sem pláss er af skornum skammti, vöruúrvalið er hannað með það í huga og það ættu allir sem eru að innrétta fyrsta heimilið að finna snjallar hugmyndir hjá okkur.“



Birna Magnea, sölustjóri, segir IKEA leggja sig fram um að sinna vel viðskiptavinum sem séu að hefja búskap.



Borð sem fella má saman eða minnka og stækka eftir þörfum henta sérstaklega vel þar sem plássið er af skornum skammti.


Heimilislífið hefst hér!
2.900,-
HEKTAR loftljós Ø22cm
MOSSLANDA myndahillur
1.290,-/stk. L115cm
VARV gólflampi með þráðlausri hleðslu 17.990,-
19.950,-
LISABO borð
L140×B78, H74 cm
NORSBORG tveggja sæta sófi með legubekk 106.700,-
5.900,-/stk.
LEIFARNE stólar
HALVED motta 22.990,-
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
IKEA
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
© Inter IKEA Systems B.V. 2017



Rolf Heide.

## Hugsað stórt í litlu rými

Hönnun lítilla baðherberja er eitthvað sem Rolf Heide´32 þekkir vel. Hann hefur unnið til verðlauna fyrir ýmsa framleiðendur. Má þar nefna Bulthaup, Gaggenau og Duravit. Síðustu þrjátíu ár hefur Heide séð um hönnun á baðherbergjalínum fyrir Duravit með það að leiðarljósi að gera lausnir og tækjaval auðvaldara í ákvörðunarferlinu og vinnslu frá upphafi.

Hönnun á góðu baðherbergi krefst ekki mikils rýmis, heldur hugmynda og víðsýni. Meðalstórt baðherbergi er einungis tæpir 5 fm. Oft virðist það verulegt vandamál að hanna í litlu rými en svo þarf ekki að vera, svo fremi sem leitað er til þeirra sem hugsa lausnamiðað. Baðherbergi er í raun eins og eldhús sem getur verið undir talsverðu álagi vissa tíma dagsins. Hafa ber í huga að þetta rými má aldrei klikka. Varan þarf að vera traust – gæðin þurfa að standast allar kröfur, alveg eins og í eldhúsinu

Í raun þarf einungis að hafa þrjú atriði í huga við hönnun í litlu rými. Spurningin sem þarf að spyrja sig er: „Hvernig er á einfaldan hátt hægt að koma fyrir vaski, salerni og sturtu/baði."





### Umrædd atriði eru:

**1 Hönnun og útlit.** Í því sambandi er gott að leita til leiðandi framleiðanda sem tryggir að útlit og notagildi fullnægi kröfum notenda. Í dag eru blöndunartæki orðin hönnunarlistaverk og sum hafa unnið til verðlauna sem gerir notkunina ánægjulegri og eykur á vellíðan.

**2 Val á skápum og skúffum.** Ilmvötn, blásarar, sjampó, burstar o.s.frv. þurfa að vera í góðum hirslum og skoða þarf vel hversu mikið hver og einn notar af slíkum hlutum. Stærð og gerð hirslnanna fer því eftir einstaklingum. Einnig vill gleymast að hreinsiefni og hreinlætistæki þurfa líka sitt pláss.

**3 Speglar og uppsetning.** Það þarf til dæmis að taka mið af staðsetningu sturtu þegar uppsetning á innréttingum og speglum er annars vegar. Rétt staðsetning spegla getur stundum skipt sköpum. Þeir stækka rými og háir speglar geta til að mynda verið sniðug lausn. Þá getur verið gott að hafa það í huga að hægt sé að skoða hárgreiðslu og fatnað frá fleiri sjónarhornum en eingöngu að framanverðu.


## REYNSLAN SKILAR SÉR

Ísleifur Jónsson ehf. hefur boðið gæðavörur í tæpa öld. Á þeim tíma hefur Ísland breyst gífurlega og reynslan sem félagið býr að hefur skilað viðskiptavinum þess gæðum og vöruúrvali sem hentar íslenskum aðstæðum. Reynslan skilar viðskiptavinum öryggi.

Ísleifur Jónsson ehf. er umboðsaðili fyrir leiðandi merki sem reynslan hefur sýnt að henta íslenskum aðstæðum vel. Þar fást vörur frá framleiðendum á borð við Hansgrohe og Duravit sem framleiða öll sín tæki í Þýskalandi. Sömuleiðis frá Ideal Standard og Burlington í baðvörum. Eins frá fyrirtækjum á borð við TECE og frá ofnaframleiðandanum Radson frá Finnlandi og fittings frá Eurotubi.

Lokar, síur og ofnlokar frá IMI og dælur frá Askoll eiga svo að tryggja það að ekki þurfi að kalla til pípara yfir jólasteikinni.







Klassískur stíll og fíngerð form gera þessa gamaldags hönnun baðinnréttinga *gullfallega* og nútímalega.

Burlington baðherbergin eru gott dæmi um hin hefðbundnu baðherbergi sem fyrir löngu eru orðin klassísk og bera frábærri hönnun og fegurð baðherbergja fyrri tíma gott vitni.

Burlington leggur mikið upp úr samræmdri hönnun á öllum sínum vörum til að auðvelda þér að velja hið klassíska baðherbergi.

ÍSLEIFUR JÓNSSON
*Með allt á hreinu í tæpa öld*
Dragháls 14 - 16 · Sími 4 12 12 00
www.isleifur.is

nettoline

# HÁGÆÐA DANSKAR ELDHÚSINNRÉTTINGAR














## VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

**Opið:**
Mán. til föstudaga kl. 09 til 18
Laugardaga kl. 11 til 15

KREATIV

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

## Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**

- MÚRVINNA
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA
- JARÐVINNA

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !

Uppl. í s: 788 8870 eða murumogsmidum@murumogsmidum.is

**Múrum og smíðum ehf**

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

## HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Býð upp á heilnudd og slökun. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. 201 Kóp. S. 894 4817

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði



70fm íbúð í Kópavogi í sérbýli með garði og sólpalli til leigu . Uppl. s. 891 8117

## Húsnæði óskast

Hjón með eitt barn óska eftir 3 herbergja íbúð í Hafnafirði eða nágrenni í langtímaleigu. Við erum með 2 ára dreng. Erum reyklaus, hreinlát, reglusöm og skilvísum greiðslum heitið. Höfum mjög góð meðmæli. Endilega hringja í 776-8758

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




SAFT

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**BAKARAMEISTARINN SUÐURVERI**

leitar af bakara með metnað og reynslu. Brennandi áhugi á terugerð, bakstri og fagleg vinnubrögð skilyrði. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

**Áhugasamir geta fyllt út umsókn á heimasíðu okkar bakarameistarinn.is**

Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir að ráða 2 kokka sem geta eldað asíu mat. Uppl. Sukhothai.sukhothai@yahoo.com

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**

Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra

starfa um lengri eða skemmri tíma.

**Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða**

**sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

BÍLAMIÐSTÖÐIN

Við Breiðhöfða
s. 517 4500
www.bilamidstodin.is



**LAND ROVER Range rover Evoque.**
Árg 2015, ek 22 Þ.KM, dísel, sjálfsk.
**V. 6.790 þús.** Rnr.102190.
Bíll er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



**KIA Ceed lx 1.4.**
Árg 2016, ek 39 Þ.KM, dísel, 6 gíra.
**V. 2.690 þús.** Rnr.102336.
Bíll er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



**TOYOTA Land cruiser 150 gx frábært verð.**
Árg 2016, ek 47 Þ.KM, dísel, sjálfsk.
**V. 7.990 þús.** Rnr.101237.
Bíll er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



**RENAULT Kadjar expression 4x4 .**
Árg 2016, ek 52 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**V. 3.680 þús.** Rnr.102399.
Bíll er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



**HYUNDAI Tucson comfort.**
Árg 2015, ekinn 48 Þ.KM, dísel, sjálfs.
**V 4.250 þús.** Rnr.100880.
Bíll er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



**KIA Sorento luxury 2,2 200hö.**
Árg 2016, ek 36 Þ.KM, dísel, sjálfsk.
**V 6.090 þús.** Rnr.101032.
Bíll er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500

FISKISTOFA

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2016/2017 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 641, 8. júlí 2016**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna sbr. auglýsingu nr. 170/2017 í Stjórnartíðindum.

Fiskistofa auglýsir enn á ný eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðarlög:

**Ísafjarðarbær (Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Hnífsdalur og Ísafjörður)**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluaðila, á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.
**Umsóknarfrestur er til og með 16. mars 2017.**

**Áður sendar umsóknir og samningar gilda.**

*Fiskistofa, 2. mars 2017.*

## tilboð

# Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



## Tilboð

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**

***á aðeins 5.500.-***

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

## skemmtanir




# Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**HAPPY HOUR**
**alla föstudaga**
**16-19**

## Leikir helgarinnar:

### Laugardaginn 4. mars

12:20 Man. United - Bournemouth
17:20 Liverpool - Arsenal

### Sunnudaginn 5. mars

15:50 Sunderland - Man.City

# Hljómsveitin Klettar




**Rúnar Þór,
Björgvin Gísla,
Rúnar Vilbergs
og Siggi Árna**

**spila um helgina, föstudag kl. 23-02 (opið til 03)
og laugardag kl. 00-03**

Gullnáman

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**


SPORT HD
EIBAR - REAL MADRID
LAUGARDAG 15:10
SPORT
Premier League
Laugardagur 4. mars
Liverpool
17:20
Arsenal
#LIVARS
MANÉ
19
NBA
NBA Á NÝJUM TÍMA
SUNNUDAG 20:30
SPORT
LENGJUBIKARINN
SUNNUDAG 14:50
SPORT
UFC 209
UFC 209
LAUGARDAG 03:00
SPORT
WORLD WELTERWEIGHT CHAMPIONSHIP
WOODLEY vs THOMPSON 2
INTERIM LIGHTWEIGHT CHAMPIONSHIP
KHABIB vs FERGUSON
SPORTPAKKINN
365.is | Sími 1817
365



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og jarðarfarar

**Ingunnar Halldórsdóttur**

**Einar Halldór Einarsson og fjölskylda.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Svavar Sigursteinsson**

Tröllagili 7, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri þann 20. febrúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Regína Árnadóttir**
**Sigrún H. Svavarsdóttir** **Guðjón A. Steingrímsson**
**Arna Dóra Svavarsdóttir** **Valur G. Finnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Unnur Jóhannsdóttir**

frá Laxárdal í Hrútafirði, Hólabergi 84,

sem lést þann 20. febrúar verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 6. mars kl. 13.

**Aðalheiður Gunnarsdóttir** **Kristján Örn Frederiksen**
**Elísabet Ragnarsdóttir**
**Elísa Guðrún Ragnarsdóttir**
**Sigrún Rut Ragnarsdóttir** **Snorri Gústafsson**
**Jóhann Ragnarsson** **Jóna Guðrún Ármannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæri bróðir,

**Skúli Jónsson**

frá Skólastræti 5b, 101 Reykjavík, f. 3. 3. 1949,

lést 3. febrúar sl. á heimili sínu í Oklahoma City, Bandaríkjunum.

**Sigríður María Jónsdóttir**
**Ágústa María Jónsdóttir**




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

# Æfingastöðin er ekta fjölskyldufyrirtæki

**Nýja æfingastöðin Grandi101 er alvöru fjölskyldufyrirtæki en það er í eigu tvíburasystranna Elínar og Jakobínu Jónsdætra og manna þeirra, Núma Snæs Katrínarsonar og Grétars Ali Khan. Henning Jónasson, bróðir Núma, er svo þjálfari hjá Granda 101.**



**Grandi101 er til húsa á Fiskislóð 49-51 og stöðin er 1.000 fermetrar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við höfum öll sem eigum stöðina stundað Crossfit en systir mín, Jakobína, og maðurinn minn hann Númi hafa verið mjög mikið í Crossfit og keppt í íþróttinni. Eins hafa þau verið að þjálfa í mörg ár. En ég er með annan bakgrunn, ég hef verið í hefðbundinni skrifstofuvinnu en stundað Crossfit samhliða því,“ segir Elín Jónsdóttir, einn eigenda Granda101.

„Það er búið að ganga alveg ótrúlega vel þó það hafi auðvitað komið upp erfið tímabil,“ segir Elín og hlær spurð hvort það sé ekkert krefjandi að vinna með sínum nánustu allan daginn. „Þetta hefur náttúrulega verið ótrúlega mikil vinna en við Númi erum einnig nýflutt til landsins eftir sjö ára búsetu í Stokkhólmi, þannig að það hefur verið mikið að gera. Við höfum gert rosalega mikið sjálf fyrir húsnæðið og gjörbreytt því en í þessu húsi var áður verið að smíða hlera fyrir skip. En núna þegar þetta er komið af stað þá sjáum við loksins ljósið,“ segir Elín.

Aðspurð út í æfingastöðina Grandi101 segir Elín hana vera fyrir alla. „Við erum með tvenns konar þjálfun eða tíma í boði. Við erum með Crossfit annars vegar og svo erum við með grandafit. Granda-Fit er frekar svipað Crossfit, nema í því eru engar ólympískar lyftingar og ekki jafn flóknar fimleikaæfingar. Grandafit byggir á lengri úthaldsæfingum, ketilbjölluæfingum og eigin líkamsþyngd,“ útskýrir Elín.

„Æfingarnar eru byggðar upp á þann hátt að það er alltaf hægt að skala þær niður. Þeir sem hafa aldrei æft Crossfit eða verið í sambærilegri þjálfun áður geta farið rólega af stað. Og það er það sem við viljum, við leggjum mikla áherslu á að fólk fari ekki fram úr sjálfu sér. Hér eru góðir þjálfarar sem passa upp á að fólk hreyfi sig og æfi á skynsamlegan hátt.“

Elín hvetur áhugasama til að koma og prófa. „Þetta er bæði skemmtilegt æfingaform og náið og hvetjandi samfélag. Þetta er ekki eins og að mæta í venjulega líkamsræktarstöð, þetta er mikið persónulegra og afslappaðra.“ Elín minnir að lokum á að miðað er við ákveðinn hámarksfjölda í tíma og þurfa meðlimir að skrá sig fyrirfram.

**gudnyhronn@365.is**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg A. Finsen**

Vesturgötu 50a, Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum þriðjudaginn 14. febrúar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 3. mars kl. 13.00.

**Guðrún Finsen** **Bjarne Wessel Jensen**
**Aðalsteinn Finsen** **Hulda Hrönn Finsen**
**Sigríður Finsen** **Magnús Soffaníasson**
**barnabörn og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginkona mín og móðir,

**Ása Ólafsdóttir**

frá Borgarnesi, Prestastíg 8, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund mánudaginn 27. febrúar. Útför auglýst síðar.

**Kristján Ólafsson, Ólöf Kristjánsdóttir,**
**Sigrún Guðmundsdóttir, barnabörn og langömmubörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar,

**Rannveigar Margrétar Jónsdóttur**

frá Fossi í Staðarsveit.

**Börn og fjölskyldur.**



✝

Elskulegur bróðir okkar og frændi,

**Samúel Dalmann Jónsson**

rafvirki,

lést þriðjudaginn 28. febrúar. Jarðarför auglýst síðar.

**Dóra Guðbjört Jónsdóttir**
**Stefán Jónsson**
**og fjölskyldur.**



✝

Okkar ástkæra sambýliskona, móðir, tengdamamma og amma,

**Margrét Árnadóttir**

Kirkjusandi 1,

lést fimmtudaginn 16. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Okkar dýpstu þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og Karitas.

**Gunnar Þórðarson**
**Þórður Sigurðsson** **Ingunn B. Magnúsdóttir**
**Alda Hafdís Sigurðardóttir** **Ísleifur Þorbjörnsson**
**Edward Karl Sigurðsson** **Gróa Þórdís Þórðardóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Georg Breiðfjörð Ólafsson**

Silfurgötu 13, Stykkishólmi,

sem andaðist á Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi, miðvikudaginn 22. febrúar, verður jarðsunginn frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 4. mars kl. 14. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð Dvalarheimilis aldraðra, Stykkishólmi. Reikningsnúmer 0303-13-209020, kt. 620269-7009.

**Gylfi Georgsson** **Laufey Guðmundsdóttir**
**Júlíus Bragi Georgsson**
**Ágúst Ólafur Georgsson** **Valgerður Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Thomas by Rosenthal
25%
„Let the sunshine in"
TEFAL PANNA
28 CM CERAMIC
35%
Slitsterk keramik húð.- Engin skaðleg efni.
VERÐ ÁÐUR.... 9.995
TILBOÐ .......... 6.495
DANTAX ÖRBYLGJUOFN 23L
MEÐ GRILLI
20%
VERÐ ÁÐUR...15.995
TILBOÐ .........12.795
KRINGLUKAST
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
MEDISANA
ANDLITSBURSTI
25%
VERÐ ÁÐUR.....4.995
TILBOÐ ...........3.745
33%
PureKomachi 2
PURE KOMACHI2
3STK HNÍFASETT
VERÐ ÁÐUR...11.985
TILBOÐ ...........7.995
PHILIPS
MATVINNSLUVÉL
650W
30%
VERÐ ÁÐUR... 12.995
TILBOÐ ........... 8.995
25%
OHB
TÖFRASPROTI
QUICK PREP
VERÐ ÁÐUR.. 9.995
TILBOÐ ........ 7.495
VIDALSASSOON
INFRARADIANCE
SLÉTTUJÁRN
35%
VERÐ ÁÐUR...5.995
TILBOÐ .........3.895
ROSENDAHL
GLÖS OG
KARÖFLUR
30%
LE CREUSET®
50%
STEYPUJÁRNSPOTTUR
RAUÐUR - 24 CM
TAKMARKAÐ MAGN
VERÐ ÁÐUR...39.995
TILBOÐ .........19.995
iRobot
RYKSUGU
VÉLMENNI
ÞÚ SPARAR 10.000 KR.
VERÐ ÁÐUR... 59.995
TILBOÐ ......... 49.995
DELONGHI
SJÁLFVIRK
KAFFIVÉL
MagnificaS 1450W
VERÐ ÁÐUR...69.995
TILBOÐ .........59.995
Jamie Oliver
LOVE THE OUTDOORS
Gas Grill
TVEGGJA
BRENNARA
38%
TAKMARKAÐ MAGN
VERÐ ÁÐUR...64.995
TILBOÐ .........39.995
GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN
COMPACT
35sm² grillflötur
FULLT VERÐ .....13.995
KRINGLUKAST ...7.695
45%
Allt að
42%
minni fita
Russell Hobbs
Losanlegar plötur
FAMILY
51sm² grillflötur
FULLT VERÐ ....... 16.995
KRINGLUKAST .....9.345
Losanlegar plötur
ENTERTAINING
64sm² grillflötur
FULLT VERÐ ....... 19.995
KRINGLUKAST ... 10.445
HÁGÆÐA
PHILIPS
RYKSUGA
Performer
ÖFLUGAR OG
ORKUSPARANDI
20%
VERÐ ÁÐUR...19.995
TILBOÐ .........15.995
Dolce Gusto kaffivélar
VERÐ FRÁ 4.995
NESCAFÉ
Dolce
Gusto
YFIR 30 GERÐIR AF TE, KAFFI OG KAKÓ!

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Veður breytist lítið og verður áfram bjart og fallegt í flestum landshlutum. Norðausturhornið sker sig dálítið úr, því þar má reikna með éljum þótt almennt sé um þokkalegt veður að ræða. Hitastigið verður að mestu undir frostmarki, en á láglendi á suðvesturhorninu mun hiti þó sennilega skríða yfir frostmarkið.

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -5° | -6° |
| ← 10 | ↖ 5 | ↑ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | -2° | -7° |
| ↓ 4 | ↙ 7 | ↑ 2 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -3° | -3° |
| ← 12 | ↖ 6 | ↖ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 0° | 1° | -5° |
| ← 10 | ← 10 | ← 7 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. plat
6. ógrynni
8. hyggja
9. umrót
11. ekki
12. svölun
14. gáleysi
16. drykkur
17. einkar
18. heiður
20. tvíhljóði
21. titra

**LÓÐRÉTT**
1. íþrótt
3. strit
4. rugla
5. bóndi
7. fyrirrennari
10. eyða
13. kvk nafn
15. spírun
16. skír
19. til



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gabb, **6.** of, **8.** trú, **9.** los, **11.** ei, **12.** fróun, **14.** vangá, **16.** te, **17.** all, **18.** æra, **20.** au, **21.** riða.
**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** at, **4.** brengla, **5.** búi, **7.** forveri, **10.** sóa, **13.** una, **15.** álun, **16.** tær, **19.** að.

### Skák Gunnar Björnsson

Sajtar átti leik gegn Dietze í Prag 1943.
**Hvítur á leik**
**1. Dg6!! fxg6** (1...f5 2. exf6 Bxf6 3. Hxf6 Hxf6 4. De8+) **2. Hxf8+ Kh7 3. h5! 1-0.**
Íslandsmót skákfélag hófst í gær í fyrstu deild. Í kvöld hefjast einnig deildir 2-4.
**www.skak.is:** Allt um Íslandsmót skákfélaga.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | | | 5 | 9 |
| 8 | | | | 3 | 7 | 1 | | |
| | | | 4 | | | | | 2 |
| | | | | | | 7 | 3 | |
| | 5 | 9 | 6 | 7 | | 2 | 8 | |
| 6 | | 1 | | 8 | | | 4 | 5 |
| | | | 5 | 1 | | 6 | | |
| | 6 | | 8 | | | | | 3 |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | | 9 | |
| | | | 4 | | 9 | 5 | | |
| | 3 | 5 | | 8 | | | | 6 |
| | 6 | 2 | 1 | 9 | | | | |
| 8 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 9 | | | | 7 | | | 2 |
| 2 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| 4 | 1 | | 6 | | | | | |
| | 7 | 6 | | | 2 | | | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 3 | | | | | |
| | 1 | 6 | 8 | | 7 | | | 3 |
| | | 4 | | | 2 | 6 | | |
| | | 9 | | 3 | | | 1 | 5 |
| 5 | | | 1 | | | 2 | | |
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | | | 2 | 6 | | | |
| | | | 7 | | | 3 | 9 | |
| | | | 4 | 8 | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 4 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 9 | 6 | 8 | 3 | 7 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 7 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 5 | 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 1 | 8 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 |


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

### Upplifun af geðdeild

**Gunnar Hrafn Jónsson** þingmaður Pírata snýr aftur á þing eftir veikindaleyfi. Hann segir frá upplifun sinni á geðdeild.

### Meiri einkavæðingu

**Sigríður Andersen** dómsmálaráðherra vill meiri einkavæðingu í heilbrigðisþjónustu og segir engar forsendur fyrir því að ríkið standi í fjölmiðlarekstri.



### Hvert fóru karlarnir?

**Karlkyns** grunnskólakennurum hefur fækkað umtalsvert síðustu áratugi. Börn líða fyrir einhæfar fyrirmyndir í skólum.

### Hægt að pissa í þyrluflugi

**Þorgeir Atli Gunnarsson** tók viðtal við flugstjóra hjá Landhelgisgæslunni og komst að því að það eru engin vandræði þótt flugmenn þurfi á klósettið í miðju flugi.



**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SJÓNVARPSRÝMING

## RÝMUM ELDRI MÓDEL Á FRÁBÆRUM VERÐUM Í NOKKRA DAGA




**Finlux 32FLK274SN**
32" LED sjónvarp með 1366x768 punkta upplausn og Progressive Scan. Nett og ódýrt með stafrænum DVB/T2+C móttakara, USB tengi og 2xHDMI tengjum.

**29.990**
VERÐ ÁÐUR **49.990**




**Finlux 32FLKR277SC**
32" HD Smart Wifi sjónvarp með 1366x768 punkta upplausn og Progressive Scan. Nett sjónvarp með Dynamic Contrast, Digital Noise Reduction og stafrænum DVB/T2+C móttakara, auk 2xHDMI, USB tengis og fjarstýringar með „Magic Button".

**34.990**
VERÐ ÁÐUR **59.990**




**Thomson 40FA3104**
40" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080 punkta upplausn og háskerpu DVB-T2 móttakara. Gott sjónvarp á ótrúlegu verði með Digital Coax, 2xHDMI, Scart, LAN og heyrnatólstengi.

**39.990**
VERÐ ÁÐUR **59.990**




**Finlux 49FLHKR277SC**
49" Full HD Smart Wifi sjónvarp með 1920x1080 punkta upplausn og stafrænum DVB/T2+C móttakara. 16W Nicam Stereo hljóðkerfi, fjarstýring með „Magic Button", 2xHDMI og USB tengi sem spilar allar helstu skráargerðir.

**59.990**
VERÐ ÁÐUR **89.990**




**LG 49LH510V**
49" LED sjónvarp með 1920x1080 punkta upplausn og 300Hz PMI. Með stafrænum DVB-C/T2/S2 og gervihnattamóttakara. Notendavænt sjónvarp með góðum myndgæðum, HDMI tengi og USB upptökumöguleika.

**64.990**
VERÐ ÁÐUR **89.990**




**Thomson 50UA6406**
50" snjallsjónvarp með Ultra HD 3840x2160 punkta upplausn og 400Hz Clear Motion Index. Endalausir möguleikar með 4xHDMI tengi, Wi-Fi, Opnum vafra, DLNA og Miracast.

**69.990**
VERÐ ÁÐUR **119.990**




**Thomson 55UA6406**
55" snjallsjónvarp með Ultra HD 3840x2160 punkta upplausn og 400Hz Clear Motion Index. Endalausir möguleikar með 4xHDMI tengi, Wi-Fi, Opnum vafra, DLNA og Miracast.

**79.990**
VERÐ ÁÐUR **149.990**




**Philips 49PUS6031**
49" Ultra HD LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840x2160 upplausn. Hágæða sjónvarp útbúið öllum helstu tæknimöguleikum eins og Micro Dimming Pro, Netflix í 4K, 700 Hz PPI og Miracast. Með 2xHDMI og 2x USB tengi.

**79.990**
VERÐ ÁÐUR **94.990**




**Panasonic TX58DX750E**
58" VIERA LED sjónvarp með 4K PRO Ultra HD 3840x2160 punkta upplausn. Frábær myndgæði með 1800Hz BMR IFC og Local Dimming auk Mozilla Firefox OS netvafra og Netflix í 4K. Wi-Fi, Bluetooth og stafrænn DVB-C/T2 móttakari.

**229.990**
VERÐ ÁÐUR **279.990**

***Takmarkað magn – Fyrstur kemur fyrstur fær!***
*Fjöldi annarra tækja á rýmingarverðum!*

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

# Reykjanesbrautin, Collingwood, Getsemane og Eden

**Á morgun opna þeir Einar Falur Ingólfsson og Sigtryggur Bjarni Baldvinsson einkasýningar í Ketilhúsi Listasafns Akureyrar og þar kennir ýmissa forvitnilegra grasa úr ólíkum áttum.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Ketilhús er aðalvettvangur Listasafns Akureyrar um þessar mundir og á morgun verða opnaðar þar tvær einkar áhugaverðar sýningar tveggja ólíkra listamanna, þeirra Einars Fals Ingólfssonar og Sigtryggs Bjarna Baldurssonar.

Sýningin Griðastaðir er úrval ljósmyndaverka úr fjórum tengdum seríum sem Einar Falur hefur unnið að á undanförnum áratug. En Einar Falur segir að þó svo þeir Sigtryggur hafi verið valdir til þess að sýna í húsinu á sama tíma séu á ferðinni tvær einkasýningar. „Við erum á sitthvorri hæðinni, ég er á svölunum sem kallað er, en Sigtryggur niðri í salnum. Tvær einkasýningar en fólk getur gengið á milli í sama rýminu enda er Ketilhúsið einstaklega fallegt hús með mikla hæð sem býður upp á þessa skemmtilegu samtengingu.“

### Úr fjórum seríum

Sýning Einars Fals kallast Griðastaðir og eru verkin valin inn af svissneska sýningarstjóranum Christoph Kern en Einar Falur segir að upphaflega hafi Kern unnið þetta fyrir sýningu í Basel 2014. „Fremur en að velja eitt af þeim verkefnum sem ég hef verið að vinna að á undanförnum árum valdi Kern að taka saman úrval úr fjórum af mínum langtímaverkefnum. Hann vildi skapa sína heild út frá þessum fjórum seríum sem á sama tíma gæfi einhvers konar heildarmynd af þeirri veröld sem ég hrærist í og mínum áhugasviðum innan ljósmyndunar. Það má segja að þar megi finna snefil af dagbók, sögulegum tengingum og svona marglaga nálgun minni við mitt umhverfi sem byggir kannski einkum á bókmenntum og arfleiðinni. Þetta eru bæði persónuleg verkefni þar sem ég hef verið að skrásetja mitt eigið líf og líka verkefnum eins og þar sem ég hef verið að vinna út frá myndum W.G. Collingwoods. En mér finnst sjálfum gaman að sjá hvaða leið Kern valdi. Það er líka þarna talsvert af myndum úr seríu sem ég kalla Skjól sem fjallar um hvernig við Íslendingar sköpum okkur, og húsdýrum okkar, rými inni í þessari oft á tíðum erfiðu náttúru okkar.“

### Ómenguð sýn

Einar Falur sem hefur einnig verið með töluvert af portrettmyndum í gegnum tíðina, einkum í menningarsögulegu samhengi, segir að Kern hafi alveg sleppt þeim þætti. „Hans val snýst meira um landið og upplifun mína af landinu. Elsta serían sem hann sækir í er frá 2007 þar sem ég var að vinna með æskuslóðir mínar í Keflavík og Reykjanesbrautina. Þannig að þetta er svona manngert landslag sem Kern tekur svo áfram sem ákveðinn útgangspunkt. Hvernig ég skráset manngert landslag.“

Einar Falur segir að hann hafi ekki haft nein afskipti af vali Kerns. „Mér fannst gaman að sjá hvernig hann nálgaðist þetta, ekki síst með tilliti þess að hann hefur aldrei komið til Íslands. Þannig að hann skoðar mína sýn á landið alveg ómengaða af hans eigin upplifun og það finnst mér mjög áhugavert. Ég hef á undanförnum árum verið að vinna að mjög stórum verkefnum þar sem ég er í senn listamaðurinn og sýningarstjórinn. Það er því sérstaklega gaman fyrir mig að vinna með sýningarstjóra sem fær frítt spil til þess að velja úr mínum myndum út frá sinni sýn. Fær að skapa út því sína heild og þannig finnst mér þessi sýning Kern vera,“ segir Einar Falur.

### Öll eilíf

Verkin á sýningu Sigtryggs Bjarna Baldvinssonar, 360 dagar og málverk, eru af ólíkum toga en listamaðurinn segir að sýningin sé eiginlega þrískipt. „Í fyrsta lagi er ég með mjög stórt ljósmyndaverk sem samanstendur af um það bil áttatíu ljósmyndum og það var upphaflega gert fyrir Listvinafélag Hallgrímskirkju, í tilefni af 400 ára afmæli Hallgríms. Þetta er verk sem endaði sem ljósmyndaverk en átti upphaflega að vera vatnslitaverk. Ég ætlaði að túlka eiginhandarrit Hallgríms með vatnslitum en ég bjó í Brighton á þessum tíma. Það fór þannig að í stað þess að mála myndir þá lét ég náttúruna um að gera vatnslitaverk með því að ég skildi vatnslitaörk eftir í fallegum bakgarði heimilis míns. Garðurinn minnti á Getsemane eða Edensgarð, ættaðan úr Passíusálmunum, og svo lét ég náttúrunni það eftir að mála þetta með veðri og vindum á 360 dögum. Að því loknu var Hallgrímur eiginlega alveg horfinn en á þeim tíma þá breyttist hann í pöddu og svo í mold og svo tré og loks í epli. Svona eins og við gerum öll og með því fannst mér ég hafa komist nær því að sanna að við erum öll dæmd til þess að vera eilíf. Bæði gegnum hið efnislega og í því sem við gerum um ævina og þannig er Hallgrímur einstaklega eilífur og allt um lykjandi. Þetta er í fyrsta skipti sem ég sýni þetta 80 ljósmynda verk utan Hallgrímskirkju en mig langaði mikið til þess að sýna þetta í hlutlausara rými og kanna þetta í almennu sýningarrými.“

### Tíminn og vatnið

Sigtryggur segir að það sé kannski óvenju flókið konsept á bak við þær myndir sem hann að sýna að þessu sinni. Önnur myndaröðin kallast Tíminn og vatnið og þar eru á ferðinni gvassmyndir. „Heitið er sótt í það að hér eru á ferðinni litirnir hans Karls Kvarans, sem var okkar þekktasti gvassmálari, en mér áskotnuðust þessir litir. Þeir voru alveg uppþornaðir og fyrir flestum ónýtir. En ég ákvað að gera tilraun með að frelsa þá og koma þeim á pappír en eina leiðin til þess reyndist vera að leggja þá í bleyti og setja þá svo í matvinnsluvél. Elstu litirnir þarna eru úr verksmiðju sem hætti starfsemi árið 1959 þannig að það var kannski ekki að furða að þetta væri orðið þurrt.

En að endingu er ég með verk, sem fólk sem þekkir mín verk er vel kunnugt, en það eru olíumálverk af blikandi haffflötum. En það eru bara málverk og það þarf ekki að útskýra það neitt nánar,“ segir Sigtryggur Bjarni léttur. Sýningar þeirra félaga verða opnaðar í Ketilhúsinu á morgun kl. 15, standa báðar til sunnudagsins 16. apríl og er aðgangur ókeypis.



Einar Falur Ingólfsson og Sigtryggur Bjarni Baldursson í óðaönn að koma upp sýningum sínum í Ketilhúsi á Akureyri.



Sigtryggur Bjarni Baldursson. Merlandi Skagafjörður V, 2016.

**ÞAÐ ER ÞVÍ SÉRSTAKLEGA GAMAN FYRIR MIG AÐ VINNA MEÐ SÝNINGARSTJÓRA SEM FÆR FRÍTT SPIL TIL ÞESS AÐ VELJA ÚR MÍNUM MYNDUM ÚT FRÁ SINNI SÝN.**

Einar Falur Ingólfsson

**SVONA EINS OG VIÐ GERUM ÖLL OG MEÐ ÞVÍ FANNST MÉR ÉG HAFA KOMIST NÆR ÞVÍ AÐ SANNA AÐ VIÐ ERUM ÖLL DÆMD TIL ÞESS AÐ VERA EILÍF.**

Sigtryggur Bjarni Baldursson

HÚSGAGNA BANKINN

# LAGERSALA

**FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030**

**Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga og 13 - 16 laugardaga**

Nýkomin sending af glæsilegum Mahogany og Hnotu húsgögnum





Hliðarborð með bakka

49.500 45.600



Glerskápur 70 sm

104.300



Glerskápur 120 sm

159.000



Sófaborð 135 sm

95.200



Skenkur 175 sm

149.600



Hornskápur 76 sm

94.500



Sjónvarpsskápur 135 sm

110.400



399.200

*Borðstofuborð 180/240 x 100 sm*

*6 stólar, þar af 2 með örmum*



603.200

*Monaco sófasett 3 + 1 + 1*



159.200

*Rafknúinn hægindstóll*
*Alklæddur í ekta leður*



99.800

*Hægindstóll m. snúningi*
*Alklæddur í ekta leður*



546.400 *3 sæta sófi*
*og 2 rafknúnir hægindastólar*

Bluedio
Amazing Life

*Bluetooth græjur*



7.565



9.265

*FM og SD spilari*



12.155



12.665



16.830

*SD spilari*

**www.husgagnabankinn.is**

ORIGAMI SUSHI

BÚIÐ TIL DAGLEGA

# SPICY SURIMI

RÚLLA MÁNAÐARINS!

1.299 kr/pk



MEÐ HVERJUM KEYPTUM BAKKA AF RÚLLU MÁNAÐARINS FYLGIR 1/2 LÍTRI AF KRISTAL MEÐ LÍMÓNU- OG JARÐARBERJABRAGÐI.




BAKARÍIÐ



749 kr/stk

**Steinbakað súrdeigsbrauð**
Aldargömul frönsk uppskrift. Ekkert ger. Langtíma hefun.




799 kr/stk

**Lizi´s granola**
Belgian Chocolate, Low Sugar, Mango Macadamia, Original og Treacle and Pecan.

Nýtt í Hagkaup




299 kr/stk

**Barebells próteinstykki**
20 g prótein í hverju stykki.

Nýtt í Hagkaup




**Superfruit foods**
Lífrænar ofurvörur.

EAT BECAUSE WOODSTOCK IT'S GOOD!

Nýtt í Hagkaup




**Woodstock**
Frosnir lífrænir ávextir og grænmeti.



**Lífræn ítölsk hráskinka og salami**
Tilvalið með ostunum.

## COLDPRESS SAFAR OG SMOOTHIES

### KALDPRESSAÐIR. NÝJAR BRAGÐTEGUNDIR HAFA BÆST Í ÚRVALIÐ.




299 kr/stk

Gildir til 5. mars á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg



ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans
HAMBORGARAVEISLA
um helgina
TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa
HAMBORGARAR
2 X 175 G.
722 kr/pk
verð áður 849
2 X 140 G.
594 kr/pk
verð áður 699
2 X 120 G.
509 kr/pk
verð áður 599
4 X 80 G.
594 kr/pk
verð áður 699
Gerir góðan borgara betri
SPICY MAJÓ
SPICY MAJÓNES
HAM BÓ#1
HAMBORGARASÓSA
HAM BÓ#2
HAMBORGARASÓSA
349 kr/stk
ÍSFUGL
TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa
TEX MEX VÆNGIR
545 kr/kg
verð áður 779
ÍSFUGL
TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa
KALKÚNALUNDIR
2.659 kr/kg
verð áður 3.799
SS
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
ÍTALSKT HÁLFLAMBALÆRI
1.799 kr/kg
verð áður 2.399
Holta
KJÚKLINGUR
TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa
KJÚKLINGABITAR BLANDAÐIR
699 kr/kg
verð áður 999
Holta
KJÚKLINGUR
TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa
KJÚKLINGA-BRINGUR
2.079 kr/kg
verð áður 2.599
FERSKAR ÓLÍFUR
EINS OG ÞÆR GERAST BESTAR
Ficacci
1964
449 kr/stk
Whole black Gaeta, Green giant Cerignola, Green Sweet Castelvetrano Silican,
Typical Abruzzese recipe, Oven dried black with orange, Bella Italia pitted mix,
Pitted green in Calabrese recipe og Whole black natural Kalamon.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

LAUGARÁS BÍÓ
Þú færð Coca-Cola í Laugarásbíói
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Aukakrónur 5%

LOGAN 16 — Hans tími er kominn — SÝND KL. 5.15, 8, 10.45
Stóra stökkið L — TILBOÐ KL: 4 — SÝND KL. 4, 6
John Wick 2 16 — SÝND KL. 8, 10.30
Split 16 — SÝND KL. 10.30
Gold 12 — SÝND KL. 8
Lego Batman L — TILBOÐ KL: 5.45 — SÝND KL. 5.45
Billi Blikk L — TILBOÐ KL: 3.30 — SÝND KL. 3.30
Syngdu L — TILBOÐ KL: 3.30 — SÝND KL. 3.30

SAMBÍÓIN SAMbio.is
Stórkostleg mynd sem lætur engan ósnortinn — A Dog's Purpose
Frábær teiknimynd með íslensku tali. — Rock Dog
6 VERÐLAUN SIGURVEGARI ÓSKARSVERÐLAUNANNA — La La Land
Sýnd með íslensku og ensku tali. — Batman Movie — IMDb 7.7 — Fresh 91%

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 4 - 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| FIST FIGHT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| FIST FIGHT VIP | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 |
| GAMLINGINN 2 | KL. 8 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 3:20 - 4:20 - 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 8 |
| RINGS | KL. 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 8 |
| XXX 3 | KL. 10:10 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| LOGAN | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 |
| FIST FIGHT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 10:15 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 |
| XXX 3 | KL. 10:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| A DOG'S PURPOSE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| FIST FIGHT | KL. 8 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| LA LA LAND | KL. 10:20 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 - 10:20 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 8 - 10:30 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| LOGAN | KL. 8 - 10:45 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 5:40 - 8 |
| FIST FIGHT | KL. 10:20 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |


# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Föstudagur

hvar@frettabladid.is


Söngvarinn Freddie Mercury hefði orðið sjötugur á þessu ári. NORDICPHOTOS/GETTY

### 3. MARS

## Uppákomur

**Hvað?** Lesið fyrir börnin
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Bókasafn Garðabæjar
Lesin verður saga fyrir börn á aldrinum 3 til 7 ára í dimmu skúmaskoti með vasaljósi. Það verður myrkrastemning á safninu í kvöld. Álfar og tröll verða kynnt fyrir börnunum.

**Hvað?** Konukvöld Hvíta riddarans
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Hvíti riddarinn, Mosfellsbær
Á konukvöldinu verður suðræn stemning með fordrykk, mexíkósku veisluhlaðborði og frosnum margarítum. Einnig verður boðið upp á kynningar á m.a. snyrtivörum og fatnaði og svo verður happdrætti. Sverrir Bergmann og Halldór Gunnar Fjallabróðir halda uppi stuðinu og kynnir kvöldsins verður söngkonan Elín J. Bergljótardóttir.

**Hvað?** Föstudagskvöld með Sævari Helga og stjörnunum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ferðafélag Íslands
Háskóli Íslands, Bóksala stúdenta og Stjörnufræðivefurinn blása til stjörnuskoðunar undir leiðsögn Sævars Helga Bragasonar stjörnufræðimiðlara fyrir framan Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Sjónum gesta og sjónaukum á staðnum verður m.a. beint að vaxandi mána, vetrarbrautinni og vonandi norðurljósum. Markmið viðburðarins er að hvetja fólk til þess að njóta náttúrunnar og himingeimsins nú þegar veður er stillt og veðurskilyrði til stjörnuskoðunar eru með besta móti. Sævar Helgi Bragason mun lýsa því sem fyrir augu ber á kvöldhimninum en hann er fyrir löngu orðinn landsþekktur fyrir miðlun sína á undrum himingeimsins.

## Sýningar

**Hvað?** Gott fólk
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Þjóðleikhúsið
Sýningin Gott fólk er byggð á samnefndri skáldsögu Vals Grettissonar sem hlaut frábæra dóma þegar hún kom út á síðasta ári. Sagan varpar fram áleitnum spurningum: Er hægt að beita ofbeldi án þess að átta sig á því? Er hægt að vera dæmdur til refsingar án þess að vita hver refsingin er? Hver eru mörk hefndar og réttlætis?

## Tónlist

**Hvað?** Freddie Mercury sjötugur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Eftir nokkurt hlé mætir stórskotalið Rigg viðburða með frábæra tónlistarveislu með nýju og endurbættu sniði. Tilefnið er ærið þar sem Freddie Mercury hefði orðið sjötugur 5. september næstkomandi og bestu tón- og textasmíðar verða því fluttar í glæsilegri umgjörð í Eldborgarsal Hörpunnar. Söngvarar verða meðal annars Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Magni Ásgeirsson, Friðrik Ómar og Matthías Matthíasson.

**Hvað?** Gyða Valtýsdóttir: Epicycle
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Dómkirkjan
Í nóvember í fyrra kom út platan Epicycle með Gyðu Valtýsdóttur. Og nú er komið að útgáfutónleikum hennar. Flytjendur á tónleikum með Gyðu eru meðal annars Shahzad Ismaily, Julian Sartorius, Júlía Mogensen og Frank Aarnink.

**Hvað?** Prins Póló
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn
Prins Póló rífur sig upp frá bústörfunum til að leika á tónleikum á Græna hattinum. Prinsinn dýrkar að leika fyrir norðan og hann ætlar að taka Árna Rúnar úr FM Belfast með sér til halds og trausts.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Afdrif flóttamanna á vinnumarkaði
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Oddi, Stofa 206
Öndvegisverkefnið Mobilities and Transnational Iceland á Félagsvísindasviði bjóða öllum áhugasömum á fyrirlestur Gerðar Gestsdóttur. Fjöldi kólumbískra kvenna og barna kom sem flóttamenn til Reykjavíkur árin 2005 og 2007. Innan fárra mánaða voru allar konurnar farnar að vinna, en um 10 árum seinna var helmingur þeirra orðinn óvinnufær. Eigindleg rannsókn meðal þessara kvenna leitast við að greina atvinnuþátttöku þeirra, menntun og heilsufar fyrir og eftir komuna til Íslands. Reynt er að svara því hvort hægt sé að standa öðruvísi að móttöku og stuðningi við flóttamenn til að auka líkurnar á velgengni á vinnumarkaði og draga úr líkum á að veikindi valdi óvinnufærni. Gerður Gestsdóttir er MA í mannfræði frá University of Manchester og hefur starfað árum saman sem sérfræðingur í málefnum innflytjenda.

**Hvað?** Heilbrigðir liðir með hjálp Ayurveda
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Jurtaapótek
Á þessu námskeiði lærum við hvernig við getum nýtt okkur ayurveda-fræðin til að viðhalda heilbrigðum liðamótum, þar sem áherslan verður lögð á jurtir og rétt mataræði. Bent er á að það þarf að senda tölvupóst á jurtaapotek@jurtaapotek.is til að skrá sig eða hringja í síma 552-1103. Námskeiðið kostar 6.500 krónur.

**Hvað?** Einelti - leiðir til lausna
**Hvenær?** 9.00
**Hvar?** Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Áhugafólki og fagaðilum sem vinna með börnum og ungmennum er boðið til ráðstefnu í Skriðu í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð. Markmið ráðstefnunnar er að kynna hagnýtar og gagnreyndar leiðir til að koma í veg fyrir og grípa inn í eineltismál sem og að skapa vettvang fyrir markvissa umræðu og stefnumörkun. Fyrirlesarar á ráðstefnunni eru Dr. Debra Pepler, Margot Peck, Dr. Sanna Herkama og Vanda Sigurgeirsdóttir sem allar hafa víðtæka reynslu af forvörnum, inngripum og rannsóknum á einelti.

**Hvað?** Óbvia kynning
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** SÍM salurinn, Hafnarstræti 16
SÍM og samtökin Óbvia standa fyrir kynningu á nýrri gestavinnustofu staðsettri í Setúbal, Portúgal. Setúbal er u.þ.b. 48 kílómetra suður af Lissabon, höfuðborg Portúgals, borgin stendur við ána Sado og íbúar hennar eru um 100.000. Óbvia kynnir gestavinnustofuna og fjallar um lífið í borginni, félagslegar og menningarlegar áskoranir og umhverfi borgarinnar. Tímabil gestavinnustofunnar hefst í október 2017 til og með mars 2018.


Jurtaapótekið heldur námskeið um hvernig hægt er að viðhalda heilbrigðum liðamótum með hjálp ayurveda, meðal annars með réttu mataræði. NORDICPHOTOS/GETTY


Stockfish Film Festival — February 23rd — March 5th 2017
BÍÓ ★ PARADÍS — HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Staying Vertical | 18:00 |
| I, Daniel Blake | 18:00 |
| Chronicles Of Melanie | 18:00 |
| The Constitution | 20:30 |
| Stranger By The Lake | 20:15 |
| Carcasse | 20:40 |
| A Serious Game | 22:45 |
| Nightlife | 22:30 |
| Pretenders | 22:15 |

Bíó Paradís — Staying Vertical — A film by Alain Guiraudie




Kl. 8-11
20%
AFSLÁTTUR
GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA
Í EINKAEIGN

MORGUNVERÐ VEITA 20% AFSLÁTT AF SKOÐUNAR-
GJALDI OG GILDA FRÁ 8-11 VIRKA MORGNA.
Á SAMA TÍMA BÝÐST ÞÉR AÐ ÞIGGJA GÆÐA
KAFFIBOLLA OG FRÍTT WIFI Á MEÐAN SKOÐUNIN
FER FRAM.

Frumherji
www.frumherji.is
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

20 ÁRA
STOFNAÐ 1997

Martha & Snoop's
POTLUCK DINNER PARTY




Beittur og fáránlega skemmtilegur þáttur í umsjón eldhúsdrottningarinnar Mörthu Stewart og rapparans Snoop Dogg sem eru eins ólík og hugsast getur en eiga það sameiginlegt að hafa mikið dálæti á mat.
**Það er ekkert heilagt í þessum matarboðum!**

**SPENNANDI**
FÖSTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**EVRÓPSKI DRAUMURINN**

Fyrsti þáttur

Við rifjum upp þessa fjörugu og skemmtilegu þætti og hitum upp fyrir frumsýningu þáttaseríunnar Asíski draumurinn sem hefst 31. mars.





**SUPERMAN RETURNS**

Ofurmennið fær verðugan andstæðing til að glíma við en sá stefnir á heimsyfirráð með öllum tiltækum ráðum. Stórskemmtileg mynd fyrir alla fjölskylduna með Kevin Spacey og Kate Bosworth í aðalhlutverkum.

**SUNLIGHT JR.**

Dramatísk mynd um par sem á fullt í fangi með að láta enda ná saman og nú þarf að ákveða hvað þau ætla að gera þegar þau eiga von á barni.



**DJANGO UNCHAINED**

Stórbrotin mynd sem gerist í suðurríkjum Bandaríkjanna skömmu áður en þrælastríðið braust út. Með aðalhlutverk fara Leonardo DiCaprio, Kerry Washington og Samuel L. Jackson.




**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.** 365.is




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Kalli kanína og félagar**
**07.40 Litlu Tommi og Jenni**
**08.05 The Middle**
**08.30 Pretty little liars**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Restaurant Startup**
**11.10 Lóa Pind. Battlað í borginni**
**11.50 Nettir Kettir**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Grown Ups**
**14.40 The Sting**
**16.50 Dulda Ísland**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 Martha & Snoop's Potluck Dinner Party** Beittur og fáránlega skemmtilegur þáttur í umsjón eldhúsdrottningarinnar Mörthu Stewart og rapparans Snoop Dogg.
**20.00 Evrópski draumurinn** Stöð 2 rifjar upp þessa hörkuspennandi og skemmtilegu þætti og hitar upp fyrir frumsýningu þáttaraðarinnar Asíski draumurinn sem hefst 31. mars.
**20.35 Superman Returns** Spennandi ævintýramynd frá 2006. Ofurmennið fær verðugan andstæðing til að glíma við en sá stefnir á heimsyfirráð með öllum tiltækum ráðum.
**23.05 Sunlight Jr.** Dramatísk mynd frá 2013 með Naomi Watts og Matt Dillon um par sem á fullt í fangi með að láta enda ná saman um hver mánaðamót þarf að ákveða til hvaða ráða þau eigi að grípa þegar konan verður ólétt. Það eru úrvalsleikararnir Naomi Watts og Matt Dillon sem leika hér parið Melissu og Richie sem eru hamingjusöm og ástfangin þrátt fyrir að vera í stöðugu ströggli.
**00.40 Concussion**
**02.40 For Those in Peril**
**04.10 Grown Ups**
**05.50 The Middle**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.50 KR - Keflavík**
**09.30 Valur - Snæfell**
**11.10 MD 2017 - Samantekt**
**11.45 Tottenham - Stoke**
**13.25 Premier League Review**
**14.20 Premier League World**
**14.50 Real Madrid - Las Palmas**
**16.30 Barcelona - Sporting**
**18.15 MD 2017 - Samantekt**
**18.50 PL Match Pack 2016/2017**
**19.20 La Liga Report 2016/2017**
**19.50 Þór Ak. - Njarðvík**
**22.00 Domino's körfuboltakvöld**
**23.50 Premier League Preview**
**00.20 Bundesliga Weekly**
**00.50 Birmingham - Leeds**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00 Bayer Leverkusen - Atletico Madrid**
**08.45 Sevilla - Leicester**
**10.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**10.55 Leeds - Sheffield Wednesday**
**12.35 Bayern Munchen - Hamburger**
**14.15 Þýsku mörkin**
**14.45 WBA - Bournemouth**
**16.25 Messan**
**18.00 KR - Keflavík**
**19.40 Birmingham - Leeds**
**21.45 Premier League Preview**
**22.15 L.A. Lakers - San Antonio Spurs**
**00.05 Augsburg - Leipzig**
**01.45 Þór Ak. - Njarðvík**
**03.25 Domino's körfuboltakvöld**

## STÖÐ 3

**17.30 2 Broke Girls**
**17.55 Raising Hope**
**18.15 New Girl**
**18.40 Modern Family**
**19.05 Curb Your Enthusiasm**
**19.40 Silicon Valley**
**20.15 The New Adventures of Old Christine**
**20.40 Gilmore Girls**
**21.25 Izombie**
**22.10 Entourage**
**22.35 Klovn**
**23.05 Fresh off the Boat**
**23.30 Curb Your Enthusiasm**
**00.00 Silicon Valley**
**00.30 The New Adventures of Old Christine**
**00.50 Gilmore Girls**
**01.35 Izombie**
**02.15 Entourage**
**02.40 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00 Dóra könnuður**
**07.24 Mörgæsirnar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur**
**09.00 Strumparnir**
**09.25 Hvellur keppnisbíll**
**09.37 Ævintýraferðin**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 Grettir**
**10.11 Zigby**
**10.25 Blíða og Blær**
**10.47 Mæja býfluga**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur**
**13.00 Strumparnir**
**13.22 Hvellur keppnisbíll**
**13.34 Ævintýraferðin**
**13.46 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 Grettir**
**14.11 Zigby**
**14.25 Blíða og Blær**
**14.47 Mæja býfluga**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur**
**17.00 Strumparnir**
**17.22 Hvellur keppnisbíll**
**17.34 Ævintýraferðin**
**17.46 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 Grettir**
**18.11 Zigby**
**18.25 Blíða og Blær**
**18.47 Mæja býfluga**
**19.00 Skoppa og Skrítla í bíó**

**Dóra könnuður, kl. 07.00, 11.00 og 15.00**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Inside the PGA Tour**
**08.25 WGC. Mexico Championship**
**13.30 Golfing World**
**14.20 Inside the PGA Tour**
**14.45 PGA Highlights**
**15.40 Genesis Open**
**19.00 WGC. Mexico Championship**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.15 Hyde Park On Hudson**
**13.50 Blended**
**15.45 Yogi Bear** Skemmtileg mynd um Jógi og Bóbó sem búa í Jellystone-þjóðgarðinum og finnst fátt skemmtilegra en að nappa nestiskörfum af grandalausum gestum í útilegum. Fljótlega kemur í ljós að garðurinn þeirra er í hættu og þótt þeim hafi ekki alltaf samið við þjóðgarðsvörðinn Smith verða þeir að taka höndum saman og reyna að bjarga heimili sínu frá sorglegum örlögum, en til þess þarf að grípa til óvenjulegra aðgerða.
**17.05 Hyde Park On Hudson**
**18.40 Blended**
**20.40 Yogi Bear**
**22.00 Django Unchained** Stórbrotin Óskarsverðlaunamynd sem Quentin Tarantino leikstýrir með Jamie Foxx, Christoph Waltz, Leonardo DiCaprio, Kerry Washington og Samuel L. Jackson í aðalhlutverkum. Myndin gerist í suðurríkjum Bandaríkjanna skömmu áður en þrælastríðið braust út. Þýski læknirinn og mannaveiðarinn dr. King Schultz er á höttunum eftir hinum morðóðu Brittles-bræðrum þegar hann hittir þrælinn Django og fær hann til að aðstoða sig við leitina gegn loforði um frelsi. En samstarf þeirra er rétt að byrja. Myndin hlaut tvenn Óskarsverðlaun.
**00.45 The 5th Wave**
**02.35 Horns** Hrollvekjandi fantasía frá 2013 með Daniel Radcliffe í hlutverki Ig Perrish sem er grunaður um að hafa myrt unnustu sína. Dag einn vaknar hann með horn á höfðinu en fljótlega áttar hann sig á hæfileika sem þeim fylgir sem mun mögulega geta hjálpað honum að finna hinn raunverulega morðingja unnustu hans.
**04.35 Django Unchained**

## RÚV

**09.50 EM í frjálsum íþróttum innanhúss**
**14.10 Landinn**
**14.40 Japan - Ísland**
**16.35 EM í frjálsum íþróttum innanhúss**
**18.50 Táknmálsfréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Vikan #12stig**
**20.55 Gettu betur**
**22.05 Banks lögreglufulltrúi**
**23.35 Leatherheads**
**01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 America's Funniest Home Videos**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Three Rivers**
**10.35 Síminn + Spotify**
**13.00 Dr. Phil**
**13.40 Speechless**
**14.05 The Mick**
**14.30 Það er kominn matur**
**15.05 The Biggest Loser**
**15.50 The Biggest Loser**
**16.35 The Tonight Show**
**17.15 The Late Late Show**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 America's Funniest Home Videos**
**20.15 The Voice USA**
**21.45 The Bachelorette**
**23.15 The Tonight Show**
**23.55 Californication**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


20%
afsláttur
af Lavera snyrtivörum
á Kringlukasti
Vegan og lífrænt
vottaðar snyrtivörur
frá Þýskalandi
Vegan
lavera
NATURAL COSMETICS
Gildir í Hagkaup Kringlunni og Skeifunni. Gildir 3.-6. mars 2017.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Marsspá Siggu Kling



**Spáin gildir fyrir mars**

Lengri útgáfa af stjörnuspá á visir.is/SiggaKling

Hér eftir birtist spáin fyrsta föstudag hvers mánaðar



## Hrúturinn
21. mars–19. apríl

### Þrír spennandi mánuðir

Elsku hjartans hrúturinn minn, ég verð að segja að þú hefur dýpri skilning á lífinu en svo margir. Þú vilt öllum vel, þó það komi stundum fyrir að þú sért of hvatvís og segir það sem þú meinar án þess að hugsa þig tvisvar um. Ef þú hefur ekkert gott að segja, þá skaltu bara þegja, það er mitt aðalmottó og á eftir að hjálpa þér í gegnum næsta mánuð ef þú hefur það að leiðarljósi. Það er mikil spenna búin að vera yfir orkunni þessa daga í febrúar og þú átt eftir að nota þessa spennu og breyta henni í kraft eða bensín sem að þú átt eftir að nýta til að komast miklu hraðar og áfallalaust í gegnum þessa tíma sem þú ert að fara í. Það er í orkunni þinni sá einlægi ásetningur að redda og bjarga öðrum og þú átt það til að týna parti af sjálfum þér, þegar þú ert í þessum björgunarherferðum. Það sem á eftir að efla þig fram á vorið er að þú átt eftir að takast á við hlutina af einlægni og brjóta þér leið í gegnum allt sem þú hefur haft áhyggjur af. Þessir þrír mánuðir sem eru framundan, eru afdrifaríkustu mánuðir ársins hjá þér. Mjög margt mun koma þér á óvart og það birtast þér nýir möguleikar.



## Nautið
20. apríl–20. maí

### Miklir töfrar í kringum þig

Elsku nautið mitt, þú hefur þann hæfileika að geta breytt hvaða greni sem er í dásamlega paradís. Það er eins og þú sért í hreiðurgerð þetta vorið og það þýðir alls ekki að það séu að koma ungar, heldur ert þú að laga allt til í kringum þig. Þú átt eftir að finna út hvaða karakter þú vilt skapa því að það er náttúrulega þú sem skapar sjálft þig í þeirri mynd sem þú vilt sjá sjálft þig. Og þessi kraftur er að opnast fyrir þér, þú munt sjá fegurðina í kringum þig með skýrari augum. Þú verður ánægðara með sjálft þig og þar af leiðandi með aðra, því að ánægjan byrjar hjá þér. Það er ekki neitt sem getur stoppað þig á næstu mánuðum. Því að það eru svo miklir töfrar í kringum þig næstu 120 daga að minnsta kosti. Nú er kannski eitthvert naut að lesa þetta og hugsar: „Það er ekkert að gerast hjá mér og engin hreyfing búin að vera í lífi mínu.“ En þá verður þú, elskan mín, að kalla með orðum og hugsunum á það sem þú vilt fá í lífið þitt. Því að eina sem getur stoppað þig er ótti við breytingar og þá verður þessi stöðnun að veruleika, af því að þú ert að kalla á það.



## Tvíburinn
21. maí–20. júní

### Lærðu að aftengja þig

Elsku tvíburinn minn, þú ert svo mikið tengdur himintunglunum í tilfinningaorku þinni. Og þar sem það er búið að vera mikil spenna í kringum jörðina okkar þá drekkur þú það inn í líkama þinn og huga. Þú þarft núna að læra að aftengja þig, setja skýr mörk á það hvað skiptir máli og hvað skiptir ekki máli. Með hverjum þú ætlar að „chill-a“ og hverjir eiga það ekki skilið að vera í lífi þínu. Þér getur fundist eins og það sé verið að ráðast á þig á einhvern hátt sem þú átt ekki skilið. Og þar sem þú ert svo mikill magnari og magnar upp huga þinn, þá skalt þú vita að þetta er eitthvað sem þú ræður við. Það eru ýmsar breytingar yfirvofandi sem tengjast því að þú færir þig til eða skipuleggur mikla breytingu í lífi þínu, þetta gæti samt tekið dálitinn tíma. En hugsunin er byrjuð og allt byrjar nefnilega í hugsun. Það er í eðli þínu að opna of marga möguleika, og ef eitthvað klikkar þá getur þú farið eitthvað annað. Í ástinni er svo mikilvægt að þú skoðir fyrir þig að húmorinn er lykillinn að ástinni og hamingjunni hjá þér. Leitaðu að einhverjum sem kemur þér til að hlæja.



## Krabbinn
21. júní–22. júlí

### Besta spáin hingað til

Elsku hjartans krabbinn minn, það er hægt að segja með sanni að þetta er þinn tími. Þín orka hentar nákvæmlega inn í tímabil vorsins. Og þó að þér finnist vera læti í kringum þig þá er eins og þú látir þér fátt um finnast og heldur áfram að þínu takmarki eins og eldspúandi halastjarna sem enginn getur stöðvað. Það verður eldmóður í talanda þínum svo að þú þarft ekki að setja hugsanir þínar í excel, orðin munu koma frá þér án þess að þú þurfir að hugsa þau fyrir fram og skipuleggja, það er eins og þú fáir þennan X-faktor til þess að verða stórmenni. Þetta er líka sent til ykkar ef þið hafið haft hindranir í líkama ykkar, veikindi í líkama eða huga, því góðar fréttir og mikill kraftur munu hjálpa þér til að setja heilbrigða stefnu í allt sem tengist sál þinni. Þetta er besta spá sem ég hef nokkurn tíma sent ykkur, elsku krabbalabbarnir mínir. Svona raðast þetta upp hjá þér, svo vert þú þakklátur fyrir gjafirnar sem alheimurinn gefur þér. Í ástinni skaltu setja ástarorkuna til þín. Mottóið þitt ætti að vera: Í upphafi skal ekki endirinn skoða, því að núið gefur þér allt sem þú þarft.



## Ljónið
23. júlí–22. ágúst

### Hjartað er fullt af eldi

Elsku dásamlega ljón, þú hefur alltaf eitthvað að segja og eitthvað til málanna að leggja. Það sem mun gera þér blessun þennan mánuð er að vera ekki of einstrengingslegt og samskipti snúast ekki um það að eiga síðasta orðið. Auðvitað er það alveg á hreinu að þú ert gáfaðri en flestir en það gerir ekkert fyrir þig ef þú kannt ekki að efla tengslanet þitt og hafa virkni í kringum þig í sambandi við það. Það er svo dásamlegt í ástinni að þú leggur þig allt fram við að ná í þann sem þú elskar, en átt það til að hætta og missa áhugann þegar þér finnst þú hafa náð tökunum. Kraftur ástarinnar er inni í stjörnumerkinu þínu núna svo að hún eflir góða ást en sprengir vonda, og það er eðli ástarinnar. Þú munt svo sannarlega sjá hverjir eru þínir vinir, þegar þú skoðar það tímabil sem að þú ert að fara inn í. Þar sem þú ert svo mögnuð persóna og hjarta þitt fullt af eldi getur þú auðveldlega brennt bæði þig og aðra. Núna hefur þú tækifæri til að fara í frelsið og friðinn með þessu fágætu og fallegu vinum sem umkringja þig.



## Meyjan
23. ágúst–22. september

### Þú sérð ljósið í myrkrinu

Elsku dásamlega meyjan mín, þú virðist hafa þá blessunarlegu hæfileika að geta breytt öllu því neikvæða í jákvætt og sjá ljósið í myrkrinu. Þér tekst að halda upp á það sem gerist í lífi þínu þó að það sé lokastig skilnaðar. Þetta veit ég af því að nokkrar meyjuvinkonur mínar eru að skilja og ætla sér bara að halda upp á það, meðan við hin myndum líklega væla í koddann. Það er ekki út af neinu sem þú ert oft valin til þess að taka ábyrgð í skóla eða vinnu og þarft að sýna leiðtogahæfileika. Það eina sem getur orðið að hindrun er að fá leiða á verkefninu, skólanum og svo framvegis. Það sést langar leiðir ef persóna í meyjarmerkinu er ekki á réttri leið í lífi sínu og skín ekki eins skært og hún vill. Þín dásamlega pláneta Merkúr gerir þig að snillingi í samskiptum, það er samt mikilvægt að þú hafir ekki þá tilhneigingu að þurfa að láta aðra vita að þú hefur á réttu að standa, sem þú yfirleitt hefur. Meyjarmerkið sem eru mér nálægar og ég sækja oft fyrirmyndir mínar til persóna sem eru í meyjarmerkinu. Það er mikilvægt að þú skoðir að deyfa þig ekki með vímugjöfum því að þú átt það til að draga þig svo langt niður.



## Vogin
23. september–22. október

### Planaðu fram í tímann

Elsku vog, ég get ekki betur séð en að þú sért að fara inn í tímabil sem er eins og þín besta verslunarmannahelgi. Það er mikið að gerast, margar áhættur teknar og ótrúlegir sigrar yfir svo mörgu að það sem miður fer virðist vera svo lítið og óttalega ómerkilegt að ég nenni ekki einu sinni að lýsa því. Það er eins og þú elskir spennuna sem birtist þér í svo mörgum myndum. Þú átt eftir að hafa góða yfirsýn og ná að gera hlutina í hárréttri röð þannig að þér verður veitt athygli fyrir margt. Þú átt svo sannarlega eftir að sjá það að þú hefur kraft og orku til að standa þig í þeim verkefnum sem eru yfir þér. Það er eins og þú leggir þig 200% fram, þú munt vita að þetta er þinn tími til að sýna þér þitt rétta andlit og vera einlæg og segja nákvæmlega hvernig þú vilt hafa hlutina. Ekki láta neinn í kringum þig þurfa að geta í eyðurnar. Að hika er sama og tapa og þú þarft að þora til að skora. Þetta er tímabilið sem hugrekkið verður svo sannarlega vinur þinn. Þú munt smávegis þurfa að plana fram í tímann, það er nú alveg gott og blessað á meðan þú hefur ekki hugann langt á undan þér í tímanum.



## Sporðdrekinn
23. október–21. nóvember

### Slakaðu á og njóttu

Elsku sporðdrekinn minn, þú ert að fara inn á tímabil þar sem er mjög mikilvægt að slaka á og njóta. Ekki vera að flýta þér of mikið og reyna að gera allt fyrir einhvern vissan tíma, gefðu frekar þína ljúfu sál í það að gera eitt í einu. Þú hefur óendanlegan næmleika fyrir lífinu, þú hefur ástríðu til að sætta þig við allar möguleikar hliðar sem lífið mun bjóða þér. Þú ert að ná svo sterkum tökum á því að láta ekki gömul vandamál vera að rjúka upp í kringum þig, því þá sérðu ekkert nema móðuna sem er innan á gleraugunum sem er auðvelt að þurrka af. Ég ætla sérstaklega að ávarpa ykkur konur sem eruð í þessu merki, það er að koma fram svo mikil kisulóra í ykkur, þið sýnið svo mikið sex-appeal og útgeislun að það gæti orðið pínulítil öfundsýki í kringum ykkur. En öfundsýkin er alltaf tákn um vanmátt og enginn sparkar í hundshræ svo það er aldrei sparkað í þann sem ekkert hefur að gefa. Þú ert á mjög góðu tímabili og eina hindrunin er að þú gefur of stórt pláss í huga þínum í einskis nýtar hugsanir. Þetta er tíminn sem þú þarft að efla orkuna þína.



## Bogmaðurinn
22. nóvember–21. desember

### Vertu sjálfum þér trúr

Elsku bogmaður minn, orkan sem verður yfir þér á næstunni stoppar þig ekki í því sem þú vilt gera, alveg sama hvað gerist. Þó þér finnist eins og hlutirnir gerist ekki á þínum hraða þá er það alveg á hreinu að það eru engin mistök í gangi, þú ert að gera hárrétta hluti. Það er alveg sama hvað þú ákveður, þú virðist taka réttu ákvörðunina. Þú þarft að muna að þú ert eini dómarinn yfir lífi þínu og að sjálfsögðu þarft þú að dæma þér í hag. Þessi tími verður svo ótrúlega spennandi og skemmtilegur ef þú ert sjálfum þér trúr. Það er hægt að segja að þú hugsir dálítið öðruvísi en hin stjörnumerkin og þú átt það til að vera aðeins á undan með hugmyndir og skoðanir. Fólk getur ekki alltaf haldið í við þig en það er í þínu eðli að hafa alla í lífspartíi þínu. Þú átt erfitt með að vera leiðinlegur og skaprauna fólki. Þú þarft að nota þína snilligáfu til þess að aftengja þig frá þeim sem spila ekki sömu tegund af músík og þú. Hægt og rólega þarft þú að taka inn nýja orku og nýja vini eða breyta áherslum um hvern þú umgengst ef þér finnst þú vera fastur.



## Steingeitin
22. desember–19. janúar

### Hóaðu í vini þína

Elsku hjartans frábæra steingeitin mín, þú hefur svo frjótt og athyglisvert ímyndunarafl svo hugur þinn á auðvelt með að sveiflast frá einni hugmynd í aðra. Þú vilt vera sú persóna sem tekur áhættu en það skiptir þig samt svo miklu máli að vera heiðarleg og hafa allt á hreinu. Það getur hindrað þig eins asnalega og það kann að hljóma. Því það er í eðli þínu að gera allt fyrst fyrir aðra og setja svo súrefnisgrímuna á sjálfa þig en þar sem þú ert svo mikill töffari getur þú sett á þig þannig grímu að öðrum finnist þeir ekki ná að hjarta þínu. Og þú verður alltaf jafn hissa af því þér finnst þú í raun vera með svo opið hjarta og að öllum sé boðið inn. Í ástinni er í eðli þínu að stjórna. Þú vilt gera nákvæmlega það sem þú vilt, þó þú sért kurteis og hlýr við hinn aðilann. Yfir þetta tímabil sem þú ert að fara í er það samvinna sem stýrir ferðinni. Að vinna í einlægni með ástinni, gefa nýjan kraft og innspýtingu í vinnuna þína og ákveða hvar og hvernig þú vilt byggja upp heimilið þitt. Hóaðu saman vinum þínum og já, þú átt marga.



## Vatnsberinn
20. janúar–18. febrúar

### Breytingatímabil fram undan

Elsku hjartans vatnsberinn minn, það er að koma eitthvað svo friðsöm, jákvæð, uppbyggileg og himintær orka inn í þetta merki. Smátt og smátt hefur verið að byggjast upp mikil orka sem veitir þér styrk. Það er ekki eins og þú sért að fara inn á mikið breytingatímabil, nema það sé eitthvað sem þú ert búinn að ákveða og hugsa um að framkvæma. Andlega verður þú sterkari og sterkari og á því byggist lífið. Það eina sem hefur hindrað þig undanfarið, hvort sem það er í sambandi, vinnu eða lífinu hreinlega, er kvíði yfir hinum veraldlegu gæðum sem þér finnst þú þurfa að uppfylla. Ef engar áhyggjur væru tengdar hinu veraldlega þá er ég sannfærð um að þú gætir sagt: Ég er hamingjusamur vatnsberi. Þú ert svo tilfinningamikill og átt það til að vera yfirdrifinn sem er svo dásamlega skemmtilegt, en líka í senn svo ofboðslega tilfinningasamur að ungfrú drama getur átt það til að eiga heima í stofunni hjá þér. Það er náttúrulega mjög óvanalegt hjá vatnsbera en svona er þetta. Ef þú ætlar að vera rökréttur eða reikna allt út þá líður þér illa.



## Fiskarnir
19. febrúar–20. mars

### Undir töfrakrafti ástarinnar

Elsku hjartans fiskarnir mínir, það er svo mögnuð setning fyrir þig út þennan mikilvæga mánuð sem að þú átt svo sannarlega einkaeign á, að vandamál er bara hamingjan í vinnufötum. Ef þú hefur ekki verið það heppinn að þurfa að takast á við það vandamál þá værir þú ekki þessi dásamlega manneskja sem þú ert. Eftir því sem þú verður eldri þá líður þér betur í eigin skinni. Svo að þú skalt þakka fyrir hvert ár sem bætist við í líflínuna þína. Ef allt hristist í þinni tilfinningaveru þá ert þú að hafa áhyggjur af því sem hefur í raun og veru ekki átt sér stað. Og það mun alltaf fylgja þér sá kraftur sem heitir „þetta reddast“ og sú setning er til bara í íslensku töluðu máli hef ég heyrt. Þú vilt skipuleggja allt í þaula í kringum þig og þar af leiðandi breytir það þína tilveru þegar fólk í kringum þig skilur ekki þessa skipulagstaktik þína og fattar ekki þegar það gerir vitleysur. Þessi mánuður og þetta ár er svo mikið betra en árið 2016, varðandi það hvernig þú tekur á hlutunum. Þú ert undir töfrakrafti ástarinnar svo að jafnvel hundarnir elta þig heim.


20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚTIVISTARVÖRUM
ÚT MÁNUDAG - Í KRINGLUNNI OG SMÁRALIND
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÓDÝRT OG GOTT KAFFI

1kg

**259** kr. 1 kg

**Bónus Kornbrauð**
1 kg

NÝBAKAÐ!

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

**198** kr. stk.

**Bónus Ostaslaufa**
120 g

**498** kr. 500 g

**BKI Kaffi**
Classic, 500 g

NÝTT Í BÓNUS

**239** kr. 200 g

**H-Berg Pipardöðlur**
200 g

NÝTT Í BÓNUS

**298** kr. 150 g

**H-Berg Piparmöndlur**
150 g

**259** kr. 55 g

**Barebells Próteinbar**
55 g, 3 tegundir

ENGIN KOLVETNI

**159** kr. 0,5 l

**Gatorade Íþróttadrykkur**
0,5 l, 2 tegundir

**159** kr. 500 ml

**Powerade Íþróttadrykkur**
500 ml

**249** kr. 330 ml

**Nocco BCAA Orkudrykkur**
330 ml, 4 teg.

**69** kr. 330 ml

**Egils Kristall**
330 ml, 2 teg.

Verð gildir til og með **5. mars** eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT

**898** kr. kg
**KS Lambabógur**
Frosinn

**1.198** kr. kg
**KS Lambalæri**
Frosið

**1.398** kr. kg
**SS Lambalæri**
Bláberjakryddlegið, ferskt

# GOTT VERÐ Í BÓNUS

ÓDÝR PIZZUVEISLA

**198** kr. 400 g
**Wewalka Pizzadeig**
Ferskt, 400 g

ÍSLENSKT PEPPERONI

**359** kr. 153 g
**Bónus Pepperoni**
153 g

**298** kr. 200 g
**Bónus Spínat**
200 g

**259** kr. 75 g
**Bónus Klettasalat**
Ítalskt, 75 g

**398** kr. 100 g
**Ítölsk Þurrskinka**
100 g

**198** kr. 237 g
**Bónus Samlokuskinka**
237 g

BÓNUS EKKERT BRUÐL



Tónlistarmaðurinn Weeknd hélt uppi stuðinu eftir sýninguna. NORDIC PHOTOS/GHETTY

# Breyttu tískupallinum í dansgólf

Glamour lét sig ekki vanta á sýningu H&M í París þar sem stuðið var allsráðandi. Eftir sýninguna steig Weeknd á svið og tók nokkur vel valin lög þannig að tískupallurinn breyttist í dansgólf.

Sænski fatarisinn Hennes&Mauritz tók yfir tískuvikuna í París í vikunni þegar sýnd var H&M Studio línan með pompi og prakt. Að þessu sinni var hún með svokölluðu „see now, buy now“ sniði, eða þannig að fatalínan var komin í flestar verslanir H&M daginn eftir sýningu.

Glamour var á staðnum þar sem meðal annarra þær Gigi og Bella Hadid, Amber Valletta og Winnie Harlow sýndu töffaralega sumarlínu þar sem svartur, hvítur og bleikur voru í aðalhlutverki og yfirskriftin var að elska lífið.

Sýningin endaði svo með tónlistaratriði frá sjálfum Weeknd, en fatalína frá honum er nýlent í verslunum H&M. Þar með breyttist tískusýningin í hressandi tónleika þar sem gestir dönsuðu út í frönsku nóttina. Partí hjá H&M sem kann svo sannarlega að halda eftirminnilega sýningu.



Bleikt var áberandi á sýningu H&M.



Fyrirsætan Winnie Harlow sló í gegn á tískupallinum hjá H&M.









Hluti línunnar er kominn í búðir nú þegar.





Gigi Hadid, Bella Hadid, Amber Valletta og Winnie Harlow voru meðal þeirra sem gengu tískupallinn.



GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

RISA

# LAGERSALA NTC

## HEFST Í DAG KL. 12:00 Í GLÆSIBÆ

(áður **Útilíf**)

**HERRA- OG DÖMUFATNAÐUR**

**JAKKAFÖT** - HERRASKYRTUR - STAKIR JAKKAR- **KJÓLAR** MIKIÐ ÚRVAL

**GALLABUXUR** - TOPPAR - **ÚLPUR** OG ULLARKÁPUR - FÍNNI BUXUR

**... RISASTÓR SKÓDEILD!**

ALLT AÐ **80%** AFSLÁTTUR

verð frá : **500 kr.**

Kultur

eva

GK REYKJAVIK

Kultur menn

KARAKTER KONUR

COMPANYS

galleri sautján

URBAN

AKKERI REYKJAVIK

focus

FLÓ & FRANSÍ

SMASH

gs skór

OPIÐ TIL KL. **19** Í DAG

... fylgstu með Facebook - **Lagersala NTC**

# LAGERSALA NTC

@ GLÆSIBÆR OPIÐ 3-19 MARS

**YFIR 100 VINSÆL VÖRUMERKI**

5 UNITS · carhartt · Herschel Supply Co. · CONVERSE · BY MALENE BIRGER · SAMSØE SAMSØE · billi bi COPENHAGEN · CHEAP MONDAY · MOSS REYKJAVIK · NIKE · J.LINDEBERG · Paul Smith

**Blekhylki.is**




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

ALUPROF GEZE



Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

Framúrskarandi fyrirtæki

JÁRN&GLER

Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

MOROCCANOIL



Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

**Úr einu fræi varð bylting.**

Moroccanoil hárvörumerkið er innblásið af ferskum vindum, bláma sjávarins og landslagsins í kringum Miðjarðarhafið.

Upphafið er sjálf Moroccanoil Treatment olían sem er góður grunnur fyrir hvaða hárgerð sem er. Einnig góð í krakka og skegg. Til að fá sem bestu næringarefnin er gott að setja hana alltaf í blautt hárið og blása það eða leyfa því að þorna eðlilega.



Regalo ehf Iceland

Olíurnar eru þrjár og nýjust er Blow Dry Concentrate sem hönnuð er fyrir gróft og erfitt hár. Moroccanoil Treatment hentar öllum hárgerðum og LIGHT fyrir fíngert og mikið ljóst hár.

**Vetrarþjónusta**

*mokstur, salt & sandur*

Það þarf líka að huga að garðinum á veturna og erum við hjá Garðlist ávallt til þjónustu reiðubúin. Við leggjum áherslu á að svara öllum fyrirspurnum og pöntunum samdægurs og höfum samband eftir að fagmenn okkar hafa lokið verki til að tryggja að allt sé eins og það á að vera. **Söltun, söndun og snjómokstur á bílastæðum, gangstéttum ofl.**

gardlist.is
554 1989
gardlist@gardlist.is
Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA




**Föstudags playlisti** Lífsins

# Hildur Kristín Stefánsdóttir

SÖNGKONA

Söngkonan Hildur sauð saman föstudagsplaylistann fyrir Lífið að þessu sinni. „Þetta er svona blanda af nýjum og gömlum stuðlögum úr öllum áttum sem eiga það sameiginlegt að láta manni líða eins og maður sé mjög töff," segir Hildur.

Föstudagslagalista Lífsins má einnig finna á Spotify undir notandanafninu Vísir.

PLAY FOLLOW

| LAG | FLYTJANDI |
|---|---|
| 1. Do it Right | Anne Marie |
| 2. Svona er þetta | Emmsjé Gauti |
| 3. On Hold | The XX |
| 4. Redbone | Childish Gambino |
| 5. Teardrops | Womack & Womack |
| 6. Kalla mig hvað? | Reykjavíkurdætur |
| 7. Selfish | Future & Rihanna |
| 8. You | Gold Panda |
| 9. Our Love Will Survive | Wild Belle |
| 10. Simply the Best | Tina Turner |



**Birnir Sigurðarson byrjar með látum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Erfitt að ná í Birni

Rapparinn **Birnir Sigurðarson** gefur út sitt fyrsta lag og myndband í dag en lagið fjallar um hversu erfitt það getur verið að ná í Birni. Í myndbandinu má sjá þá Sturlu Atlas og Aron Can klædda í jakkaföt.

Ég er úr 200 Kópavogi, ég átti samt heima í 101, bara á Hallveigarstíg bak við Prikið, þangað til að ég var átta ára. Ég byrjaði að rappa þegar ég flutti í Kópavoginn og þá bara með vinum mínum í partíum og svona, var líka að skrifa texta – síðan var það líklega í 10. bekk sem ég var byrjaður að klára að skrifa lög. En ég hef ekkert mikið verið að rappa opinberlega síðan fyrir svona einu og hálfu ári," segir rapparinn Birnir sem gefur í dag út sitt fyrsta lag og myndband á vegum Sticky Records. Í myndbandinu má sjá kunnugleg andlit, en þar eru þeir Jóhann Kristófer Stefánsson og Sturla Atlas úr 101 boys auk Arons Can. Jóhann Kristófer sá um að leikstýra myndbandinu ásamt því að leika í því. Þannig að það eru engir aukvisar sem koma að þessum fyrstu sporum Birnis í rappheiminum.

Sticky Records er plötufyrirtæki Priksins þannig það má kannski segja að Birnir sé komin aftur á fæðingarslóðir sínar. Þó er það Kópavogurinn sem hefur haft hvað mest áhrif á rappferil hans.

„Ég kem úr sama hverfi og Erpur, hann var í grunnskólanum mínum. Ég var alltaf mjög mikið að rappa um hverfið mitt, Hamraborgina og svona.

Ég hef líka mikið verið með Herra Hnetusmjöri. Ég byrjaði að spila með honum og Joe Fraizer, fyrir löngu – alveg þremur árum síðan. Við fórum og tókum gigg á Selfossi þá aðeins búnir að gera eitt lag saman, sem svo varð ekkert úr. En við höfum oft spilað show saman – ég, Herra Hnetusmjör, Joe Fraizer og DJ Spegill. Þetta byrjaði þannig.

Síðan var það hann Geoffrey hjá Sticky Records sem hafði samband því hann hafði heyrt lög með mér og sagði mér frá Sticky hugmyndinni og bað mig um að gera eitthvað með þeim – ég var 100% til í það því að mér fannst það frábær hugmynd sem gæti keyrt kúltúrinn áfram, miklu lengra en hann hefur komist hingað til. Ef ég, nýr artisti, gæti gefið eitthvað út hjá Sticky sem væri lögð vinna í þá myndi það vonandi verða innblástur fyrir aðra artista að klára dótið sitt og gefa út."

Lagið Sama tíma fæddist í stúdíóinu einn daginn. „Ég fór að raula: „Þú vildir hitta á mig en þú veist aldrei hvar ég er." Fólk er nefnilega búið að vera að tala um hvað það er alltaf erfitt að ná í mig og ég gerði í raun og veru bara lag í kringum það," segir Birnir um tilurð lagsins, en blaðamaður getur staðfest að það var svolítið bras að ná í hann.

Birnir stefnir á að gefa út annað myndband í mánuðinum og er að vinna að plötu.

„Ég er líka að vinna með öðrum artistum í tónlistarheiminum sem eru svona á mínum aldri og eru þekktir – ég ætla samt ekkert að segja nöfnin á þeim, það kemur bara í ljós," segir hann dularfullur að lokum. **stefanthor@frettabldid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


VETRARHVELLUR
ELLINGSEN
Columbia
Columbia
50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VETRARFATNAÐI 1-6 MARS
MIKIÐ ÚRVAL AF ÚLPUM-SKÓM-HÚFUM OG VETTLINGUM
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500
SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS
TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Maríu Bjarnadóttur




## Fá dómstólar „grá fiðringinn“?

Grái fiðringurinn“ hefur verið tengdur við miðaldra menn sem kaupa sér kraftmikil tæki, skipta jakkafötum út fyrir spandexgalla og skilja við konuna sína til þess að byrja með annarri yngri.

Nú er ég ekki að segja að breska dómskerfið sé með gráa fiðringinn. En samt er það þannig að nýlega voru búningar dómara sem dæma í einkamálum endurhannaðir svo að dómarar þurfa ekki lengur að vera með hvíta hárkollu úr hrosshári á vinnutíma.

Yfirvofandi tæknivæðing dómskerfisins breska er síðan svolítið eins og að selja fjölskyldubílinn með stóra skottinu og kaupa tveggja dyra Ferrari. Öll skjöl eiga að verða rafræn og aldagömul hefð litaðra borða utan um dómskjöl rofin. Í dómskerfinu hafa þegar verið teknir í gagnið algóriþmar sem taka ákvarðanir um saksókn og dæma í minniháttar málum eins og umferðarlagabrotum. Enginn pappír, bara gagnaský!

Markmiðið er að öll meðferð dómsmála fari fram þar sem fólk er, það þurfi ekki í dómhúsið, heldur geti bara skráð sig inn á dómstólaappið í símanum sínum og gefið skýrslu í matarhléinu sínu á meðan dómarinn fylgist með í gegnum sína tölvu og getur nýtt tímann í spinningsprett á meðan.

En þetta er ekki allt. Nú hefur hæstiréttur í Englandi gefið það út að hann sé of hvítur, miðaldra, ríkur og karlkyns og þurfi að breytast og samanstanda af fjölbreyttari hópi. Er til meiri sjálfsmyndarkrísa? Á næstu árum fara þrír dómarar á eftirlaun og dómarar kalla eftir því að skipan nýrra dómara verði með fjölbreytni að leiðarljósi.

Sem sagt: Nýtt útlit, tækni og fjölbreyttari dómarar. Ætli íslenskir dómstólar geti lent í þessu?


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

BÓKA MARKAÐURINN
LAUGARDALSVELLI
24. FEBRÚAR TIL 12. MARS
OPIÐ FRÁ: KL. 10 – 21 ÖLL KVÖLD





TEMPUR® ORIGINAL TEMPUR® CLOUD TEMPUR® SENSATION





TEMPUR®

RÝMINGARSALA

VIÐ RÝMUM FYRIR NÝJUM GERÐUM AF
TEMPUR DÝNUM OG SELJUM
ELDRI GERÐIR ÞVÍ MEÐ

30–50%
AFSLÆTTI

TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK